Helga Jóna Eiríksdóttir

# Embættisfærslur sýslumanna á 19. öld

## Skjalfræðileg rannsókn á embættisfærslum sýslumanna Ísafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Snæfellsnessýslu



Rit Þjóðskjalasafns Íslands
Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum

Helga Jóna Eiríksdóttir

# Embættisfærslur sýslumanna á 19. öld

## Skjalfræðileg rannsókn á embættisfærslum sýslumanna Ísafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Snæfellsnessýslu

Þjóðskjalasafn Íslands
Ágúst 2015

Rit Þjóðskjalasafns Íslands.
**Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum.**

*Embættisfærslur sýslumanna á 19. öld.*
*Skjalfræðileg rannsókn á embættisfærslum sýslumanna Ísafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Snæfellsnessýslu.*

© 2015 Þjóðskjalasafn Íslands / Helga Jóna Eiríksdóttir.
ISSN 2298-5972

**Útgefandi:**
Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ritstjóri:**
Kristjana Kristinsdóttir.

**Höfundur:**
Helga Jóna Eiríksdóttir.

## Efnisyfirlit

Inngangur ..... 4

Verkefni sýslumanna ..... 7

Skjalaflokkar sýslumanna ..... 13

A – Bréfadagbækur ..... 13

Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ..... 14

Sýslumaður Rangárvallasýslu ..... 15

Sýslumaður Snæfellsnessýslu ..... 16

*Dæmi*: Bréfadagbók sýslumannsins í Rangárvallasýslu 1860-1864 ..... 17

B - Bréf ..... 21

Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ..... 21

*Dæmi*: Bréf frá Páli Melsteð amtmanni vesturamts til Þorláks Stefáns Blöndahl 22. apríl 1858 um að taka að sér embætti sýslumanns í Ísafjarðarsýslu. ..... 25

Sýslumaður Rangárvallasýslu ..... 27

*Dæmi*: Bréf til Bonnesen sýslumanns í Rangárvallasýslu 6. desember 1823 um að útvega veitingabréf fyrir ómaga. ..... 30

Sýslumaður Snæfellsnessýslu ..... 32

Dæmi: Bréf frá Harald Clausen sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu til Præben Böving sýslumanns Snæfellsnessýslu varðandi fátækraflutning, 27. janúar 1869. ..... 34

C - Bréfabækur ..... 37

Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ..... 37

Dæmi: Bréfabók 1854 – 1858 sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu. ..... 41

Sýslumaður Rangárvallasýslu ..... 43

Dæmi: Bréfabók 1848 – 1851 sýslumannsins í Rangárvallasýslu. ..... 45

Sýslumaður Snæfellsnessýslu ..... 48

Dæmi: Bréfabók 1889-1894 sýslumannsins í Snæfellsnessýslu. ..... 52

D - Afsals- og veðmálabækur ..... 54

DA – Veðbókaskrár – dagbækur ..... 54

Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ..... 54

Sýslumaður Rangárvallasýslu ..... 57

Sýslumaður Snæfellsnessýslu ..... 58

Dæmi: Afsals- og veðmálaskrá I. No 1. Hokinsdalur. ..... 60

DB – Afsals- og veðmálabækur ... 61
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu ... 62
Sýslumaður Rangárvallasýslu ... 67
Sýslumaður Snæfellsnessýslu ... 70
Dæmi: Afsals- og veðmálabók Snæfellsnessýslu, nr. 6, 1883 – 1890. Færsla nr. 6, 1884. ... 75
DC – Landamerkjabækur ... 77
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ... 77
Sýslumaður Rangárvallasýslu ... 78
Sýslumaður Snæfellsnessýslu ... 80
Dæmi: Landamerki nr. 22. Selsund, Rangárvallahreppi. 22. apríl 1886. ... 82
DD – Þinglýsingarskjöl ... 84
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ... 84
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu ... 85
Sýslumaður Snæfellsnessýslu ... 87
Dæmi: Beiðni um þinglýsingu á kaupmála og gjafabréfi 15. júní 1896 ... 89
E – Einkamál ... 91
EC1 – Uppboðsbækur uppboðsréttar ... 91
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ... 91
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu ... 94
Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu ... 96
Dæmi: Uppboðsbók Snæfellsnessýslu 1844-1854. Uppboð á konungsjörðinni Búðum ... 98
EC2 – Fylgiskjöl ... 100
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu ... 100
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu ... 101
Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu ... 102
Dæmi: Uppboðsskilmálar fyrir uppboð á konungsjörðinni Búðum, 20. maí 1845. ... 103
ED1 – Skiptabækur skiptaréttar ... 105
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu ... 106
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu ... 109
Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu ... 112
Dæmi: Skiptabók Ísafjarðarsýslu 1855-1860. Skipti á dánarbúi Ólafs Guðmundssonar 3. maí 1856. ... 114

ED2 – Fylgiskjöl ..... 119
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu ..... 119
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu ..... 120
Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu ..... 121
Dæmi: Fylgiskjöl skiptaréttar. Uppskrift á dánarbúi Ólafs Guðmundssonar 7. janúar 1856. ..... 123
G - Réttarbækur – opinber- og einkamál ..... 127
GA – Dóma- og þingbækur ..... 127
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ..... 127
Sýslumaður Rangárvallasýslu ..... 129
Sýslumaður Snæfellsnessýslu ..... 134
Dæmi: Dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu. Aukaþing 17. september 1849. ..... 137
GB – Fylgiskjöl dóma- og þingbóka ..... 139
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu ..... 140
Sýslumaður Rangárvallasýslu ..... 140
Sýslumaður Snæfellsnessýslu ..... 142
Dæmi: Sýslumaður Ísafjarðarsýslu stefnir Þorsteini Snæbjörnssyni og Guðríði Eiríksdóttur á þingstað, 17. september 1849. ..... 143
Niðurstöður ..... 145
Um skjalasöfnin ..... 145
Um verklag ..... 149
Embættisfærsla sýslumanna ..... 151
Viðauki I – Erindisbréf Guðmundar Sigurðssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu gefið út af Lafrentz amtmanni, 15. febrúar 1739 ..... 155
Viðauki II – Listi yfir sýslumenn á 19. öld ..... 163
Sýslumenn Ísafjarðarsýslu ..... 163
Sýslumenn Rangárvallasýslu ..... 163
Sýslumenn Snæfellsnessýslu ..... 164
Heimildaskrá ..... 165
Óprentaðar heimildir ..... 165
Óbirt handrit ..... 172
Prentaðar heimildir ..... 172
Vefheimildir [Vef] ..... 174

## Inngangur

Sýslumenn hafa margoft áður verið til umfjöllunar í sagnfræðilegum rannsóknum en hér verður reynt að varpa ljósi á sýslumenn og verkefni þeirra út frá skjalasöfnum þeirra. Verkefnið er skjalfræðileg greining á skjalasöfnum sýslumanna sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands og embættisfærslu þeirra á 19. öld en sú aðferðafræði hefur ekki mikið verið notuð hér á landi við rannsóknir. Skjalfræðileg greining byggir á greiningu frumheimilda til að kanna einkenni heimildarinnar og uppbyggingu út frá upprunareglu sem er grunnvinnuregla við skjalavörslu. Upprunareglan er þekkt allt frá fyrri hluta 19. aldar þegar fallið var frá röðun skjalasafna eftir efnisflokkum sökum erfiðleika sem slík röðun skjalanna skapaði við leit í skjalasöfnum og gerði bréfadagbækur og aðrar hjálparskrár sem skjalamyndari hafði gert ónothæfar. Af þeim sökum var farið að efast um réttmæti slíkrar endurflokkunar skjalasafna og ný sjónarmið ruddu sér til rúms.[1]

Upprunareglan felur þannig í sér að hverju skjalasafni skal haldið fyrir sig og varðveitt sem afmörkuð heild. Þá skal einnig virða innri röðun skjala í hverju skjalasafni og líta á skjal sem hluta af stærri einingu. Með hliðsjón af upprunareglunni skiptast skjalasöfn upp í skjalaflokka sem endurspegla verkefni þess sem skjalasafnið myndaði. Reglan er ekki aðeins mikilvæg hvað röðun skjala varðar heldur einnig er hún notuð til að lýsa skjalasöfnum. „Sé uppruni (próveníens) skjalagagns ljós er hægara að leggja mat á gildi þess.“[2] Af því leiðir að við skjalfræðilega greiningu á skjalasafni er hver skjalaflokkur skoðaður og rannsakað hver var tilurð þess að skjölin urðu til, hver er uppbygging skjalaflokksins og skjalanna, hver eru helstu einkenni skjalaflokksins og skjalanna og hvert innihaldið er.

Til að afmarka verkefnið bæði í tíma og rúmi verður hér fjallað um embættisfærslu sýslumanna Ísafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Snæfellsnessýslu á 19. öld. Ástæða fyrir valinu á þessum sýslum er að skjalasöfn sýslumanna þeirra hafa varðveist nokkuð heillega og þykja ágætt sýnishorn af dæmigerðum skjalasöfnum sýslumanna. Til þess að unnt sé að fá nokkuð heilstæða mynd af því hvort embættisfærslan og skjölin sem til umfjöllunar verða endurspegli almenn vinnubrögð sýslumanna þótt nauðsynlegt að hafa samanburð af a.m.k. þremur sýslum. Skjalaflokkarnir sem eru hér til umfjöllunar varpa líklega hvað mestu ljósi á skyldur og verkefni sýslumanna á 19. öld. Það eru bréfadagbækur og bréfasöfn þeirra, bréfabækur, réttarbækur, s.s. afsals- og veðmálabækur, landamerkjabækur, skiptabækur, uppboðsbækur og dóma- og þingbækur ásamt fylgiskjölum. Aðrir skjalaflokkar í söfnunum

---

[1] Sveinbjörn Rafnsson. *Skrift, skjöl og skjalasöfn*. Bls. 66.
[2] Sveinbjörn Rafnsson. *Skrift, skjöl og skjalasöfn*. Bls. 67.

innihalda einnig skjöl frá 19. öld en þeir eru brotakenndari og ekki varðveittir í öllum sýslum.

Í þessu verkefni er 19. öldin undir og er það vegna þess að miðað við hvað varðveist hefur virðist upphaf 19. aldar marka eins konar vitundarvakningu sýslumanna í skjalavörslu og varðveislu embættisbóka sinna. Við uppbyggingu verkefnisins var notast við þá aðferðafræði sem Danir hafa notað við rannsókn skjalfræðilega heimildir sínar. Skjalfræðileg greining á mismunandi tegundum skjala danskrar stjórnsýslu hefur komið út í fimm bindum og í síðasta bindinu, *Nordatlanten og Troperne*, er meðal annars umfjöllun um heimildir úr íslenskri stjórnsýslu, s.s. manntöl og manntalsgjöld.[3] Í bókaflokknum er notuð sú aðferð að hver heimild er í fyrsta lagi skilgreind í upphafi, henni er lýst og hún sett í sögulegt samhengi. Í öðru lagi er tekið dæmi um heimild og hún skrifuð upp orð- og stafrétt. Í þriðja lagi er umfjöllun um heimildina og hún útskýrð nánar ef þörf er á, t.d. með orðskýringum. Í fjórða lagi er fjallað um lagagrundvöll heimildarinnar hvers konar og í fimmta lagi er fjallað um notkunarmöguleika heimildarinnar til rannsókna.[4]

Verkefnið byggir á þessari aðferðafræði og er umfjölluninni skipt eftir þeim skjalaflokkum sem mynda skjalasöfn sýslumanna. Um hvern skjalaflokk er fyrst almenn umfjöllun þar sem innihaldi hans og einkennum skjalanna er lýst en því næst kemur lýsing á skjalaflokknum eftir sýslum. Sýslurnar koma alltaf fyrir í stafrófsröð, Ísafjarðarsýsla fyrst, þá Rangárvallasýsla og loks Snæfellsnessýsla. Þannig er reynt að fá fram hvað er líkt og ólíkt með skjölunum og embættisfærslu sýslumanna milli sýslna. Í lok umfjöllunar um skjalaflokkinn er tekið dæmi um skjal sem er lýsandi fyrir hann og skjalið útskýrt. Í hverjum skjalaflokki er tekið eitt dæmi um skjal fyrir utan skjalaflokka B – Bréf og C – Bréfabækur en þá er tekið dæmi úr hverri sýslu. Er það gert þar sem þessi tveir skjalaflokkar innihalda margbreytileg skjöl sem varpa ljósi á fjölbreytt verkefni sýslumanna. Með dæminu er tilvísun í lagagrundvöll heimildarinnar og nefnd eru dæmi um notkunarmöguleika skjalsins.

Þessi rannsóknaraðferð hefur ekki verið mikið notuð hérlendis eins og áður segir enda hafa sagnfræðingar heldur einbeitt sér að efni skjalanna en skjölunum sjálfum. Þjóðskjalasafn Íslands hefur þó staðið fyrir slíkum skjalfræðilegum rannsóknum og má nefna rannsóknir Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur á skjölum og embættisfærslu annars vegar landfógeta 1873-1904 og hins vegar amtmanna 1770-1904 og amtsráða 1875-1907 sem og

[3] *Nordatlanten og Troperne.* Bls. 236-244.
[4] *Nordatlanten og Troperne.* Bls. 15-16.

rannsókn Nönnu Þorbjargar Lárusdóttur á skjalasafni amtmanns yfir landinu öllu 1688 – 1770.[5]

Áður en greining á skjölum og embættisfærslu sýslumanna er rakin verður farið stuttlega yfir sögu sýslumannsembætta og helstu verkefni þeirra skoðuð út frá lagagrundvelli þeirra og veitingarbréfum. Þannig verður reynt að varpa ljósi á tilurð þeirra skjala sem varðveitt eru í sýsluskjalasöfnum ásamt því að setja embættisfærslu sýslumanna í samhengi við lagaumhverfi síns tíma. Í viðauka með ritgerðinni er að finna uppskrift af veitingarbréfi Guðmundar Sigurðssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu frá 1739. Fá veitingabréf sýslumanna hafa varðveist og þetta tiltekna bréf hefur ekki birst áður á prenti. Með rannsókn þessari verður reynt að varpa ljósi á af hverju sýslumenn héldu þær skjalagerðir sem hér verður fjallað um og reynt að sýna fram á hvernig embættisfærsla þeirra endurspeglar lagaumhverfið sem gilti í íslenskri stjórnsýslu á 19. öld. Í niðurstöðum verða sýslurnar bornar saman með tilliti til umfangs varðveittra skjala og ástands skjalasafns ásamt heilleika þeirra og mat lagt á verklag sýslumanna við embættisfærsluna.

[5] *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907.* *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla landshöfðingja á Íslandi 1873 til 1904.* *Vef.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir. *Skjalasafn amtmanns yfir landinu öllu 1688-1770.* Sjá umfjöllun um aðferðafræði verkefnanna á vef Þjóðskjalasafns Íslands. Vefslóð: http://skjalasafn.is/rannsoknir.

## Verkefni sýslumanna

Margt hefur áður verið skrifað um sögu sýslumanna og má þar m.a. nefna greinar Hjálmars Vilhjálmssonar *Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu 1264-1732,* Axels Kristinssonar *Embættismenn konungs fyrir 1400* og Steingríms Gauta Kristjánssonar *Sýslumenn og framtíðarskipan umboðsstjórnar,* ásamt bók Haralds Gustafssonar *Mellan kung och allmoge.* Að auki má nefna umfjöllun um verkefni sýslumanna í útgáfunni *Til merkis mitt nafn* sem Már Jónsson tók saman.[6] Sýslumannsembættið á Íslandi á sér langa sögu eða allt frá 1271 þegar þingfararbálkur Járnsíðu var lögfestur, en þá var orðið „valdsmaður" notað yfir sýslumenn.[7] Þegar Jónsbók var lögtekin árið 1281 er heitið „sýslumaður" notað yfir embættið og voru verkefni sýslumanna þá orðin skýrari og lögfest. Samkvæmt Jónsbók voru helstu verkefni sýslumanna að skýra mönnum á leið sinni frá þingi hvað gerst hafði á alþingi[8], innheimta fjársektir fyrir ýmis brot[9], gæta fanga og færa á þing[10], stefna mönnum fyrir lögbrot og standa fyrir prófum í málum[11] ásamt því að lýsa menn í útlegð.[12] Þá höfðu þeir einnig heimild til að gera góss skuldugra lausamanna upptækt[13] og staðfesta skjalfesta gjörninga manna með innsigli sínu.[14] Þannig voru sýslumenn orðnir reglubundnir embættismenn konungs og störfuðu í umboði hans eða hirðstjóra við stjórnsýslustörf í anda Jónsbókar, réttarbóta og annarra konungsboða.

Á næstu öldum komu fram ýmsar réttarbætur og konungsúrskurðir sem skilgreindu verkefni sýslumanna nánar. Þar má nefna tilmæli í Lönguréttarbót frá 1450 þar sem sýslumönnum ásamt hirðstjórum og lögmönnum bar að halda uppi lögum og tryggja réttindi almennings af heilindum en fram kemur í tilmælunum að skyldu þeir ekki hlífa „aunguann mann til hvorki fyrir gjafer, mutur, vinattu, frændsemi edur sifskap."[15] Sýslumenn höfðu ekki dómsvald samkvæmt Jónsbók og hefur hlutverk þeirra helst verið að tryggja framgang dómsýslunnar og sjá um refsifullnustu en að öðru leyti skyldu þeir „retten betjene og administrere" eins og segir í konungstilskipun frá 1622.[16] Framan af hafa því

---

[6] Hjálmar Vilhjálmsson. „Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu 1264-1732". Bls. 1-44. Axel Kristinsson. „Embættismenn konungs fyrir 1400." Bls. 113-152. Steingrímur Gauti Kristjánsson. „Sýslumenn og framtíðarskipan umboðsstjórnar". Bls. 8-61. Harald Gustafsson. *Mellan kung och allmoge. Til merkis mitt nafn. [Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729].*

[7] *Járnsíða eðr Hákonarbók*. Bls. 2.

[8] *Jónsbók*. Sjá til dæmis bls. 86.

[9] *Jónsbók*. Sjá til dæmis bls. 85 og 105.

[10] *Jónsbók*. Sjá til dæmis bls. 106 og 110.

[11] *Jónsbók*. Sjá til dæmis bls. 254.

[12] *Jónsbók*. Sjá til dæmis bls. 103.

[13] *Jónsbók*. Sjá til dæmis bls. 214.

[14] *Jónsbók*. Sjá til dæmis bls. 217.

[15] *ID*. V. Bls. 64.

[16] *Lovsamling for Island*. I. Bls. 210.

sýslumenn verið eins konar innheimtu- og eftirlitsmenn ásamt því að hafa framkvæmdarvald í minni málum.

Í veitingarbréfum fyrir sýslur eru helstu verkefni sýslumanna upptalin og í sýslubréfi Torfa Jónssonar fyrir veitingu Rangárþings frá 25. júní 1504 kemur fram að Torfi skyldi „avll mal smærre og stærri sekt og sækia og saker a gefa so og sætta og semia og nidursetja fyrir sig stefna. prof a ad taka. doma yfer nefna. skal hann mins herra kongsins jarder bygia og bæla j greindu takmarke og landskyllder upp bera og viseyre saman taka eda taka lata vnder fyllan reikningskap vid kongdomin og mic.“[17] Nokkuð samhljóða þessu er einnig sýslubréf Þorsteins Finnbogasonar fyrir Vaðlaþingi frá 1. júlí 1507 og í báðum tilfellum var það hirðstjóri konungs sem veitti sýslurnar.[18] Á þessum tíma var það yfirleitt hirðstjóri eða höfuðsmaður sem veitti sýslurnar en eftir einveldistökuna 1662 tók konungur veitingarvaldið til sín.[19] Með þeirri breytingu styrktust tengsl sýslumanna við konungsvaldið og eftirlit með embættisfærslu þeirra varð skilvirkara.

Réttarfar Norsku laga Kristjáns V var innleitt hér á landi með erindisbréfi Niels Fuhrmann amtmanns frá 1718. Þau fyrirmæli um að réttarmálefni Íslands skuli fara eftir Norsku lögum voru staðfest og ítrekuð í erindisbréfi stiftamtmanns frá 27. apríl 1720.[20] Þetta hafði m.a. þá breytingu í för með sér að í stað nefndardóma, skyldu sýslumenn dæma einir í opinberum og einkamálum í héraði, en með átta meðdómendum í lífláts- og ærumissismálum.[21] Þrátt fyrir það virðist sjálfstæði sýslumanna í embættisfærslunni þó fara þverrandi en í skipunarbréfi frá 1721 segir að sýslumaður skuli „troelig og flittig effterleve den instrux som hannem af vores amtmand udi Island givet vorder“.[22] Niels Fuhrmann amtmaður mun hafa sent uppkast að erindisbréfi til rentukammers árið 1722 sem sendi uppkastið áfram til Árna Magnússonar til umsagnar. Harald Gustafsson hefur borið það saman við fimm 18. aldar bréf sem varðveist hafa en þetta uppkast mun hafa legið til grundvallar fyrir síðari erindisbréf sýslumanna.[23]

Helstu verkefni sýslumanna samkvæmt erindisbréfum þeirra á 18. öld voru aðallega að gæta fjárhagslegra hagsmuna konungs í héraði. Amtmenn höfðu eftirlit með sýslumönnum og áttu að tryggja að sýslumenn greiddu gjöld sín ásamt því að yfirfara

---

[17] *ID.*VII. Bls. 696.
[18] *ID.* VIII. Bls. 153.
[19] Einar Laxness. *Íslandssaga III.* Bls. 85.
[20] *Lovsamling for Island.* I. Bls. 782.
[21] Steingrímur Gauti Kristjánsson. „Sýslumenn og framtíðarskipan umboðsstjórnar“. Bls. 17.
[22] Harald Gustafsson. *Mellan kung och allmoge.* Bls. 52.
[23] Harald Gustafsson. *Mellan kung och allmoge.* Bls. 52. Í neðanmálsgrein tekur Harald fram hvaða bréf þetta eru sem hann hefur borið saman. Eru það erindisbréf Sigurðar Sigurðssonar fyrir Árnessýslu 1724, Teits Arasonar fyrir Barðastrandasýslu og Einars Margnússonar fyrir Strandasýslu 1728, Magnúsar Ketilssonar fyrir Dalasýslu frá 1754 og Jóns Jakobssonar fyrir Eyjafjarðasýslu 1768.

þingbækur sýslumanna árlega á Alþingi. Þá skyldu sýslumenn hafa eftirlit með verslun og að hún færi löglega fram, líta eftir að enginn ferðaðist án tilskyldra leyfa og tryggja gott ástand vega í landinu.[24] Erindisbréf Guðmundar Sigurðssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu frá 1739 er ekki eitt þeirra bréfa sem Harald Gustafsson hefur rannsakað og má sjá uppskrift af því í *viðauka I.* Í erindisbréfi Guðmundar er eftirlit með eignum og réttindum konungs í fyrrirúmi og til að standa á því skil bar sýslumanni að senda amtmanni og landfógeta árlega skýrslur og reikninga.[25] Meðal annars skyldi hann senda amtmanni hagskýrslur, s.s. um ástand fiskveiða og stuðla að aukningu þeirra, stuðla að uppbyggingu eyðijarða og hefta ofnýtingu skóga og kjarrs.[26] Í erindisbréfinu kemur skýrt fram að honum bar að búa í sýslunni og sinna skyldum sínum í eigin persónu í stað þess að veita öðrum umboð sitt.[27]

Þær greinar erindisbréfs Guðmundar sem eru hvað áhugaverðastar út frá skjalfræðilegu sjónarmiði fjalla um skyldur sýslumanns til skjalavörslu. Í sjöttu grein kemur fram að sýslumaður skyldi halda „Jgiennem dragen Nummerered og af Amtmanden forsegled Bog, Som til Skatte og Mandtals bog Skal bruges“.[28] Amtmaður skyldi löggilda bókina fyrir notkun og vera notuð sem manntals- og gjaldabók sem sýslumaður skyldi færa inn upplýsingar um skatta, gjafatolla og tíund ásamt greiðslu þeirra. Um aðrar bækur sýslumanns er fjallað um í 22. grein en þar segir að hann skuli útvega sér gegnumdregna og innsiglaða bók „hvor udi hand med fliid og troeskab, haver at indteigne alle Domme, Afsigter, Tings-Vidne, Pant og Skiöde, Mageskifte og gavebreve, Maningsbreve, og Andre Rettens forhandlinger, Saa og alt hvis ellers til Tinge og for Retten forefalder, saa vidt efter loven Skee bör.“[29] Í greininni virðast ekki vera gerðar kröfur til þess að þessar bækur skuli vera aðskildar en aðeins segir að sýslumaður skuli útvega sér „forseigled herretstings Protocol“ og í hana skuli uppskrifaðir allir dómar, vitnisburðir, afsöl og veð, makaskipta- og gjafabréf og aðrir gjörningar réttarins. Þó kemur fram í lok greinarinnar að þær ættu að vera fullskrifaðar á um þremur til fjórum árum.

Erindisbréfin virðast ekki taka miklum breytingum gegnum árin en þau verða þó ítarlegri og í erindisbréfi sýslumannsins í Barðastrandasýslu frá 12. júní 1789 er orðalag orðið ákveðnara varðandi löggiltu bækurnar sem honum bar að halda en í 17. greininni

---

[24] Harald Gustafsson. „Islands administrasjon på 1700-talet“. Bls. 157.

[25] *ÞÍ.* Stiftamtmaður. III, nr. 191. A.150,4. Erindisbréf Guðmundar Sigurðssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu gefið út af Lafrentz amtmanni, 15. febrúar 1739. Sjá til dæmis greinar 1-4. Sjá Viðauka I.

[26] *ÞÍ.* Stiftamtmaður. III, nr. 191. A.150,4. Erindisbréf Guðmundar Sigurðssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu gefið út af Lafrentz amtmanni, 15. febrúar 1739. Sjá greinar 8-12. Sjá Viðauka I.

[27] *ÞÍ.* Stiftamtmaður. III, nr. 191. A.150,4. Erindisbréf Guðmundar Sigurðssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu gefið út af Lafrentz amtmanni, 15. febrúar 1739. Sjá grein 13. Sjá Viðauka I.

[28] *ÞÍ.* Stiftamtmaður. III, nr. 191. A.150,4. Erindisbréf Guðmundar Sigurðssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu gefið út af Lafrentz amtmanni, 15. febrúar 1739. Sjá grein 6. Sjá Viðauka I.

[29] *ÞÍ.* Stiftamtmaður. III, nr. 191. A.150,4. Erindisbréf Guðmundar Sigurðssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu gefið út af Lafrentz amtmanni, 15. febrúar 1739. Sjá grein 22. Sjá Viðauka I.

segir að hann skuli útvega sér gegnumdregna dóma- og þingbók löggilta af amtmanni þar sem hann skuli færa inn alla dóma, vitnisburði og yfirheyrslur. Þá átti hann einnig að halda sérstaka afsals- og veðmálabók þar sem færa átti inn öll makaskiptabréf, skuldbindingar og gjafabréf sem fyrir réttinn voru lögð.[30] Að sama skapi átti hann að halda sérstaka skatta- og manntalsbók þar sem gerð væru skil á greiðslu tíundar, gjafatolls og annarra löglegra skatta.[31] Árlega á Alþingi átti sýslumaður ennfremur að afhenda amtmanni bækur sínar til skoðunar „som han ifölge Loven og denne Instruction bör holde, da Amtmanden tilkommer med deres ordentlige Förelse at have nöie Indseende.“[32]

Í erindisbréfinu er lögð áhersla á að sýslumaður fylgi Norsku lögum við erfðaskipti og bar honum að senda amtmanni skýrslu árlega yfir bæði lokin og ólokin skipti það árið í samræmi við skema sem Kansellíið gaf út með tilskipun 5. apríl 1788 en í þeirri tilskipun má sjá forprentað skýrsluform til leiðbeiningar fyrir sýslumenn.[33] Það er því ekki óþekkt fyrirkomulag að reynt væri að samræma embættisfærslu sýslumanna þegar komið er fram á 19. öldina. Virðist það aðallega hafa verið gert í með almennum tilskipunum þar sem ekki hafa fundist erindisbréf sýslumanna frá 19. öld og virðist síðasta erindisbréfið vera fyrir veitingu Barðastrandarsýslu árið 1789.

Undir lok 18. aldar má sjá vaxandi áhrif ríkisvaldsins í sveitum landsins en með tilskipun frá 1781 fengu sýslumenn dómsvald í ýmsum smærri málum sem ekki var hægt að áfrýja. Var það gert til að greiða fyrir málsmeðferð í málum sem vörðuðu m.a. fátækraframfærslu, deilur um tíundir og ágreining milli jarðeiganda og leiguliða. Tilskipunin hafði einnig þau áhrif að hreppstjórar voru nú orðnir tengdari stjórnsýslunni sem undirmenn sýslumanna.[34] Sjálfstjórn hreppanna var formlega afnumin 1809 þegar hreppstjórar fengu sérstakt erindisbréf fyrir embætti sínu líkt og sýslumenn. Í tilskipuninni frá 1809 kemur fram að helstu verkefni hreppstjóra voru m.a. að vera sýslumanni innan handar, upplýsa hann um óspektir og önnur lögbrot, senda sýslumanni reikninga og bókhald hreppsins og skila skýrslum um landshagi, s.s. verðlagsskýrslur o.fl. Að auki skyldu þeir sinna ýmsum umboðsstörfum fyrir sýslumenn, s.s. annast birtingu dóma, löggæslu, annast uppskriftir á búum, halda minniháttar uppboð og annast úttektar- og virðingargerðir fyrir hönd sýslumanna.[35]

---

[30] *Lovsamling for Island.* V. Bls. 628-629.
[31] *Lovsamling for Island.* V. Bls. 629. 19. grein.
[32] *Lovsamling for Island.* V. Bls. 630. 21. grein.
[33] *Lovsamling for Island.* V. Bls. 518.
[34] Harald Gustafsson. „Stjórnsýsla“. Bls. 50.
[35] *Lovsamling for Island.* VII. Bls. 305-340.

Af þessu má ráða að skjalavarsla verður sívaxandi hluti af verkefnum embættismanna þegar komið er undir lok 18. aldar. Bæði eru þar skyldur sýslumanna til að halda ákveðnar bækur ásamt allri þeirri skýrslugerð sem hreppstjórum er gert að skila til sýslumanna og þeim skýrslum sem sýslumönnum bar að senda áfram til amtmanna til upplýsingar um hin ýmsu málefni sýslunnar. Þrátt fyrir að sýslumannsembættið eigi sér langa sögu eru varðveitt skjalasöfn þeirra tiltölulega ung en þorri þeirra skjalaflokka sem varðveist hafa eru frá 19. öld og aðeins örfáir skjalaflokkar innihalda skjöl og bækur frá 17. og 18. öld. Líklega útskýrist hversu lítið af skjölum hefur varðveist fyrir þennan tíma af því að embættin höfðu ekki fast aðsetur fyrstu aldirnar og í raun skapast ekki aðstæður til varðveislu skjala embættanna fyrr en sýslumönnum var gert að hafa fast aðsetur í sýslunum með konungsúrskurði frá 1727.[36] Að auki var lengi litið á embættisskjölin sem einkaeign embættismannanna og gengu þau þá gjarnan til erfingja en ekki til eftirmanns í embætti.[37]

Í erindisbréfi sýslumanns Barðastrandasýslu frá 1789 er þó komin skýr skylda sýslumanns til að afhenda eftirmönnum sínum skjalasöfn embættanna. Í fimmtu grein segir að „[A]lla de Documenter og Sager, saasom Justits-, Skjöde-, Pante- og Skifte-Protocoller, Mandtalsbogen og Sysselets Jordebog, Forordninger, Althingsböger, de kongelige Collegiers samt Stiftamt- og Amtmændenes Ordres og Resolutioner, m.v., som det ham anbetroede Syssel maatte angaae, lader han sig af hans Formand overlever efter hehörlig Designatio, og skal samme, tillige med hvis udi hans Betjeningstid forefalder, stedse holdes udi vedbörlig Orden og Forvaring.“[38] Að auki átti að útbúa lista yfir öll skjöl og bækur sem afhent voru við embættismannaskipti sem báðir aðilar undirskrifuðu í tvíriti og átti annað eintakið að leggjast upp í skjalasafn embættisins en hitt að sendast til amtsins. Þau skjöl sem upp eru talin í greininni endurspegla meginhluta þeirra skjala sem varðveist hafa frá síðari hluta 18. aldar og hefur þessi tilskipun því að öllum líkindum skipt sköpum fyrir varðveislu skjala sýslumanna.

Aðeins fannst eitt veitingarbréf sýslumanns frá 19. öld og er það skipunarbréf Carl Ernst Alexander Fensmarks í embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði frá 1879. Bréfið er varðveitt á Héraðsskjalasafni Ísafjarðar og hljóðar það nokkuð öðruvísi en eldri erindisbréf sýslumanna sem fjallað hefur verið um. Þar kemur einungis fram að hann skuli „være Os som sin rette Konge tro og lydig, holde Rigets For fatingslove og med Troskab

[36] *Lovsamling for Island*. II. Bls. 64-65.
[37] Sigfús Haukur Andrésson. *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit um heimildasöfn þar*. Bls. 72.
[38] *Lovsamling for Island*. V. Bls. 626.

og Nid kjærhed opfylde de Pligter, som det han allernaadigst betroede Embeds paalægger ham“.[39]

Í næstu köflum verður leitast við að varpa nánara ljósi á embættisfærslu sýslumanna út frá varðveittum skjalasöfnum þeirra. Þeir skjalaflokkar sem rannsakaðir verða eru:

A – Bréfadagbækur

B – Bréf

C – Bréfabækur

D – Afsals- og veðmálabækur

DA – Veðbókaskrár

DB – Afsals- og veðmálabækur

DC – Landamerkjabækur

DD – Þinglýsingarskjöl

E – Einkamál

EC1 – Uppboðsbækur

EC2 – Fylgiskjöl uppboðsréttar

ED1 – Skiptabækur

ED2 – Fylgiskjöl skiptaréttar

G – Réttarbækur, opinber- og einkamál

GA – Dóma- og þingbækur

GB – Fylgiskjöl réttarbóka

[39] *Hér.Í.* Kassi 221. Skipunarbréf C.E.A. Fensmark í embætti sýslumanns 1879.

## Skjalaflokkar sýslumanna

### A – Bréfadagbækur

Bréfadagbækur nefnast einnig journal og eru þar bókuð móttekin bréf embættisins. Slíkar bækur eru lykillinn að bréfasafni hverrar stofnunar og er þær að finna í mörgum skjalasöfnum stjórnsýslunnar. Bréfadagbækur þar sem bókuð eru innsend bréf embættis koma til sögunnar hérlendis á síðari hluta 18. aldar. Elstu varðveittu bréfadagbækurnar eru í skjalasöfnum stiftamtmanns, bréfadagbók 1784-1790, og skjalasafni amtmannsins í Vesturamti frá 1787 en hin almenna notkun bréfadagbóka meðal embættismanna á Íslandi virðist hafa hafist í byrjun 19. aldar. Tvenns konar kerfi hafa verið notuð við færslu bréfadagbóka í byrjun, annars vegar rentukammerkerfi og hins vegar kansellíkerfi. Í rentukammerkerfinu eru bréf færð inn í bréfadagbók eins og þau berast óháð efni þeirra og er það kerfið sem sýslumenn hafa tekið upp við skráningu í bréfadagbækur sínar. Í kansellíkerfinu voru bréf flokkuð eftir efni, málum eða í sumum tilfellum, sendendum. Hvert mál fékk þannig sitt númer eða bókstaf og bréf skráð á það númer í tímaröð. Hverju máli var haldið saman á síðu í bréfadagbókinni og undir því voru öll bréf, innkomin eða útsend, skráð. Ef blaðsíðan entist ekki varð að færa málið á nýja auða síðu þar sem skráningin hélt áfram. Gátu þannig mál, sem voru lengi í gangi, jafnvel flust á milli bóka og getur verið flókið að elta uppi allar tilvísanir málsins til að finna hvar skjölin liggja.[40]

Bréfadagbækur sýslumanna innihalda yfirlit yfir öll bréf sem bárust embættinu og eru þannig heimild um embættisfærslu og vinnubrögð og gefa þannig góða yfirsýn yfir þau málefni sem bárust á borð sýslumanna. Þegar bréf barst sýslumanni var það skráð í bréfadagbókina þar sem það fékk hlaupandi númer en það ræður röðun bréfanna í bréfasafni. Upplýsingar um hvenær bréfið barst embættinu og hvenær það er dagsett eru skráðar ásamt stuttri efnislýsingu bréfsins. Í bréfadagbókum er einnig að finna upplýsingar um afgreiðslu bréfanna, þ.e.a.s. hvernig sýslumaður brást við erindinu og hvenær erindið var afgreitt. Oft er þar að auki að finna tilvísanir í skyld mál, og er þá vísað í númer málsins í bréfadagbókinni, og stundum eru tilvísanir í svarbréf sýslumannsins, sem er þá númer bréfsins í bréfabók eða copiubók en nánar verður fjallað um hana hér á eftir. Er þetta kerfi í samræmi við svokallað rentukammerkerfi þar sem bréf voru færð inn í bréfadagbækur eins og þau bárust án tillits til efnis þeirra. Í flestum bókum er að finna registur aftast og er það efnisyfirlit yfir þau mál sem finna má í bókinni. Þar kemur efni bréfanna mjög stuttlega fram ásamt vísun í bréfadagbókarnúmer bréfsins. Efnisyfirlitinu er skipt þannig upp að bréfum frá öðrum embættum er haldið sér, t.d. er öllum bréfum frá amtinu haldið saman í

[40] Björk Ingimundardóttir. *Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk*. Bls. 25.

sérdálki og þannig hægt að sjá öll bréf frá öðrum embættum á einum stað. Öðrum sendendum er raðað í stafrófsröð eftir fyrsta bókstaf í nafni og í tímaröð undir hverjum bókstaf.

### *Sýslumaður Ísafjarðarsýslu*

Sýslumaðurinn í Ísafjarðasýslu hóf að halda bréfadagbækur 1821. Aðeins hafa varðveist tvær bréfadagbækur frá 19. öld. Fyrri hefst 1821 og nær til 1837 en hin frá 1837 til 1845. Eyða er fyrir árabilið 1846 til 1905 en næsta bréfadagbók hefst árið 1906. Þegar Jón Þorkelsson landsskjalavörður innheimti skjöl sýslnanna í byrjun 20. aldar komu aðeins þessar tvær bækur með skjölum frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu.[41] Þessa eyðu má útskýra með bruna fangahússins á Ísafirði 1924 en skjalasafn sýslumannsins og bæjarfógetans á Ísafirði var allt geymt þar fyrir utan síðustu árin, sem sýslumaður hafði væntanlega á skrifstofu sinni. Aðrar embættisbækur og skjöl urðu eldinum að bráð.[42]

Fyrsta varðveitta bréfadagbókin hefst í maí 1821 á máli nr. 13. Nákvæm dagsetning er óljós þar sem bókin er mjög illa farin og trosnuð á jöðrum. Móttekin bréf eru bókfærð samkvæmt rentukammerkerfinu, en þar fær hvert bréf hlaupandi númer og í sérstökum tilvísunardálki er vísað í númer annarra bréfa, sem varða sama mál. Dálkarnir í bókinni gera ráð fyrir ákveðnum upplýsingum og er heiti hvers dálks ritað efast á dönsku. Á vinstri síðu eru þrír dálkar með upplýsingum um komudagsetningu bréfs, innihaldi bréfsins og dagsetningu þess. Á hægri síðu eru einnig þrír dálkar þar sem gert er ráð fyrir upplýsingum um tilvísun, hvernig málið var afgreitt og dagsetningu afgreiðslu. Aðeins hefur verið fyllt út í fyrstu þrjá dálkana til að byrja með.

Í júní 1834 breytist uppsetning bókarinnar aðeins og bætist þá við frá hverjum bréfið er á vinstri síðuna og til hvers bréfið er stílað á hægri síðuna. Málin eða bréfin sem rituð eru í bókina eru númeruð í hlaupandi númeraröð frá máli númer 13 til 1020 í lok árs 1835. Árið 1836 er aftur byrjað á máli nr. 1 og verða þau alls 157 til ársins 1837. Ekkert registur er í bókinni og ekki er ljóst hvort það hafi aldrei verið gert eða hvort það hafi glatast þar sem greinilega vantar framan við bókina og hugsanlega einnig aftan við hana. [43]

Seinni bréfadagbókin nær frá ágúst 1837 til 1845. Bókin hefst á máli nr. 205 sem gefur til kynna að eitthvað vanti inn í bókina. Líklegt er að bókin hafi hafist á máli 158 í framhaldi af fyrri bréfadagbók en þó getur verið að þennan hluta vanti í fyrri bók. Uppsetning þessarar bókar er svipuð fyrri bókinni. Mjög misjafnt er hvort hægri

---

[41] Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 171.
[42] *ÞÍ.* Stjr. Íslands I. skrifstofa, Db. 6, nr. 898. Bruni fangahússins á Ísafirði. Sjá einnig Eyjólfur Jónsson. *Vestfirzkir slysadagar.* II.bindi. 1910-1940. Bls. 244.
[43] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. A/1, örk 1. Bréfadagbók 1821-1837.

upplýsingasíðan sé fyllt út og svo virðist sem ekki hafi verið lögð mikil áhersla á að skrá niður afgreiðslu mála.[44] Ekkert registur er heldur að finna í þessari bók og eins og áður hefur komið fram vantar bækur frá tímabilinu 1845 til 1906.

### *Sýslumaður Rangárvallasýslu*

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hóf að halda bréfadagbækur 1823. Fyrsta bréfadagbókin hefst í febrúar 1823 og lýkur 1826. Hún er merkt nr. 1 og því ljóst að þetta er fyrsta bókin. Alls eru varðveittar 17 bréfadagbækur frá 19. öld frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu og eru þær í heilli röð til 1906. Í hverri bók er hlaupandi málsnúmer frá 1 og upp úr. Misjafnt er hversu mörg mál eru færð inni í hverja bók en það spannar frá 739 málum til 4299 mála. Rentukammerkerfið er notað hér og er algengasta uppsetning bókanna þannig að síðurnar eru dálkaskiptar, á vinstri síðu eru upplýsingar um hvenær bréfið barst embættinu, efnislýsing bréfsins og dagsetning bréfsins, á hægri síðu er tilvísunarnúmer í bréfabók, hvernig málið var afgreitt og dagsetning afgreiðslu. Sjá mynd 1.

Mynd 1.



[45]

Í bókunum er að finna registur aftast þar sem raðað er eftir sendendum í stafrófsröð og eru embætti flokkuð sem sérstakur sendandi og sömuleiðis einstaklingar. Á eftir

[44] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. A/1, örk 2. Bréfadagbók 1837-1845.
[45] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). A/1, örk 1. Bréfadagbók nr. 1, 1823-1826.

sendanda og stuttri lýsingu er að finna tilvísun í númer málsins í bókinni. [46] Sjá dæmi úr registri á mynd 2.

Mynd 2.

 [47]

Í þessum 17 bókum er uppsetningin keimlík í gegnum allt tímabilið. Smávægilegar breytingar sjást í gegnum árin, í bók nr. 5 frá 1837 til 1844 bætist við dálkur á vinstri síðunni, frá hverjum bréfið er, en hann dettur aftur út í næstu bréfadagbók.[48] Í bréfadagbók nr. 7, 1850-1856, eru heiti dálkanna á íslensku en hingað til höfðu þau verið á dönsku. [49] Titlar dálkanna eru þá: *Nær inn komin, Innihald Bréfann, Nær Dag Sett, Ávísunar No., Hvað við þau gért, Afgreiðsla Datúm.* Í níundu bréfadagbókinni, sem nær frá 1860 til 1864, breytast aðeins titlar dálkanna og frá 1861 fer sýslumaður greinilega að tala um bréf og málefni og afgreiðslu málefnanna. Þessi breyting heldur sér út 19. öldina.

### ***Sýslumaður Snæfellsnessýslu***

Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hóf að halda bréfadagbækur 1819 og eru varðveittar alls 10 bækur sem spanna 19. öldina. Að auki eru tvær bækur varðveittar í skjalasafni sýslumanns frá 19. öld, önnur fyrir Hnappadalssýslu[50] og hin fyrir Mýra- og Hnappadalssýslu[51].

Fyrsta bréfadagbókin var nokkuð illa farin og hefur verið gert við hana á viðgerðarstofu Þjóðskjalasafns. Hún er því ekki lengur í bandi og fyrstu blaðsíður hennar eru mjög eyddar. Það má þó sjá að hún hefst á máli nr. 1 árið 1819, líklega í maí eða júní en fyrstu tvær færslurnar eru nánast horfnar vegna skemmda. Uppsetning þessarar bókar er frábrugðin hinni hefðbundnu uppsetningu að því leyti að aðeins eru tveir dálkar á hverri síðu með upplýsingum um bréfið og afgreiðslu þess. Þessi uppsetning helst þó ekki lengi

---

[46] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). A/1, örk 1. Bréfadagbók nr. 1, 1823-1826.
[47] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). A/1, örk 1. Bréfadagbók nr. 1, 1823-1826.
[48] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). A/2, örk 2. Bréfadagbók nr. 5, 1837-1844.
[49] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). A/3, örk 1. Bréfadagbók nr. 7, 1850-1856.
[50] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. A/1, örk 12. Bréfadagbók, Journal Hnappadalssýslu, 1838-1841.
[51] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. A/2, örk 1. Bréfadagbók nr. 3. Mýra- og Hnappadalssýsla, 1841-1845.

og 1822 er tekin upp hefðbundin uppsetning dálka með ítarlegri upplýsingum, hvenær bréfið barst, stundum einnig frá hverjum, efni bréfsins, dagsetning bréfsins, tilvísun í önnur bréf, afgreiðsla bréfsins og dagsetning afgreiðslunnar. [52]

Í sjöttu bréfadagbókinni sem nær yfir árin 1857 til 1862 er dönskum dálkaheitunum skipt út fyrir íslensk og farið að nota orðið málefni líkt og hjá sýslumanninum í Rangárvallasýslu.[53] Hann var þó aðeins seinni til með þessa breytingu.

Í bréfadagbók fyrir tímabilið 1877 til 1895 kemur í ljós að sýslumaður hefur hætt að færa inn bréf í janúar 1879 og eru næstu færslur í bókinni dagsettar í desember 1886 með yfirskriftinni *Journal B*.[54] Engin útskýring er á þessu gati í bréfadagbókinni. Á næstu síðu kemur fram að bréfadagbókin haldi áfram 16. janúar 1889. Bréf frá 1889 og 1890 virðast vera nokkuð samviskusamlega skráð inn en 1891 eru afskaplega fáar færslur, innan við 50, og er því haldið áfram fram til 1894. Árið 1894 tekur nýr sýslumaður við, Lárus H. Bjarnason, og tekur hann til við að skrá innsend erindi skipulega út öldina.[55]

***Dæmi*: Bréfadagbók sýslumannsins í Rangárvallasýslu 1860-1864.**


1860 Innihald brjefanna

Afgreiðsla 1860

[56]

---

[52] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. A/1, örk 1-9. Bréfadagbók, 1819-1831.
[53] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. A/3, örk 1. Bréfadagbók, 1857-1862.
[54] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. A/4, örk 2. Bréfadagbók, 1877-1895.
[55] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. A/5, örk 1. Bréfadagbók 1896-1908.
[56] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). A/3, örk 3. Bréfadagbók nr. 9, 1860-1864.

[Vinstri síða]

| Komudagur 1860 | Innihald brjefanna | Bref-in dagsett |
|---|---|---|
| | N° 29 | |
| 14. apr. | Skaptafells-sýslumaður krefst að farlag sje lagt með Sigríði Jónsdóttur á Höfðabrekku annaðhvort af tengdasonum hennar Ólafi í Orsabæ og Guðna á Gerðum, eða þá: hennar framfærissveit: Rangárvallahrepp. | 8. febr. |
| | N° 30. | |
| 23. apr. | Skúli Thorarensen sendir læknisattest um Þuríði á Forsæti. | 20. apr. |
| | N° 31 | |
| 23. apríl | Þorbjörn í Sigluvík óskar að meiga flytja fje sitt að Gíslaholti í Holtum og sendir bónarbrjef til amtsins þar að lútandi (~~um að meiga flytja fje sitt að Gíslaholti í Holtum~~) | 23. apr. |
| | N° 32 | |
| 19. Maí | Vesturl. hreppsstjóri sendir arfleiðslubrjef Jóns Jónssonar sál í Ey, er gefur konu hans Vilborgu rjett til að sitja í óskiptu búi | 19. Apríl |
| | N° 33. | |
| s.d. | Vestmannaeyja – sýslumaður biður um lóðseðil Guðlaugs Diðrikssonar í skiptum eptir föður hans 5. nóv. 1841 | 17. apr. |
| | N° 34. | |
| s.d. ~~apr.~~ | Sami biður um hegningarvottan Björns Kristjánssonar | 2. apr. |
| | N° 35. | |
| s.d. | Sami biður hegningar og prestavottanir viðv. Margrjeti Arnbjörnsdóttir | 21. apr. |
| | N° 36. | |
| s.d. | Árnessýslumaður sendir auglýsingu um uppboð í Hraungerði 12. juni næstkom. til byrtingar á manntalsþing. | 4. maí |
| | N° 37. | |
| s.d. | Sami sendir brjef Gunnars bónda Pálssonar á Bakka í Ölvesi áhrærandi styrk frá Holtasveit með tengdamóður hans Ingveldi Ísleifsdóttir | 5. maí |

[Hægri síða]

| Saman-burðar N° | Afgreiðsla | Afgreiðslu dagur 1860 |
|---|---|---|
| | N° 29. | |
| | Skaptafells-sýslumanni svarað hjeruppá 19 júlí | 19. júlí |
| | N° 30. | |
| N° 28 | Sent með afriti af rannsókninni yfir Þuríði til amtsins | 19. apr. |
| | N° 31 | |

| | | |
|---|---|---|
| | Amtinu um þetta skrifað þann | 23 maí |
| | N° 32.<br>Hjáleggst. | |
| | N° 33.<br>Sendur lóðseðillinn sýslumanninum | 21<br>maí. |
| | N° 34.<br>Sýslumanninum sent | 21.<br>Maí. |
| | N° 35<br>Sent sama dag og N° 34. | |
| | N° 36.<br>Auglýsingin byrt á manntalsþinginu 1860. | |
| | N° 37. | |

*Athugasemdir*: Efsta bréfið á blaðsíðunni, bréf frá sýslumanninum í Skaftafellssýslu, hefur bréfadagbókarnúmerið 29. Það er dagsett 8. febrúar 1860 en hefur ekki borist sýslumanninum í Rangárvallasýslu fyrr en tæpum tveimur mánuðum síðar þann 14. apríl. Á hægri síðu má sjá afgreiðslu málsins en sýslumaður hefur sent kollega sínum í Skaftafellssýslu svarbréf 19. júlí 1860. Í fyrsta dálki á hægri síðu má stundum sjá tilvísananúmer í fyrri mál og á það við um mál nr. 30. Þar er vísað í fyrra bréf um málið sem hefur fengið bréfadagbókarnúmerið 28.

*Lagagrundvöllur heimildar:* Ekki fannst lagatilvísun þar sem sýslumönnum er beinlínis skipað að halda bréfadagbækur og í ritröð um danskar stjórnsýsluheimildir segir um lagagrundvöll bréfadagbóka „[d]et har aldrig været direkte påbudt at føre journal i den danske centraladministration.“[57] Þar kemur einnig fram að samkvæmt tilmælum (cirkulæreordre) frá 22. ágúst 1740 skyldi leggja bréf eftir bréfadagbókarnúmerum en engin lagaleg tilskipun hafi verið fyrir því að halda bréfadagbækur.[58] Ef slíka tilskipun var ekki að finna í miðstjórn danskrar stjórnsýslu er ólíklegt að hana sé að finna í íslenskri stjórnsýslu. Hins vegar kemur fram í erindisbréfi Stefáns Þórarinssonar frá 1783 þegar hann var skipaður amtmaður Norður- og austuramts, en það er elsta varðveitta erindisbréf amtmanns eftir að landinu var skipt í tvö ömt,[59] hvernig skjalavörslu amtmanna skuli háttað og meðal annars segir í 6. gr. bréfsins að amtmönnum beri skylda til að halda journala yfir

[57] *På embeds vegne.* Bls. 46.
[58] *På embeds vegne.* Bls. 46.
[59] *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907.* Bls. 8.

öll erindi sem þeim berast og afrit útsendra bréfa skuli skrifað í copiubækur eða bréfabækur.[60]

Amtmenn voru næstu yfirmenn sýslumanna og mikil samskipti voru þeirra á milli.[61] Eðlilegt verður að teljast að amtmenn myndu fyrirskipa slíkt og til er tilskipun frá Bjarna Thorsteinssyni amtmanni Vesturamts frá 26. ágúst 1822 þar sem hann mælist til þess að sýslumenn taki upp góðar venjur og haldi bréfadagbækur og bréfabækur að fyrirmynd amtmanna.[62]

*Notkunarmöguleikar*: Í bréfadagbókum sýslumanna er hægt að sjá hvaða erindi bárust þeim á hverjum tíma, hvar þau liggja í bréfasafni og í flestum tilfellum hver afgreiðsla erindanna var. Heimildargildi bréfadagbóka er að þær eru lykillinn að bréfasafni sýslumanna og hjálpa fræðimönnum að finna hvar bréfin liggja. Registrin sem eru í flestum tilfellum aftast í hverri bók auðvelda einnig við að finna mál eftir sendendum.

---

[60] *Lovsamling for Island.* IV. Bls. 728-740.
[61] Sjá niðurstöður rannsóknar Einars Hreinssonar á bréfaskiptum æðstu embættismanna á Íslandi 1770-1870. Skv. honum voru 40-50% allra bréfa amtmanna á tímabilinu til sýslumanna. Einar Hreinsson. *Nätverk och nepotism. Den regionala förvaltning på Island 1770-1870.* Bls. 269-270.
[62] *ÞÍ.* Vesturamt. III, 11. Bréfabók 15.8.1822-10.9.1824.

**B - Bréf**

Bréfasöfn eru yfirleitt langstærsti skjalaflokkur embættanna en þar liggja öll bréf sem borist hafa sýslumönnum hvort sem það eru almennar tilkynningar eða dreifibréf frá æðra yfirvaldi, s.s. stiftamtmanni eða amtmanni, sem sýslumönnum var gert að varðveita samkvæmt erindisbréfi, eða erindi sem krefjast úrlausnar sýslumanna, opinber mál eða einkamál. Þar eru einnig oft skýrslur hvers konar og listar sem hreppstjórum bar að senda sýslumanni til upplýsingar. Algengt er í skjalasöfnum sýslumanna að elstu varðveittu bréfin séu frá amtmönnum og eru þau oft æði brotakennd og mörg bréfanna hafa varðveist illa. Þá virðist skipuleg varðveisla bréfasafna ekki hefjast fyrr en byrjað var að skrá innkomin bréf í bréfadagbækur.

Í bréfasöfnum þeirra sýslumanna sem skoðuð voru hér virðist algengast að bréfin liggi eftir árum og að einhverju leyti samkvæmt dagbókarnúmerum. Stundum má sjá bréfum um sama mál safnað saman og liggja þau þá undir síðasta númeri sem bréf þess máls eru bókuð á. Það er ljóst að bréfin liggja ekki í nákvæmri dagbókanúmeraröð og segir Jón Þorkelsson landsskjalavörður um ástand skjalasafnanna þegar þau bárust honum í upphafi 20. aldar að „[f]lest hin eldri skjöl í söfnum sýslnanna hafi riðlazt mjög úr skorðum áður en þau komust til Landsskjalasafnsins. Síðan hefir þeim verið raðað eptir árum, en eingan veginn þó eptir dagbókarnúmerum. Sú röðun er margra ára verk og verður að geymast framtíðinni að svo stöddu.“[63] Sú vinna bíður enn.

***Sýslumaður Ísafjarðarsýslu***

Elstu varðveittu bréfin í skjalasafni sýslumannsins í Ísafjarðasýslu eru frá 1815 en þau eru ekki mörg þar til sýslumaður hóf að færa bréfadagbók 1821. Aðeins tólf bréf eru varðveitt á tímabilinu 1815-1819 og engin bréf hafa varðveist frá árinu 1820. Ekkert af þessum bréfum eru frá amtmanni en elstu varðveittu bréf áður en bréfadagbækur koma til bæði í Rangárvallasýslu og Snæfellsnessýslu eru bréf frá amtmanni og ná allt aftur til 1749. Því virðast tilkynningar amtmanns til sýslumanna ekki hafa varðveist í skjalasafni sýslumannsins í Ísafjarðasýslu. Bréf frá 19. öld í skjalasafni sýslumannsins eru í alls 19 öskjum.

Eftir að bréfadagbókarkerfi er tekið upp 1821 af sýslumanninum Ebenezer Þorsteinssyni má sjá journalnúmer eða bréfadagbókarnúmer á bréfunum (sjá mynd 1). Mörg bréfanna eru frá Bjarna Thorsteinssyni, sem var amtmaður í Vesturamti á árunum 1821-1849, og eru þau oft merkt efst í vinstra horni með orðinu *Circulaire*, sem þýðir að um dreifibréf er að ræða. Bréfin eru nokkurn veginn í númeraröð en einhver númer vantar inn í röðina og sum bréf hafa enga tilvísun í bréfadagbókina. Árið 1836 fóru bréf að fá

[63] Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 42.

hlaupandi númer innan ársins og breytist því tilvísananúmerið í bréfadagbókina þannig að í stað númers eingöngu var nú skráð númer bréfsins og ártal þess (sjá mynd 2). Gæti sú breyting verið í tengslum við að ný bréfadagbók var tekin í notkun á svipuðum tíma.

Mynd 1.


[64]

Mynd 2.


[65]

Eyða er í bréfadagbókum sýslumannsins í Ísafjarðasýslu frá 1845 til 1906. Eftir að bréfadagbók sleppir virðist bréfum fækka mikið og er aðallega að finna í bréfasafninu skýrslur og lista frá hreppstjórum til sýslumannsins. Einstaka bréf sem og skýrslur hafa dagbókarnúmer sem gefur til kynna að sýslumaður hafi haldið bréfadagbók á þessum árum þó hún sé ekki varðveitt. Hreppstjórar sendu sýslumönnum skýrslur og lista m.a. yfir ein- og fjölbýlismenn í hreppnum (e.k. ábúendalista), yfir verðlag, fyrir capitulstaxta, yfir skip sem veiddu frá hreppnum, yfir hospitalshluti[66] og yfir hórdómsbrot eða legorðsmál.[67]

---

[64] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/1, örk 5. Bréf 1821.
[65] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/10, örk 1. Bréf 1858.
[66] Hospitalshlutur er skattur sem rann til reksturs holdsveikraspítala. Sjá nánar í dæmi bls. 29.
[67] Sjá til dæmis: *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/7, örk 2.

Skýrslurnar og listarnir sem hreppstjórar sendu sýslumanni eru oft æði misjafnar og sumar eru aðeins tilkynning á örlitlum snepli á meðan aðrar eru ítarlega útfylltar skýrslur. Í einhverjum tilfellum virðast hreppstjórar þó líklega hafa fengið einhverjar leiðbeiningar um hvernig þeir ættu að setja skýrslurnar upp þar sem þær eru mjög keimlíkar milli hreppa.

Bréf frá þeim árum sem bréfadagbók hefur ekki varðveist eru nokkuð losaraleg. Á mörg vantar tilvísun í bréfadagbókina og til dæmis virðast öll bréf frá árinu 1846 vera án dagbókarnúmers. Eggert Ólafur Briem var sýslumaður Ísafjarðarsýslu á árunum 1845-1848 og má greina nokkra óreiðu í bréfasafninu á þeim tíma. Orsök þess er ekki ljós en Eggert Ólafur hefur haft ágætt orðspor sem embættismaður því á þessum tíma var hann ásamt öðrum í Reykjavík settur í það verkefni að endurskoða löggjöfina fyrir Ísland og eftir veru sína í Ísafjarðasýslu veitti konungur honum Eyjafjarðasýslu.[68] Sýslumannaskipti árið 1848, þegar Magnús Gíslason tekur við af Eggert Ólafi, má greinilega sjá endurspeglast í bréfasafninu. Undir lok embættistíðar Eggerts 1848 eru engin dagbókarnúmer á bréfum en þegar Magnús tekur til starfa má sjá dagbókarnúmer á flestum bréfum til embættisins.[69]

Eftir 1849 má sjá út frá bréfunum breytingu á dagbókanúmerakerfinu og í stað þess að hlaupandi númer nái yfir mörg ár hefst hvert ár á númerinu 1. Erlendur Þórarinsson tekið við sýslunni af Magnúsi árið 1854 og undir lok embættistíma Magnúsar má aftur sjá stopular tilvísanir á bréfum í dagbókarnúmer. Þegar Erlendur tekur við árið 1854 er bréf dagsett 14. ágúst 1854 með tilvísun númer 1 í bréfadagbók það árið. Líklegt er að hann hafi tekið við um sumarið og byrjað að halda bréfadagbók þá en bréf sem berast seinni hluta árs hafa öll mjög lágt númer.[70] Bréfin frá tímabilinu 1855 til 1884 hafa sum tilvísun í bréfadagbók en það virðist vera stopult og sum ár eru fáar sem engar tilvísanir að finna, t.d. árið 1862.[71] Af þessu mætti draga þá ályktun að sýslumenn hafi í upphafi embættistíma síns verið samviskusamir og skipulega haldið utan um erindi sem bárust þeim en eftir því sem leið á embættistímann hafi eitthvað dregið úr eljunni, hvort sem það hefur verið vegna anna eða af öðrum orsökum skal látið ósagt.

Bréf frá 1815, sem eru elstu varðveittu bréfin, til 1884 eru í fimmtán fyrstu öskjum skjalaflokksins B – Bréf í skjalasafninu. Engin bréf eru varðveitt eftir 1884 fram til 1904 en þá er bréf frá Stjórnarráðinu að finna í einni örk frá tímabilinu 1904 til 1914.[72] Eftir það virðist bréfasafn sýslumannsins aftur komast í nokkuð eðlilegt horf. Gatið í bréfasafninu frá 1884 til 1904 er óútskýrt en vitað er að þegar Jón Þorkelsson landsskjalavörður safnaði

---

[68] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir.* II. bindi. Bls. 249.
[69] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/8, örk 1.
[70] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/9, örk 2.
[71] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/10, örk 5.
[72] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/99, örk 1.

sýsluskjölum til varðveislu á Landsskjalasafn í byrjun 20. aldar var bréfasafn sýslumannsins í Ísafjarðasýslu afhent frá árinu 1815 til 1884.[73] Næsta afhending skjala frá sýslumanninum í Ísafjarðasýslu kom til Þjóðskjalasafns árið 1988 og voru bréf þessa tímabils sem vantar ekki í þeirri afhendingu.[74] Eins og komið hefur fram brann fangahúsið á Ísafirði 1924 og með því skjöl og bækur sýslumannsins sem þar voru geymd sem útskýrir eyðuna í bréfasafninu undir lok 19. aldar og fram á þá 20.[75] Á Héraðsskjalasafni Ísafjarðar er þó varðveitt eitthvað af bréfum sýslumanns sem björguðust í bunanum og voru þau afhent þangað frá Byggðasafni Vestfjarða árið 1994. Bréfasafnið er illa farið af völdum elds og reyks og inniheldur ýmis bréf og skýrslur, líkt og þau bréfasöfn sýslumanna sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands, og spanna þau u.þ.b. tímabilið 1879 til 1922.[76]

[73] Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 171.
[74] Afhendingaskrá Þjóðskjalasafns Íslands og geymsluskrá yfir Sýslumanninn á Ísafirði.
[75] *ÞÍ.* Stj. Í. I. Db. 6, nr. 898. Bruni fangahússins á Ísafirði. Sjá einnig Eyjólfur Jónsson. *Vestfirzkir slysadagar.* II.bindi. 1910-1940. Bls. 244.
[76] *Hér.Í.* Sjá t.d. kassa 221-233 og pakka 088.

***Dæmi*: Bréf frá Páli Melsteð amtmanni vesturamts til Þorláks Stefáns Blöndahl 22. apríl 1858 um að taka að sér embætti sýslumanns í Ísafjarðarsýslu.**



Stiptamtmaður Greifi Trampe hefur í brjefi frá 14. þ. m. tilkynnt mjer að þjer hafið í hyggju að sækja um Constitution í Ísafjarðarsýslu, og í þeim tilgangi mælst til að hann vildi gefa yður vitnisburð sinn og meðmæli. Þareð nú greifinn í nefndu brjefi hefur tjáð mjer að þjer í 9 mánuði hafið gegnt sýslumannsembætti í Borgarfjarðarsýslu, og leyst það þannig af hendi, að hann hafi verið vel ánægður með — svo undanfelli jeg ekki að láta yður hjer með vita, að jeg muni [illegible], ef þjer farið þess á leit, munu veita yður Constitution til að takast á hendur sýslumannsembættið í Ísafjarðarsýslu, [illegible] er mjer einnig, eptir kringumstæðunum, talsvert [illegible] í því að þjer gjörið það, og þareð manntalsþingahöldum í þeirri sýslu og fleiri öðrum málefnum, sem þar eru óútkljáð, verður að fresta þangað til reglulega constitueraður sýslumaður kemur þangað svo verð jeg að biðja yður að koma hingað svo fljótt, sem þjer mögulega fáið því viðkomið, til þess að takast Constitutionina og sýslustörfin í Ísafjarðarsýslu á hendur.—

Skrifstofu Vesturamtsins í Stykkishólmi 22 apríl 1858

Melsteð

Til

Herra Fullmægtugs Þ. Blöndahl.

[77]

---

[77] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/10, örk 1.

Stiptamtmaður greifi Trampe hefur í brjefi frá 14. þ.m. tilkynnt mjér að þjer hafið í hyggju að sækja um constitution í Ísafjarðarsýslu, og í þeim tilgangi mælst til að hann vildi gefa yður vitnisburð sinn og meðmæli. Þar að nú greifinn í nefndu brjefi hefur tjáð mjer að þjer í 9 mánuði hafið gegnt sýslumannsembætti í Borgarfjarðarsýslu, og leyst það þannig af hendi, að hann hafi verið vel ánægður með-: svo undanfelli jeg ekki að láta yður hjer með vita, að jeg ekki einasta, ef þjer farið þess á leit, mun veita yður Constituion til að takast á hendur sýslumannsembættið í Ísafjarðasýslu, heldur er mjer einnig, eptir kringumstæðum, töluverð þægð í því að þjer gjörið það, og þar með manntalsþingahöldum í tjeðri sýslu og fleiri öðrum málefnum, sem þar eru óútkljáð, verður að þess þangað til reglulega constitueraður sýslumaður kemur þangað, svo verð jeg að biðja yður að koma hingað svo fljótt, sem þjer mögulega fáið því viðkomið, til þess að takast Constituion og sýslustörfin í Ísafjarðarsýslu á hendur. –

Skrifstofu Vesturamtsins í Stykkishólmi 22. apríl 1858.

P Melsted

Til herra Fullmektugs Þ. Blöndahl.

*Athugasemdir*: Bréfið er sent til Þorláks Stefáns Blöndahl sem starfaði á þessum tíma sem skrifari hjá sýslumanni í Borgarfjarðarsýslu, Niels Lassen.[78] Hann hefur greinilega verið meira en bara skrifari þar sem Trampe stiftamtmaður gefur honum ágætan vitnisburð fyrir að gegna sýslumannsembættinu í Borgarfjarðarsýslu. Þorlákur er þó ekki titlaður sýslumaður í Borgarfjarðasýslu á þessum tíma skv. *Sýslumannsæfum* Boga Benediktssonar. Niels Lassen gegndi embættinu frá 1852 þar til hann fékk veitingu fyrir embætti í Danmörku árið 1857 og fluttist hann af landi brott vorið 1858. Jón Snæbjörnsson fékk þá veitingu fyrir sýslumannsembættinu í Borgarfjarðasýslu en ekkert er minnst á Þorlák Blöndahl.[79] Líklegt er að Þorlákur hafi gegnt embætti sýslumann Borgarfjarðarsýslu eftir að Niels Lassen flutti til Danmerkur og þar til Jón Snæbjörnsson tók við. Þorlákur þekkist greinilega boðið strax og eru bréf stíluð á hann sem sýslumann Ísafjarðarsýslu að finna frá apríl 1858.

Þær kringumstæður sem Páll Melsteð amtmaður vísar í er fráfall Erlends Þórarinssonar sýslumanns, en hann drukknaði á Ísafjarðardjúpi 29. desember 1857.[80] Það er því ekki að undra að amtmanni liggi á að einhver sýslumaður taki til starfa aftur í sýslunni.

Í bréfinu kemur fram að Páll biður Þorlák um að taka við sýslunni „þangað til reglulega constituteraður sýslumaður kemur" og má skilja það á þá leið að Þorlákur sé settur tímabundið í embættið þar til öðrum verði veitt sýslan. Í *Sýslumannaæfum* kemur fram

[78] Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár*. V. bindi. Bls. 154-155.
[79] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir*. III. bindi. Bls. 534-537.
[80] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir*. II. bindi. Bls. 250.

að Stefán Bjarnason hafi verið settur sýslumaður Ísafjarðarsýslu árið 1858 og fengið veitingu fyrir henni árið eftir.[81] Það kemur þó ekki heim og saman við þær upplýsingar sem liggja í bréfasafninu eins og þetta bréf sýnir greinilega. Bréf stíluð á Þorlák Blöndal sýslumann eru a.m.k. fram til ársins 1859 og það er ekki fyrr en í apríl 1860 sem bréfin eru stíluð á Stefán Bjarnason sýslumann.[82] Þorlákur Blöndahl drukknaði 28. júní 1860 fyrir Arnardal[83] og hefur Stefán Bjarnason þá verið búinn að taka við sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu.

Athygli vekur að bréfið hefur ekki tilvísun í bréfadagbók og líklega er það ekki fært inn í hana, enda ekki sent á sýslumannsembættið. Þorlákur hefur að öllum líkindum fengið bréfið sent til sín persónulega og hefur það fylgt honum vestur. Það verður þó að teljast góð skjalavarsla að hann skuli hafa lagt bréfið upp með öðrum innsendum erindum embættisins.

*Lagagrundvöllur heimildar:* Amtmenn áttu skv. skipunarbréfi að gera ráðstafanir, um leið og sýslumaður lét af embætti til að finna duglegan og hæfan einstakling, til að skipa sem nýjan sýslumann tímabundið og tilkynna það til rentukammers, sem skyldi ákveða hver hlyti embættið. Sjá m.a. 10. grein í skipunarbréfi Stefáns Þórarinssonar amtmanns í Norður- og austuramti, 19. júní 1783.[84]

*Notkunarmöguleikar:* Bréf þetta er hægt að nota við rannsóknir á sögu sýsluembættanna sem og sögu einstakra sýslumanna, hér í tilfelli Þorláks Blöndahl sem greinilega hefur gleymst í upptalningu Boga Benediktssonar í *Sýslumannaæfum*. Einnig gefur það innsýn í daglega stjórnsýslu þess tíma. Amtmenn þurftu að bregðast skjótt við að skipa menn í embætti við skyndilegt fráfall embættismanna sem og að hvetja menn til að taka að sér sýslumannsembætti ef ekki fengust menn til verksins.

### Sýslumaður Rangárvallasýslu

Bréfadagbók sýslumannsins í Rangárvallasýslu hefst árið 1823 en elsta varðveitta bréfið í bréfasafninu er dagsett 6. febrúar 1749 og er það frá Pingel amtmanni til sýslumanns.[85] Er þetta eina varðveitta bréfið frá þessum tíma en þó nokkuð af amtbréfum frá 1805 til 1850 hafa varðveist og fylla þau sjö öskjur í skjalasafninu og hefur greinilega verið haldið aðskildum frá öðrum bréfum frá sama tíma. Fram til 1819 eru þó ekki um að ræða sjálf bréfin heldur uppskrift þeirra. Sýslumaður virðist hafa skrifað upp þau bréf sem bárust embættinu frá amtmanni og bundið inn í bók sem er orðin ansi illa farin og laus í

[81] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir.* II. bindi. Bls. 251.
[82] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. B/10, örk 4 og B/11, örk 1.
[83] Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár.* V. bindi. Bls. 154-155.
[84] *Lovsamling for Island.* IV. Bls. 734.
[85] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). B/71, örk 1. Amtsbréf 1749.

bindingunni. Blaðsíðurnar er nokkuð heillegar fyrir utan að fyrstu síðurnar eru orðnar nokkuð illa farnar á jöðrunum.[86] Hvað hefur orðið um bréfin sjálf er ekki vitað.

Frá 1819 má finna sjálf bréfin frá amtmanni og eru þau númeruð í hlaupandi númeraröð. Ekki er þó um að ræða tilvísun í bréfadagbók þar sem fyrsta dagbókin hefst ekki fyrr en fjórum árum síðar svo vitað sé til. Hins vegar má finna eitt bréf frá Moltke stiftamtmanni með tilvísun í journal frá 1820 sem er óneitanlega dularfullt (sjá mynd 3).

Mynd 3.



[87]

Ekki verður um villst að þarna stendur skýrum stöfum *R S J: N° 28 – 1820*. *R S* stendur þá fyrir Rangárvallasýslu og *J: N°* fyrir journal númer. Af þessu mætti draga þá ályktun að sýslumaður Rangárvallasýslu hefði byrjað að halda bréfadagbók fyrir 1823 þó hún sé ekki varðveitt. Sú staðreynd að elsta varðveitta bréfdagbókin í safninu er merkt nr. 1 þvælist þó fyrir þeirri kenningu. Hugsanlega hefur sýslumaður haldið skrá yfir innsend erindi að fyrirmynd amtmanna án þess þó að sú skrá væri formlega færð inn í innbundna bréfadagbók og hefur engin slík skrá varðveist í skjalasafni sýslumannsins.

Öðrum bréfum frá 19. öld er haldið saman og raðað í tímaröð. Fylla þau alls 47 öskjur í skjalasafninu og hefjast á bréfum úr tíð Þórarins Øefjord, en hann var sýslumaður Rangárvallasýslu á árunum 1819 til 1821, og virðist hann hafa haldið bréfum frá amtinu aðskildum frá öðrum bréfum. Á einstaka bréfum má finna dagbókarnúmer en langflest bréf frá þessum tíma eru án tilvísunar í bréfdagbók. Þegar Isaak Bonnesen tekur við sýslunni árið 1823 má sjá greinilega breytingu í bréfasafninu. Flest öll bréf eftir þann tíma hafa tilvísun í bréfadagbókarnúmer og þau liggja nokkurn vegin í númeraröð.[88] Bonnesen er greinilega námkvæmur embættismaður og að auki við bréfdagbókarnúmer má stundum sjá dagsetningu hvenær bréfið barst embættinu og hvenær því var svarað, sjá mynd 4.

---

[86] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). B/71, örk 2-3. Amtsbréf 1805-1807.
[87] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). B/71, örk 10.
[88] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). B/1, örk 4-5.

Mynd 4.


[89]

Lóðrétt í vinstra horni bréfsins á myndinni má lesa *Rs JN° 963. 30/9 25* sem vísar í bréfadagbókarnúmerið 963 og segir okkur að bréfið barst sýslumanni 30. september 1825, tveimur dögum eftir að það er skrifað. Neðst í hægra horninu má sjá *Cor 8/11 25* sem segir okkur að svarbréfið var skrifað af sýslumanni 8. nóvember sama ár. *Cor* stendur líklega fyrir *Correspond* sem þýðir svar. Arftakar Bonnesen sýslumanns taka nákvæmni hans greinilega til fyrirmyndar því þetta skipulag á bréfasafni sýslumannsins helst út 19. öldina og heyrir það til undantekninga ef þar finnst bréf án tilvísunar í bréfadagbókina. Bréfin eru nánast í númeraröð en hafa verður í huga að margir hafa handfjallað skjalasöfn sýslumanna og því hugsanlegt að númeraröð bréfa hafi brenglast með árunum.

[89] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). B/1, örk 17.

*Dæmi*: **Bréf til Bonnesen sýslumanns í Rangárvallasýslu 6. desember 1823 um að útvega veitingabréf fyrir ómaga.**



Hospitals Haldarinn Mr. Einar Hannes-
son á Kalldadarnesi — hefur þann 7da Novem-
ber sidstl: skrifad mér til, og bedid mig fram-
ast ad útvega Veitingar Bref ómagans —
Ingibiargar Jonsdottur fyrir Hospitals Braud
annars samastadar þar hann á næstlidnu sumri veitti henni
móttöku: eptir munnlegt samtal hans vid
herra Amtmann B: Thorsteinsen: — nú
ítrekast hér med mín audmiúk bón til ydar
ad þér villdud útvega nefnt Veitingar Bref
Ingibiargar, hiá Hospitalsins umráda nefnd-
vid tækifæri, og senda mér, ádur þá Hospitals
Haldaranum Mr. E: Hannessyni —

Skarfanesi þann 6ta Decembr 1823

Thorsteinsson

Til herra Sýslumanns J: J: Bonnesen

R. S. Nr. 212.

[illegible]: 16 Dec:

[90]

---

90 *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). B – Bréf. B/1, örk 5.

Hospítals Haldarinn[91] Mr. Einar Hannesson á Kalldadarnesi – hefur þann 7da November siðstl: skrifað mér til, og beðeð mig sem first að útvega Veitingar Bref ómagans - Ingibiargar Jonsdottur fyrir Hospitals Brauðinu samastaðar – þar hann á næstliðnu sumri veitti henni móttöku (eftir munnlegt samtal hans við herra Amtmann B. Thorsteinssen) - nú Innfellur hjer með mín auðmjúk bón til yðar að þér villduð útvega nefnt Veitingar Bréf Ingibiargar, hjá Hospítalsins umráða nefnd - við tækifæri, og senda mér, eður þá Hospitals Halldaranum Mr. E: Hannessini.
Skarfanesi þann 6ta Decembr 1823

Thorsteinsson

Til herra sislumans I:J: Bonnesen

RSJN° 212 Cor: 16 Dec:

*Athugasemdir:* Einar Hannesson var *hospitalshaldari* svokallaður og rak spítalann í Kaldaðarnesi en Kaldaðarnes var einn fjögurra holdsveikraspítala landsins. Vegna útbreiðslu holdsveiki á 16. og 17. öld var ákveðið með konungsbréfi dagsettu 10. maí 1651 að stofna fjóra spítala, einn í hverjum fjórðungi, fyrir holdsveika. Upphaflega voru spítalarnir á Möðrufelli í Eyjafirði, Hörgslandi á Síðu, Hallbjarnareyri í Eyrarsveit og Klausturhólum í Grímsnesi. Síðastnefndi spítalinn flutti að Kaldaðarnesi árið 1753 og var starfræktur þar allt þar til spítalarnir voru lagðir niður með konungsúrskurði 12. ágúst 1848. Spítalarnir voru aðallega vistheimili fyrir holdsveika öryrkja og ómaga og ætlaðir til að einangra sjúklinga og koma þannig í veg fyrir smit.[92]

Í bréfinu er hreppstjórinn Guðmundur Þorsteinsson á Skarfanesi[93] að biðja Isaak Jacob Bonnesen sýslumann Rangárvallasýslu að útvega veitingarbréf fyrir ómaga sem hefur dvalið á spítalanum á Kaldaðarnesi síðan um sumarið eftir munnlegt samtal hospitalshaldarans Einars Hannessonar við Bjarna Thorsteinsson amtmann í Vesturamti. Ástæðan fyrir því að Einar ræðir við Bjarna Thorsteinsson var sú að hann gegndi einnig embætti amtmanns Suðuramts árið 1823 þar til Peter Fjeldsted Hoppe tók við Suðuramtinu eftir Ehrenreich Moltke amtmann árið 1824 en Rangárvallasýsla heyrði undir Suðuramt.[94]

91 Við uppskriftina er sú aðferð notuð að halda í stafrétta skrift en leyst er upp úr styttingum, þannig er *n* með striki yfir skrifað sem tvö *n*.
92 Einar Laxness. *Íslandssaga. I.* Bls. 204.
93 Skv. sóknarmanntali 1822 til 1850 úr Landþingi í Rangárvallasýslu var Guðmundur Þorsteinsson hreppstjóri á þessum tíma. *ÞÍ.* Kirknasafn. Landþing. BC/3 Sóknarmanntal 1822-1850 – Sálnaregistur Stóruvalla, Skarðs og Klofa sóknum. Einnig Reykjaætt V, bls. 1640. F. 24. ágúst 1789 í Skarfanesi, Landmannahr., Rang. D. 28. júlí 1866. Bóndi og hreppstjóri í Skarfanesi 1817-1836.
94 Bjarni Thorsteinsson. „Æfisaga amtmanns Bjarna Thorsteinssonar skráð af honum sjálfum." Bls. 166-167.

Eitt af hlutverkum hreppstjóra var að sjá um málefni ómaga og þurfalinga í hreppnum svo eðlilegt er að hann skrifi sýslumanninum og falist eftir nefndu veitingarbréfi fyrir hospitalshaldarann. Guðmundur biður Bonnesen sýslumann að útvega veitingarbréfið hjá „Hospitals umráða nefnd“ sem gefur til kynna að einhver nefnd hafi verið starfandi sem fjallaði um málefni spítalanna og gaf út veitingarbréf fyrir vistmenn spítalanna. Ekki hafa heimildir fundist um slíka nefnd.

Hefð var fyrir því að neðst í bréfinu kæmi fram til hvers bréfið væri og sést hér að bréfið er stílað á I. J. Bonnesen sýslumann. Neðst í vinstra megin á bréfið hefur Bonnesen svo ritað tilvísun í bréfadagbók og í hægra horninu má sjá að hann hefur svarað bréfinu 16. desember.

*Lagagrundvöllur heimildar:* Konungstilskipun 10. maí 1651 um stofnun holdsveikraspítala í hverjum landsfjórðungi á Íslandi.[95]

*Notkunarmöguleikar:* Bréfið getur t.d. nýst við rannsóknir á sögu holdsveikraspítala á Íslandi.

### *Sýslumaður Snæfellsnessýslu*

Af þeim þremur skjalasöfnum sýslumanna sem hér eru til skoðunar hefur heillegasta bréfasafnið frá 18. öld varðveist í skjalasafni sýslumannsins í Snæfellsnessýslu. Elsta varðveitta bréfið er frá 1776 og er *Pro Memoria,* sem merkir til athugunar eða til minnis[96], frá amtmanni til Jóns Arnórssonar, sem amtmaður titlar sýslumann í Múlasýslu í bréfinu. Jón Arnórsson var sýslumaður í Snæfellsnessýslu 1778 til 1792 en þar áður var hann lögsagnari[97] hjá Hans Wíum í Múlasýslu. Hugsanlega hefur hann tekið bréf stíluð á sig með sér úr Múlasýslu þegar hann tók við Snæfellsnessýslu. Eftir að Jón Espólín tekur við sýslunni 1792 má sjá hlaupandi númer á bréfunum efst í hægra horni. (Sjá mynd 5).

Mynd 5.



[98]

[95] *Lovsamling for Island.* I. Bls. 241-242.
[96] Björk Ingimundardóttir. *Heimildaleit í Þjóðskjalasafni.* Bls. 16.
[97] Skv. lögfræðorðabók er lögsagnari umboðsmaður eða fulltrúi sýslumanns í héraði. Lögsagnari fór með flest þau störf sem sýslumenn höfðu annars með höndum. *Lögfræðiorðabók með skýringum.* Bls. 269.
[98] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. B/1, örk 10.

Bréfin liggja í númeraröð en gert hefur verið við bréfin en þau voru mörg ansi illa farin. Þessi númeraruna á bréfunum nær upp í 43 á tímabilinu 1792 til 1795. Eftir þann tíma eru þessi númer ekki lengur að sjá en 1796 tekur nýr sýslumaður, Finnur Jónsson, við embættinu og hefur hann ekki viðhaldið þessu númerakerfi.[99]

Á bréfi dagsettu 25. október 1817 má sjá bréfadagbókarnúmer, *Snfs Jo N° 29*, sem stendur að öllum líkindum fyrir Snæfellssýslu journal númer 29.[100] Það sama á við hér og fyrri sýslur að svo virðist sem sýslumenn hafi haldið einhvers konar bréfadagbækur áður en færsla varðveittra bréfadagbóka hefst. Fyrsta varðveitta bréfadagbókin í Snæfellsnessýslu er þó vandlega merkt númer eitt og hefst hún 1819 sem styrkir stoðum undir þá kenningu að ekki hafi verið haldin formleg bréfadagbók fyrir þann tíma. Otti Effersöe var sýslumaður Snæfellsnessýslu á árunum 1817 til 1819 og hefur hann augljóslega haldið einhvers konar skrá utan um innsend bréf þar sem áðurnefnd tilvísun í journalnúmer er að finna á mörgum bréfum frá hans embættistíð. Að auki má einnig sjá á sumum bréfum tilvísunina *Li N° AA* sem gefur til kynna að einhvers konar fylgiskjalanúmer hafi verið í notkun[101] en *Li* er líklega stytting á *Littera* sem þýðir bókstafur.[102]

Eftir 1819 má sjá tilvísanir á bréfunum í bréfadagbækur samviskusamlega skráð á bréfin og liggja þau nokkurn veginn í númeraröð alveg fram til 1879. Á tímabilinu 1879 til 1893 má finna þó nokkurn fjölda ónúmeraðra bréfa.[103] Ef bréfadagbók frá þessu tímabili er skoðuð má sjá að sýslumaður hefur hætt að færa inn bréf í janúar 1879 og einungis eru að finna nokkrar færslur árið 1886. Aftur er tekið til við að skrá bréf í bréfadagbók 1889 en stopult þó og það virðist ekki vera fyrr en að Lárus H. Bjarnason tekur við sýslunni 1894 sem skipulögð skráning bréfa hefst aftur. Til samanburðar má nefna að 1894 eru yfir 400 bréf færð inn í bréfadagbók á móti tæplega 50 árið 1891. Þetta tímabil endurspeglast í bréfasafninu. Í skránni yfir bréfasafnið er tekið fram að þarna eru um að ræða ójournaliseruð bréf og liggja þau í tímaröð. Eftir 1894 eru bréfin númeruð með tilvísun í bréfadagbók og liggja þau nánast í númeraröð. Það skipulag helst út 19. öldina.

---

[99] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir*. III. bindi. Bls. 230.
[100] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. B/2, örk 7
[101] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. B/2, örk 8
[102] Ludvig Meyer. *Fremmed Ordbog*. Bls. 599.
[103] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. B/31.

**Dæmi: Bréf frá Harald Clausen sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu til Præben Böving sýslumanns Snæfellsnessýslu varðandi fátækraflutning, 27. janúar 1869.**


þar eð mál hefur verið höfðað gegn
Jóni nokkrum Önundssyni fyrir þjófnað, og hann
með aukarjettardómi Gullbringu og Kjósar-
sýslu, dags. 25. þ. m. er dæmdur í 20
vandarhagga refsingu, sem hann hefur
úttekið ídag, og þareð tjeður Jón Ön-
undsson undir prófunum í tjeðu
máli hefur skýrt frá, að hann eigi
framfæri í Breiðavíkurhreppi innan
Snæfellsnessýslu, þar sem hann hvergi
hefur unnið sjer framfærisrjett með
10 ára dvöl sinni á nokkrum stað
síðan hann varð fullra 16 ára, flytst
hann nú fátækraflutningi að tilhlut-
an hins opinbera, þar eð hann nú í
seinni tíð hefur verið á flakki hjer
í sýslunni, og er engan veginn
fær um að ala önn fyrir sjer
Snfn S/8–N131–69

[104]

[Framhlið bréfs]

Þar eð mál hefur verið höfðað gegn Jóni nokkrum Önundssyni fyrir þjófnað, og hann með aukarjettardómi Gullbringur og Kjósarsýslu, dags. 25. þ.m. er dæmdur í 20 vandarhögga refsingu, sem hann hefur úttekið í dag, og þareð tjeður Jón Önundarson undir prófunum í tjeðu máli hefur skýrt frá, að hann eigi framfæri í Breiðavíkurhreppi innan Snæfellsnessýslu, þar sem hann hvergi hefur unnið sjer framfærisrjett með 10 ára dvöl sinni á nokkrum stað síðan hann varð fullra 16 ára, flytst hann nú fátækraflutningi að tilhlutan hins opinbera, þar

[104] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. B/26, örk 7.

eð hann nú í seinni tíð hefur verið á flakki hjer í sýslunni, og er engan veginn fær um að ala önn fyrir sjer

*SnfnSJ8 – N131-69*

[Bakhlið bréfs]

sjálfur. Hið framangreinda undanfelli jeg ekki að gefa yður, Hra. Sýslumaður, til þóknanlegrar vitundar að því viðbættu, að jeg hef uppálagt tjeðum Jóni Önundarsyni að leita á yðar fund, þegar hann kemur í sýslu yðar, og að sú skipan einnig sje teiknuð á vegabrjef hans.

Skrifstofu Gullbr. & Kjósarsýslu 27. Jan. 1869.

Clausen

Til

Sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.

*Athugasemdir*: Algengt er að sjá mikla auðmýkt í bréfum til sýslumanna þar sem lögð er fram einhver bón og oft má sjá ákveðna titlun, yfirleitt *herra sýslumaður*, framarlega í efni bréfsins hvort sem bréfið er frá lægri embættismönnum, eins og hreppstjórum, eða æðra yfirvaldi, eins og amtmanni. Sjaldan kemur fyrir að bréf hefjist á slíku ávarpi og er yfirleitt undið sér beint að efninu án nokkurra málalenginga eins og þetta bréf er ágætt dæmi um. Á bréfum milli embætta má greina þó ákveðna virðingu í skrifum með ákveðnu orðalagi og þérun eins og síðasta setning bréfsins er ágætt dæmi um.

Bréfið er tilkynning eins sýslumanns til annars um að hann hafi ákveðið að flytja eigi einstakling, sem ekki er fær um að sjá fyrir sér, fátækraflutningi til síns fæðingarhrepps þar sem hann hafi ekki áunnið sér réttindi annars staðar með fastri búsetu í samfleytt 10 ár.

Samkvæmt reglugerð frá 8. janúar 1834 voru fátækramálefni á verksviði hreppstjóra, hins vegar áttu sýslumenn að „afgjöra allar þrætur, viðvíkjandi fátækra málefnum“ en það var samkvæmt konungsbréfi frá 1781.[105] Í sömu reglugerð kemur fram að þrætur milli sýslna skyldi amtmaður úrskurða ef sýslumenn gætu ekki komist að niðurstöðu.

Af bréfinu má skilja það sem svo að einstaklingur hafi þurft að hafa fasta búsetu í samfleytt 10 ár til að ávinna sér réttindi til framfærslu hreppsins. Í reglugerðinni frá 1834 kemur þó fram að einstaklingur þurfi að hafa verið búsettur eða vistfastur í sömu sveit í samfelld fimm ár eftir 16 ára aldur til að eiga rétt til framfærslu og má hann ekki hafa þegið styrk af sveitinni áður. Ef einstaklingur hafði ekki áunnið sér réttindi í þeim hrepp sem

[105] *Lovsamling for Island*. X. Bls. 424.

hann var búsettur það sinnið mátti flytja hann í hans fæðingarhrepp. Í þau skipti átti sýslumaður að gefa þeim flutta fylgiseðil sem sýndi „eptir hvers skipan, svo og frá hverri sveit og til hverrar hann flytjast á, hvareptir þeir hreppstjórar, gegnum hverra sveitir flutningurinn skeður, eru skyldugir til að gjöra þarfyrir nauðsynlega ráðstafan.“[106] Er líklegt að sá fylgiseðill sé vegabréfið sem vísað er í í bréfinu.

*Lagagrundvöllur heimildar:* Konungsbréf um fátækramálefni 11. apríl 1781, 6. grein.[107]

*Notkunarmöguleikar:* Bréfið má nota til að fá skilning á verkefnum sýslumanna og nýtist það við rannsóknir t.d. á fátækraflutningum og málefnum fátæklinga á 19. öld.

[106] *Lovsamling for Island.* X. Bls. 426.
[107] *Lovsamling for Island.* IV. Bls. 584.

**C - Bréfabækur**

Bréfabækur eru einnig nefndar copiebog eða kópíubók og hafa að geyma afrit af útsendum bréfum embættisins. Í flestum tilfellum eru útsendu bréfin númeruð í hlaupandi númeraröð innan hverrar bókar. Hver færsla hefur yfirleitt að geyma upplýsingar um númer bréfsins í bréfabókinni, dagsetningu bréfs og hver er viðtakandi þess. Þá er uppskrift bréfsins og í sumum tilfellum er tilvísun í bréfadagbók svo unnt er að finna innkomna bréfið sem verið er að svara. Í þeim tilfellum sem sýslumenn þurftu að senda fjöldapóst er bréfið skrifað einu sinni upp en fær númer sem samsvarar þeim fjölda bréfa sem þeir sendu frá sér, t.d. ef þurfti að senda fjórtán hreppstjórum tilkynningu þá var bréfið númerað 1-14 í bréfabókinni.[108] Almennt virðast bækurnar hafa varðveist heillega og eru þær oft með forsíðu sem tiltekur númer þeirra í röðinni, sérstaklega í upphafi 19. aldar. Þegar líður á öldina virðist utanumhaldið verða minna skipulagt.

Ekki eru aðeins varðveitt svarbréf sýslumanna við innsendum erindum í bréfabókum heldur má einnig sjá þar uppskrifaðar skýrslur, skilagreinar og reikninga sem þeim bar að senda landfógeta eða amtmanni til upplýsingar um hagi sýslunnar. Má þar nefna skrár um látna, skýrslur um lokin skipti, um verðlag, um búnaðarástand, skilgreinar yfir skatt, reikningar um ýmsar tekjur og gjöld og svo mætti áfram telja. Eru slík skjöl þó ekki heilstætt að finna í öllum sýslum fyrir hvert ár og líklega hafa sýslumenn ekki alltaf gefið sér tíma til að rita þær upp áður en frumritin voru send til æðra yfirvalds.

***Sýslumaður Ísafjarðarsýslu***

Sýslumaðurinn í Ísafjarðasýslu hóf að halda bréfabækur 1821 og eru alls átta bækur varðveittar frá 19. öld að auki einnar bókar sem inniheldur endurrit sendra bréfa 1851 – 1855. Fyrsta bókin hefst í október 1821, í tíð Ebenezers Þorsteinssonar sýslumanns, á bréfi númer 1. Sjá mynd 1.

Mynd 1.


[109]

[108] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/2, örk 3. Bréfabók 1849-1852.
[109] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/1, örk 1. Bréfabók 1821-1836.

Í efstu línu á hverri síðu má sjá mánuðinn og ártal þar til vinstri. Í vinstri dálk eru færðar inn upplýsingar um dagsetningu og viðtakandi bréfs. Í efnisdálkinum kemur fyrst fram númer bréfsins og hægra megin við það má sjá tilvísun í bréfið sem verið er að svara, *Isf.S.J. N° 31*, sem stendur fyrir Ísafjarðarsýslu journal (bréfadagbók), bréf númer 31, og stemmir sú tilvísun við bréfadagbókina. Bréfin fá hlaupandi númer í gegnum bókina óháð árum og eru skrifuð upp í heild sinni. Undir bréfunum er rituð staðsetning og dagsetning hvers bréfs en í ágúst 1834 dettur þessi undirritun út og gæti það skýrst af því að þá tekur nýr sýslumaður, Árni Þorsteinsson, við embættinu. Hann setti þó Pál Benediktsson fyrir sig og gegndi hann embættinu þar til Þorkell Gunnlaugsson tók við árið 1835.[110] Þessi fyrsta bréfabók embættisins er þokkalega varðveitt en fyrstu blaðsíðurnar hafa losnað úr bandi og liggur bókin í þremur örkum í skjalasafninu.[111]

Önnur bréfabók Ísafjarðarsýslu hefst árið 1836 og hefur verið bundin inn í seinni tíð í svarta kápu og er mjög vel farin. Á fremstu síðu bókarinnar má sjá heiti hennar, *Copiebog*, og númer. Sjá mynd 2.

Mynd 2.



[112]

Eins og sjá má eru þar tvö númer, annars vegar númerið 2 og hins vegar númerið 31. Talan tveir vísar væntanlega í að þetta er önnur bréfabók embættisins en talan 31 vísar að öllum líkindum í það númer sem bókin fékk í afhendingarskrá þegar nýr embættismaður tók við sýslunni. Eins og minnst hefur verið á kom fram í erindisbréfi sýslumanns frá 1789 að þegar embættismannaskipti fóru fram skyldi sýslumaður útbúa lista yfir öll skjöl og bækur sem hann afhenti eftirmanni sínum.[113]

---

110 Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir.* II. bindi. Bls. 245.
111 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/1, örk 1-3. Bréfabók 1821-1836.
112 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/1, örk 4. Bréfabók 1836-1841.
113 *Lovsamling for Island.* V. Bls. 626.

Hlaupandi númer bréfanna heldur áfram frá fyrri bók og hefst hún á bréfi númer 980. Þessi önnur bók er eins uppsett og fyrri bókin en athygli vekur að í lok árs 1840 má finna lista yfir bréf í þeirri röð sem þau voru móttekin aðeins fyrir árið 1840. Í vinstri dálk er dagsetningin þegar þau voru móttekin, í hægri dálk dagsetning svarbréfsins og í miðjudálki er stutt samantekt innihalds bréfsins í 1-2 línum.[114]

Þriðja bókin hefst árið 1841 og má sjá á forsíðunni númerið 3 og 32 líkt og í fyrri bók. Vísar tala þrír þá væntanlega á að þetta sé þriðja bréfabók embættisins en talan 32 númer bókarinnar í afhendingu skjalasafnsins við sýslumannsskipti. Bókin er mjög illa farin, trosnuð á jöðrum og að losna úr bandinu. Hefur hún ekki verið bundin inn í seinni tíð líkt og önnur bréfabókin. Bréfin eru áfram í hlaupandi númeraröð og endar bókin á bréfi númer 1995. Þá er hér áfram að sjá sömu uppsetningu og í fyrri bókum, þ.e.a.s. upplýsingar um dagsetningu og viðtakanda bréfsins í sér dálki og loks uppskrift bréfsins í öðrum dálki.[115]

Í fjórðu bréfabókinni, fyrir árin 1844-1849, má sjá breytingar, bæði hvað uppsetningu varðar og svo er fyrri númeraröð bréfanna hætt og hefst bókin á færslu bréfs númer 1. Bókinni er ekki lengur beint skipt upp í dálka heldur er númer bréfsins efst og innihald þess skrifað upp í framhaldi þess. Viðtakandi bréfsins og dagsetning þess er ritað á jaðri blaðsíðunnar. Efst í horni hverrar síðu má sjá ártal. Sjá mynd 3.

Mynd 3.


[116]

Þessi fjórða bréfabók er ekki eins snyrtileg og fyrri bækur og bókin er augljóslega bundin inn eftir á þar sem í henni má finna afrit útsendra skýrslna inn á milli uppskrifaðra

[114] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/1, örk 4. Bréfabók 1836-1841.
[115] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/2, örk 1. Bréfabók 1841-1844.
[116] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/2, örk 2. Bréfabók 1844-1849.

bréfa. Skýrslurnar fá númer eins og önnur útsend bréf en afrit sumra bréfanna líkist meira uppkasti en hreinrituðum afritum sendra bréfa eins og sjá mátti í fyrri bókum.[117]

Í næstu bréfabók, sem nær yfir árin 1849-1852, má sjá lítillega breytta uppsetningu frá fyrri bókum og er hún skipulagðari. Þar má sjá fjóra dálka þar sem fyrsti dálkurinn hefur upplýsingar um númer bréfsins, þar næst kemur dagsetning bréfsins, þá innihald og að lokum er dálkur fyrir tilvísun í bréfadagbók. Upplýsingar um viðtakanda koma fram efst í innihaldi bréfsins. Helst þessi uppsetning í gegnum alla bókina. Af einhverjum ástæðum koma þrjár ónúmeraðar færslur dagsettar árið 1859 aftast í bókinni. Líklega hefur sýslumaður þarna nýtt sér auðar blaðsíður í bókinni fyrir bréfauppköst í seinni tíð.[118]

Næsta bréfabók, sjötta bókin sem nær frá árinu 1854 til 1858, er eins uppsett. Hins vegar er aldrei fært inn í aftasta dálkinn og 1856 dettur fremsti dálkurinn út og bréf eftir þann tíma hafa því ekki bréfadagbókarnúmer. Í lok bókarinnar má sjá uppskrift bréfa frá árinu 1860 en þau eru skrifuð upp án dálka og líklegt að öftustu síðurnar í bókinni hafi verið notaðar fyrir uppköst bréfa þar sem þau eru ekki í samræmi við fyrri færslur eða í beinu framhaldi af þeim. Síðasta bréfið sem er skrifað í þessa bók með hefðbundnum hætti er frá því í apríl 1858.[119] Sjöunda bréfabókin hefst árið 1858 og því líklegra að færslurnar fyrir bréf frá 1860 í fyrri bók hafi eingöngu verið uppköst. Sjöunda bréfabókin nær fyrir árin 1858 til 1865 og hefur hún tveggja dálka uppsetningu líkt og eldri bækur embættisins. Í vinstri dálk má sjá upplýsingar um númer bréfsins og viðtakanda en í hægri dálk er dagsetning bréfsins, innihald þess og stundum er vísað í bréfadagbók. Í byrjun árs 1859 hættir sýslumaður þó að gefa útsendum bréfum númer og fljótlega upp úr því hættir þessi dálkaskipta uppsetning. Í stað þess kemur fram í fyrstu línu dagsetning og viðtakandi bréfsins og efni þess í framhaldi af því. Bréfin eru aðskilin með láréttu striki. Aftast í bókinni má finna registur sem byrjað hefur verið að færa inn í en síðasti sýslumaður hefur nýtt þessar síðustu blaðsíður undir endurrit bréfa.[120]

Áttunda bréfabókin nær yfir árin 1865 til 1871 og er hún jafnframt síðasta bókin sem hefur varðveist frá 19. öld. Næsta bók hefst 1921 svo þarna er um að ræða 50 ára gat í bréfabókum embættisins. Ekki er vitað um örlög þeirra bóka. Þessi bréfabók er merkt *N° 4* og ekki er ljóst hvað það eigi að standa fyrir. Bókin er um margt ólík fyrri bókum að því leyti að hér eru að finna uppskriftir af ýmsum reikningum sem sýslumaður sendi landfógeta um hver áramót. Ennfremur eru fyrstu 25 síður bókarinnar uppskriftir dánarbúa úr skiptabók Ísafjarðarsýslu og hafa þær verið gegnumdregnar og kvittaðar fyrir af Bergi

[117] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/2, örk 2. Bréfabók 1844-1849.
[118] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/2, örk 3. Bréfabók 1849-1852.
[119] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/3, örk 1. Bréfabók 1854-1858.
[120] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/3, örk 2. Bréfabók 1858-1865.

Thorberg, amtmanni Vesturamts. Eftir það hefst greinilega bréfabókin sjálf í desember 1865. Bókin er á köflum mjög óskipuleg á að líta og sjálfar bréfafærslurnar virðast enda í desember 1871. Í framhaldi af þeim kemur uppskrift ýmissa reikninga fyrir sýsluna frá árunum 1865 til 1871. Uppsetning bókarinnar er því ekki eins formleg og sjá mátti í fyrri bókum. Er þetta augljós breyting á vinnuaðferðum sýslumanns og stað þess að sjá nánast nákvæmt form bréfsins eins og það var sent út, líkt og sjá má í fyrstu bókunum, verður stíllinn knappari og bréfin þéttari, líkt og verið sé að nýta blaðsíðurnar betur.[121]

Að lokum er að finna bók sem hefst á lista yfir innsend erindi, frá 1851 til 1852, líkt og bréfadagbók en í framhaldi af því má finna endurrit sendra bréfa 1851 til 1856.[122] Þessi bók skarast við aðrar bréfabækur embættisins í tíma og er ekki um að ræða sömu erindi. Enga augljósa skýringu er að finna á því af hverju tvær bréfabækur er að finna fyrir ákveðið tímabil í sögu embættisins en á árunum 1851 til 1852 þjónaði Magnús Pétursson tímabundið embættinu í stað Magnúsar Gíslasonar og hugsanlega gæti hann hafa haldið sínum erindum sér.[123]

**Dæmi: Bréfabók 1854 – 1858 sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.**


[124]

| | | |
|---|---|---|
| | 4 apr. | Uppboðsauglýsing<br>Þriðjudaginn þann 10da Apríl verður við opinbert uppboð á Eyri við Skutulsfjörð selt ýmislegt af fjármunum jómfrú Önnu Eyólfdóttur þar bæði fatnaður, búsgögn, kistur og lítið eitt af matvörum og fleira. Einnig verður þá selt við sama uppboð timburhús er henni tilheyrir og stendur á Eyri. Sölu og borgunarskilmálar verða uppkveðnir á staðnum áður uppboðið byrjar. |

[121] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/3, örk 3. Bréfabók 1865-1871.
[122] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/4, örk 1. Bréfabók 1851-1856.
[123] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir.* II. bindi. Bls. 250.
[124] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. C/3, örk 1. Bréfabók 1854-1858.

*Athugasemdir*: Auglýsingin er frá árinu 1855. Ekki kemur fram hverjum auglýsingin er send en líklega er um að ræða dreifibréf en uppboðsauglýsingar voru festar upp á fjölförnum stöðum í sýslunni. Það var misjafnt hversu mikið uppboð voru auglýst eftir því hvað var boðið upp. Stundum voru aðeins auglýsingar settar upp í næsta nágrenni en önnur uppboð voru auglýst um alla sýsluna. Sýslumenn héldu sérstakar uppboðsbækur þar sem þeir hlutir sem boðnir voru upp, verð þeirra og kaupendur var ritað niður. Nánar eru hægt að lesa um uppboðsbækur í kaflanum *EC1 – Uppboðsbækur*. Auglýsingar fyrir uppboð liggja oft með öðrum fylgiskjölum uppboðsins en lesa má nánar um þann skjalaflokk í kaflanum *EC2 – Fylgiskjöl uppboðsréttar*.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Líkt og með bréfadagbækur hefur ekki fundist lagagrundvöllur fyrir því að sýslumenn héldu bréfabækur. Í ritröð um danskar stjórnsýsluheimildir er fjallað um bréfabækur dönsku miðstjórnarinnar og segir þar að „[i]ndførelse af brevbøger og brevregistre i forvaltningen, den centrale såvel som den lokale, er ikke sket ved lov, men pga. administrationens behov for let tilgængelig viden om det afsendte breves indhold og udstedelsestidspunkt.“[125] Af því má skilja að bein lagatilskipun sé ekki til staðar og að embættismenn hafi byrjað að halda bréfabækur af þörf fyrir að vita innihald bréfanna sem þeir sendu frá sér. Bjarni Thorsteinsson amtmaður Vesturamts sendir sýslumönnum bréf 26. ágúst 1822 sem hann segist hann nauðbeygður til að gefa sýslumönnum fyrirmæli þess um að halda slíkar bækur þar sem hann hafi orðið var við að ekki öll embætti haldi bækurnar á viðeigandi hátt. Því fyrirskipar hann að frá þeim tíma sem hann tekur við embætti skuli sýslumenn halda bréfadagbækur þar sem helstu efnisatriði bréfs komi fram ásamt því að halda bréfabók þar sem innfæra skuli öll útsend bréf embættisins.[126]

Lagagrundvöllur þessarar tilteknu heimildar er *Forordning om Auctions-Værket i Danmark og Norge* eða tilskipun um uppboð í Danmörku og Noregi, 19. desember 1693.[127] Þessi tilskipun var ekki auglýst upphaflega á Íslandi, en var þó tekin til notkunar síðar. Í 5. til 7. grein kemur fram að uppboðshaldari skuli halda uppboðsbók, sem er löggilt og gegnumdregin og skyldu bækurnar skoðaðar af yfirvaldi. Í bækurnar átti að færa nákvæmlega alla selda muni og verð þeirra, ásamt dagsetningu og staðsetningu uppboðsins.

*Notkunarmöguleikar*: Skjalið er heimild um fjölbreytt verkefni sýslumanna. Getur þetta nýst til rannsókna á uppboðum, hvernig ferli þeirra var og getur vísað í ítarlegri heimildir í uppboðsbók varðandi eignir Íslendinga á hverjum tíma.

---

[125] *På embeds vegne*. Bls. 34.
[126] *ÞÍ*. Vesturamt. III, 11. Bréfabók 15.8.1822-10.9.1824.
[127] *Lovsamling for Island*. I. Bls. 510-515.

### *Sýslumaður Rangárvallasýslu*

Sýslumaður Rangárvallasýslu hóf að halda bréfabækur 1819 og í skjalasafni hans eru varðveittar alls 36 bækur frá 19. öld. Fyrstu bækurnar eru nokkuð illa farnar, orðnar morknar og þarfnast viðgerðar. Fyrsta bókin nær frá árinu 1819 til 1823 og er hún sérstaklega illa farin. Á fyrstu síðu sést þó auðkenni bókarinnar, *C N° 1*, sem stendur líklega fyrir að þetta er copiebog nr. 1 . Þetta er innbundin, þykk bók, þar sem blöðin hafa dökknað mjög, líklega af skít, og það er erfitt að lesa fyrstu blaðsíðurnar. Fyrsta dagsetningin sem sést er 26. febrúar 1819. Í þessari fyrstu bók eru bréfin ónúmeruð en bókin er þannig uppsett að bréfin eru skrifuð upp í heild sinni og í lokin má sjá dagsetningu bréfsins og viðtakanda þess. Það breytist í byrjun árs 1820 en þá er byrjað að færa inn upplýsingar um dagsetningu bréfs og viðtakanda á vinstri spássíu. Augljóst er að tvær bækur hafa verið bundnar saman og virðist vanta færslur frá júlí til september 1819 inn í.[128]

Í annarri bréfabók má sjá glæsilega forsíðu með upplýsingum um númer bókarinnar, fyrir hvaða sýslu bókin er haldin og hvers konar bók þetta er ásamt upplýsingum um nákvæma dagsetningu bréfa sem bókin nær yfir og númer þeirra.[129] Sjá mynd 4.

Mynd 4.



[130]

Bókin heldur áfram með tveggja dálka uppsetningu þar sem ytri dálkur inniheldur upplýsingar um viðtakanda og dagsetningu bréfsins. Í efnisdálkinum má sjá númer bréfsins fyrst vinstra megin og hægra megin er að finna tilvísun í bréfadagbók. Í framhaldi af því er

[128] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/1, örk 1. Bréfabók 1819-1823.
[129] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/2, örk 1. Bréfabók 1823-1826.
[130] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/2, örk 1. Bréfabók 1823-1826.

innihald bréfsins skrifað upp. Sjá mynd 5. Aftast í bókinni er að finna registur, fyrst í númeraröð og síðan í efnisröð.[131]

Mynd 5.


1824 November
December 1824
18 December 24

[132]

Næstu þrjár bækur eru eins, númer bókarinnar er á forsíðu og hver bók hefst á bréfi númer eitt.[133] Í sjöttu bréfabók, sem nær yfir bréf frá 1835 til 1837, er greinilegt að tveimur bókum hefur verið steypt saman í eina bók í seinni tíð. Fyrri hlutinn endar í júní 1836 og hefur sá hluti sér registur. Seinni hluti bókarinnar hefst í júní 1836 á bréfi númer eitt og hefur sá hluti einnig sérstakt registur aftast.[134] Ein skýring gæti verið að sýslumannsskipti voru árið 1836 og hefur nýr sýslumaður hugsanlega viljað hefja nýja númeraröð.[135] Í raun er það líkleg skýring en í áttundu bréfabókinni má sjá svipað fyrirkomulag. Áttunda bókin heldur utan um bréf frá 1842 til 1844 en bókin er í raun tvískipt þar sem byrjað er á nýrri númeraröð frá nr. 1 í júní 1843. Það er um það leyti sem Eggert Ólafur Briem tekur við embættinu og hefur hann hugsanlega viljað hefja nýja númeraröð fyrir sín bréf.[136]

---

131 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/2, örk 1. Bréfabók 1823-1826.
132 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/2, örk 1. Bréfabók 1823-1826.
133 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/2, örk 2, C/3, arkir 1-2.
134 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/4, örk 1. Bréfabók 1835-1837.
135 Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir.* IV. bindi. Bls. 507.
136 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/5, örk 1. Bréfabók 1842-1844.

Að öðru leyti eru bréfabækur sýslumannsins í Rangárvallasýslu vel skipulagðar, snyrtilegar og samræmi virðist haldast alla 19. öldina í uppsetningu og frágangi þeirra. Bækurnar eru númeraðar svo sýslumenn hafa haldið vel utan um bækurnar í þessum skjalaflokki. Reglan virðist hafa verið að hefja nýja bók á bréfi númer eitt, fyrir utan þau tvö dæmi sem hafa verið nefnd þar sem byrjað hefur verið upp á nýtt í númeraröðinni í miðri bók. Þær eiga það einnig sameiginlegt að aftast í bókunum er að finna registur yfir efni hverrar bókar. Ekki verða miklar breytingar á uppsetningu bókanna í gegnum árin en hefðbundin uppsetning eftir miðja öldina er sú að á ytri spássíu má sjá dagsetningu bréfs, númer bréfsins er efst og þá viðtakandi. Í framhaldi af því er uppskrift bréfsins.[137] Það eina sem í raun breytist með tímanum að um miðja öldina er hætt að vísa í bréfadagbókarnúmer sem táknar ákveðið rof í skjalavörslukerfi sýslumanna þar sem bréfabækurnar missa þannig tenginguna við bréfadagbækur.

**Dæmi: Bréfabók 1848 – 1851 sýslumannsins í Rangárvallasýslu.**


457

Augustus 1850

458

September 1850

[138]

[137] Sjá til dæmis: *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/7, örk 2. Bréfabók 1855-1857.
[138] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). C/6, örk 1. Bréfabók 1848-1851

Augustus 1850

N° 590

20. til hins háfa suðuramts

Sept Erlendur bóndi Hallgrímsson á Skjeggjastöðum í Vesturlandeya hrepp í Rangarvallasýslu hefir krafist aðstoðar minnar til þess að géta feingið forlag með móðir sinni Guðrýði Ögmundardóttur, sem hjá honum er til framfæris á nýunda tug aldurs síns, og karlæg, frá dætrum hennar Guðrúnu Hallgrímsdóttur á Götum sem gift er mjög vel efnuðum bónda, Guðmundi Guðmundssyni og Hallgrímu Hallgrímsdóttur, sem gift er ríkum bónda Sveini á Kotleisu í Árnessýslu. – Með bréfi dagsettu 18da Novbr. 1848 ritaði ég sýslumanninum í Árness og Skaptafellssýslu og óskaði þeirra fulltingis til að ofangreindir bændur Guðmundur Guðmundarson á Götum í Skaptafellssýslu og Sveinn bóndi á Kotleisu í Árnessýslu gérðu skyldu sína í að veita móður sinni karlægri og á nýræðis aldri að sínum hluta framfæri eptir boðum Reglug. frá 18da Jan. 1834, 4du grein sem Sveinn gjört hafði allt fram að árinu 1847, enn ekkert síðan, goldið árlega 2 spesiur eptir samningi gérðum um það sem fylgir. Guðmundur hafði lofað að taka teingdamóðir sína og veita henni framfæri ef hún til hans væri flutt. Þegar að því var komið að flytja átti þetta áttræða gamalmenni jafnlángann veg sem úr Vesturlandeyum og allt austur að Götum í Mýrdal, treystist hún ey til þess, sem viðkomandi hreppstjóra attest sínir, að láta flytja sig, er hún rétt skömmu áður flutt var til Erlendar sonar síns utan úr Árnessýslu, þaðan sem hún notaði hafði framfæris hjá öðrum sini hennar Þorvarði, sem fyrir fátæktar sakir varð að láta móður sína frá fara sér, þegar eigur hennar voru eiddar til framfæris henni og hann ónógur orðinn að sjá fyrir henni. - Eins og sjá má af meðfylgjandi bréfi sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dagsettu þann 18da Marts man þ.á. eru undirtektir Guðmundar með það að veita teingdamóðir sinni framfæri að hans hluta mjög þungar, enn þótt hann fyrir tilstilli sýslumanns það ár léti af hendi 4dbd án loforðs um að gjöra það framveigis meðan hún lifði. Þegar ég aptur í bréfi dagsettu 24da Nov. beiddist aðstoðar sýslumannsins í Skaptafellsssýslu til ná forlagi hjá Guðmundi Guðmundarsyni með teingdamóður hans fyrir árið 1849, kom það svar sem nú fylgir. -

Í svari þessu ber Guðmundur það fyrir að hann boðist hafi til að taka teingdamóður sína án forlags frá systkynum konu sinnar og goldið flutningskaup hennar með 100 fisk en hún hafi ekki flutt verið til sín, og ber hann því fyrir að samningsrof gerð hafi verið af Erlendi. Þess er áður gétið að móðirin vildi ey á ný hrekjast austur í sveitir, enn Erlendur sonur hennar sem samninginn gjörði undirgekkst hann því að eins, að móðir hans væri ljúf á að þiggja framfæri hjá dóttur sinni, en þegar þess var engin kostur að móðir hans ~~vildi vera ljúf á að þiggja framfæri hjá dóttur sinni~~ vildi fara svo lángann veg úr átthögum sínum, og ólíklegt er að hún á nýræðis aldri væri flutningsfær, en hún, en hún beiddi hann grátandi að þvinga sig með þeirri ferð, hlaut Erlendur væri hann ey tilfinningarlaus sonur að láta það eptir móður sinni, án þess þaraf leiddi að hann einn skyldi standa straum af henni, þar sem átti 3 dætur allar velefnaðar og jafnvel ríkar, eptir því sem hér á Landi gérist meðal bændafólks, þótt framfæri það er Guðmundur greiddi væri 100 fiskar, sem hann kallar flutningskaup eru ekki fullir 8rbd sem Erlendur búinn er að halda móðir sína framfæris laust full 5 ár, segir Guðmund mág sinn með þeim borgað hafa 2ja ára forlag með móður sinni, eða 4rbd um árið og hið 3ja árið með þeim 4rb dölum er fylgdu bréfi sýslumanns þann 18da Marts 1849. Svo nú er ... kallað eptir 8rbd fyrir árið 1848 – 1850.

Svar Sveins bónda á Kotleisu í Árnesssýslu, hefi ég ekki feingið en þótt ég ritaði sýslumanninum í Árnesssýslu hinn sama dag og sýslumanninum í Skaptafellssýslu þann 18da Nov. 1848, og svo aptur þann 24da dag November mán. 1849, má því þar af ráða að hann heldur ekki muni vilja uppfylla lagaskylduna um framfæri teingdamóður sinnar án þess þetta komi til úrskurðar amtsins. Jón bóndi Guðmundsson á Stórumörk sem giftur er 3ju dóttur Guðryðar Ögmundsdóttur, hefir fundið forlagskröfu Erlendar mágs síns sanngjarna og borgar árlega 4rbd með teingdamóðir sinni. Þareð það þannig er sjónarlegt að teingdasynir Guðryðar Ögmundsdóttur Sveinn og Guðmundur fyrir hönd kona sinna og dætra hennar, ekkert forlag leggja vilja til Erlendar er heldur móðir þeirra karlæga á nýræðis aldri, er þeim öllum jafnt, ber skylda til að framfæra, þá óska ég að þér Hávelborni Herra leggja vilduð úrskurð, á mál þetta, og ef úrskurður yðar sem ég vænti, fellur á þá leið að framannefndir teingdasynir Guðryðar Ögmundsdóttur, skyldaðir verði að leggja henni hverr að sínum hluta 4rbd árlega, og kosta úrför hennar til jafns við Erlend Hallgrímsson, að hlutaðeigandi sýslumönnum þá boðið verði að taka með fjárnámi ef til þess þarf að koma 2 ár í forlag, eða 8rbd hjá Guðmundi Guðmundarsyni á Götum í Mýrdal í Skaptafellssýslu en 12rbd hjá Sveini bónda á Kotleisu í Flóa innan Árnessýslu, fyrir þau 3 ár er hann engu hefir svarað. -

*Athugasemdir*: Samkvæmt reglugerð um málefni fátækra frá 1834 bar afkomendum, ef þeir gátu, að framfæra foreldra sína líkt og foreldrar eiga að sjá fyrir börnum sínum.[139] Á þeim grundvelli hefur sýslumaður reynt að fá tengdasyni Guðríðar Ögmundsdóttur til að greiða með henni. Hann vísar reyndar í reglugerð dagsetta 18. janúar 1834 en í raun er hún frá 8. janúar sama árs.

Athygli vekur að bréfasamskiptin hafa greinilega farið fram í gegnum sýslumenn í Árnessýslu og Skaftafellssýslu en ekki beint við þá Guðmund og Svein. Líklega hefur það verið siðurinn að sýslumenn hlutist til um mál einstaklinga innan þeirra sýslumarka. Það er ekki síður áhugaverður vitnisburður um tíðaranda þess tíma að samskiptin fóru ekki fram við þá aðila sem skyldugir voru til að bera kostnaðinn við framfærslu gömlu konunnar, dæturnar sjálfar, heldur var krafan gerð á hendur eiginmanna þeirra.

Í sömu reglugerð kemur einnig fram að ef upp komi ágreiningur milli sveita í ýmsum sýslum, en þó í sama amti, og sýslumenn geti ekki komið sér saman um lausn, skuli amtmaður úrskurða í málinu.[140] Er þá komin ástæða þess að sýslumaður Rangárvallasýslu sendir þetta erindi til amtmanns Suðuramts til úrlausnar, enda má lesa svo úr bréfinu að heldur fálega hafi verið tekið í erindi hans af hálfu sýslumanna Árnessýslu og Skaftafellssýslu.

---

[139] *Lovsamling for Island*. X. Bls. 425.
[140] *Lovsamling for Island*. X. Bls. 424.

Skammstöfunin *rbd* stendur fyrir ríkisbankadali og var það mynt þess tíma.[141]

*Lagagrundvöllur heimildar:* Tilskipun Bjarna Thorsteinssonar amtmanns Vesturamts dagsett 26. ágúst 1822 til sýslumanna um að þeir skyldu halda bréfabók þar sem innfæra skuli öll útsend bréf embættisins.[142] Sjá nánar á bls. 40.

Lagagrundvöllur þessa tiltekna dæmis er Reglugjörð fyrir fátækra málefna lögun og stjórn, fyrst um sinn, á Íslandi 8. janúar 1834.

*Notkunarmöguleikar:* Bréfabækur innihalda útsend erindi sýslumanna og eru því almennt mjög góð heimild til að átta sig á fjölbreyttum verkefnum sýslumanna. Þetta tiltekna bréf mætti nota í rannsóknum um fátækraflutninga og framfærslu fátækra á 19. öld.

### *Sýslumaður Snæfellsnessýslu*

Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hóf að halda bréfabækur 1821 og eru alls varðveittar 15 bréfabækur frá 19. öld, auk einnar bókar sem merkt er „millibils copíubók" fyrir árin 1877-1878 en hún inniheldur uppköst bréfa frá því tímabili. Fyrsta bréfabókin nær yfir árin 1821 til 1831 og hefst á bréfi nr. 1. Uppsetning hennar er mjög ítarleg en í henni eru sex dálkar með upplýsingum eins og sjá má á mynd 6.[143]

Mynd 6.


[144]

[141] Björk Ingimundardóttir. *Heimildaleit í Þjóðskjalasafni.* Bls. 16.
[142] *ÞÍ.* Vesturamt. III, 11. Bréfabók 15.8.1822-10.9.1824.
[143] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. C/1, örk 1. Bréfabók 1821-1831.
[144] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. C/1, örk 1. Bréfabók 1821-1831.

Fyrsti dálkurinn geymir númer bréfsins, næstu tveir eru dagsetning bréfsins, fyrst mánuður og svo dagur. Fjórði dálkurinn segir til um viðtakanda bréfsins og sá fimmti er uppskrift bréfsins. Síðasti dálkurinn er fyrir tilvísunarnúmer í bréfadagbók en hann er örsjaldan útfylltur og dettur hann í raun út í byrjun árs 1830. Af einhverjum ástæðum hefst ný númeraröð árið 1824 en ári áður voru sýslumannsskipti í embættinu sem gæti verið orsökin.[145] Aftast í bókinni er að finna registur, raðað eftir viðtakendum.

Önnur bréfabók, frá 1832 til 1838, er illa farin og hefur verið gert við hana. Efri helmingur bókarinnar er illa fúinn og fyrir vikið illlæsilegur en sjá má sömu sex dálka uppsetningu og registur aftast í bókinni líkt og í fyrstu bréfabókinni.[146] Í þriðju bókinni, sem nær yfir tímabilið 1838 til 1843, má sjá blaðsíðum skipt upp í fjóra dálka; dagsetning bréfs, viðtakanda, innihald og tilvísun í bréfadagbók. Undir lok bókarinnar er aftasti dálkurinn horfinn og eftir standa þrír dálkar með upplýsingum um dagsetningu, innihald bréfs og viðtakanda. Í þessari bók er einnig registur aftast líkt og í fyrri bókum.[147] Næstu bækur halda áfram með þessa uppsetningu[148] og er það ekki fyrr en um miðja öldina sem sjá má bækur án dálkaskiptingar. Er þá hefðbundin uppsetning að rita númer bréfsins fyrst, þá til hvers það er og dagsetningu og í framhaldi af því efni bréfsins, eins og sjá má á mynd 7.

Mynd 7.



[149]

[145] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir*. III. bindi. Bls. 238.
[146] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/1, örk 2. Bréfabók 1832-1838.
[147] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/2, örk 1. Bréfabók 1838-1843.
[148] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/2, örk 2 og C/3, örk 1. (Bréfabækur nr. 4 og 5).
[149] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/5, örk 1. Bréfabók 1860-1866.

Bækurnar eru mjög svipaðar, flestar hafa registur aftast þar sem bréfin eru listuð upp eftir viðtakendum og í sumum tilfellum er einnig mun ýtarlegra registur eftir efnisorðum.[150]

Á mynd 8 má sjá dæmi um hefðbundið registur þar sem raðað er eftir viðtakendum. Á vinstri síðu má sjá sýslumannsembætti listuð upp og listi yfir send bréf til embættanna undir hverju embætti fyrir sig ásamt vísun í númer bréfsins í bréfabókinni. Á hægri síðu má sjá lista yfir einstaka viðtakendur raðað í stafrófsröð. Slík tvískipt uppsetning á registrum í bréfabókum er mjög algeng þar sem ýmis embætti eru listuð upp í fyrri hlutanum, yfirleitt amtið fyrst síðan aðrir sýslumenn o.s.frv., sem sýslumaður átti mikil bréfasamskipti við og í seinni hlutanum koma svo aðrir viðtakendur bréfa í stafrófsröð. Eru það yfirleitt einstaklingar.

Mynd 8.


[151]

Uppsetning bókanna breytist lítillega milli bóka eins og dæmi hafa verið tekið um en alltaf er þar að finna lágmarksupplýsingar, s.s. dagsetningu bréfsins, hver viðtakandinn er og að sjálfsögðu uppskrift bréfsins. Sú regla virðist hafa verið á að hver bók hæfist ávallt á bréfi númer eitt og hlaupandi númeraröð helst út bækurnar í flestum tilfellum. Undir lok 19. aldar virðist skipulagið þó eitthvað láta undan og í elleftu bréfabókinni, frá árinu 1876 til 1885, má finna gloppu frá því í apríl 1879 fram í janúar 1881. Virðast engin bréf frá því tímabili hafa verið skrifuð upp og þegar tekið er aftur til við uppskrift bréfanna 1881 er fyrsta bréfið þar númerað nr. 1. Númeraröðin endar þó í desember sama ár og eftir það

[150] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/5, örk 1. Bréfabók 1860-1866.
[151] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/3, örk 1. Bréfabók 1846-1850.

eru bréfin ónúmeruð.[152] Er þetta gat í tímaröðinni óútskýrt enda ekki um sýslumannsskipti að ræða á þessu tímabili en Sigurður Jónsson hafði tekið við embættinu árið 1878.[153] Bréfin eru áfram ónúmeruð í tólftu bréfabókinni, sem nær yfir tímabilið 1885 til 1889. Það er ekki fyrr en í byrjun ár 1889 sem byrjað er að númera bréfin aftur.[154]

Í þrettándu bókinni má sjá breytt númerakerfi en sýslumaður virðist hafa tekið upp á því að gefa bréfum hlaupandi númer innan hvers árs þannig að númer bréfsins er samsett úr hlaupandi númeri og ártali í stað hlaupandi númeri bréfanna út alla bókina. Eitthvað virðist þó vanta upp á að númerið hafi verið skráð við allar færslur í bókinni og sum staðar má sjá að númerinu hefur verið bætt við með blýanti síðar meir.[155] Næsta bréfabók, frá 1894 til 1897, er eins og bókin á undan.[156] Það er hins vegar fimmtánda bókin, sem spannar tímabilið 1898 til 1900, sem er hvað ólíkust öllum fyrri bókunum. Í henni er að finna afrit bréfa á svokölluðum „copíupappír“, sem er mjög þunnur silkipappír. Þessi tegund kópíubóka var sérstaklega til þess gerðar að afrita texta með sérstöku afritunarbleki og pressu.[157] Slíkar bækur voru síðar færðar í stjórnarráðinu og er mjög sérstakt að sjá að sýslumaður Snæfellsnessýslu hafi tekið slíkar bækur svo snemma upp. Sjá mynd 9.

Mynd 9.


[158]

Fremst í bókinni er að finna registur í efnisorðaröð og raðað eftir algengum viðtakendum. Hvert bréf er númerað með hlaupandi númeri í gegnum bókina. Bréfin

[152] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/8, örk 1. Bréfabók 1876-1885.
[153] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir*. III. bindi. Bls. 249.
[154] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/6, örk 2. Bréfabók 1885-1889.
[155] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/6, örk 3. Bréfabók 1889-1894.
[156] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/8, örk 2. Bréfabók 1894-1897.
[157] *Salmonsens Koversations Leksikon*. XIV. Bls. 492.
[158] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. C/9, örk 1. Bréfabók 1898-1900

voru skrifuð annars vegar eitt eða tvö saman á síðu nákvæmlega eins og þau voru send út. Hefur þetta líklega verið mikill vinnusparnaður fyrir sýslumenn að þurfa aðeins að skrifa bréfið einu sinni upp í stað tvisvar eins og áður. Þessi pappír er þó ekki til þess fallinn að varðveita bréfin vel og má sjá að prentsvertan er sumstaðar farin að dofna mjög. Kosturinn við þessar bækur var að þarna sjást bréfin nákvæmlega eins og þau voru send frá sýslumanni.

**Dæmi: Bréfabók 1889-1894 sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.**


[159]

| | |
|---|---|
| Br.<br>Nr. 147-148-149<br>Til<br>1. Hreppstjórans á Skógarströnd<br>2. Hrstj. Ó. Thorlacius Sthólmi.<br>3. til hreppstjórans í Eyrarsveit<br><br>10.apríl 1889.<br>J.Nr. 76/1889. | Með bréfi dgs. 26. febr. þ.á. hefur amtmaðurinn yfir vesturamti Íslands skorað á mig á jafna niður á ábúendur á varpjörðum í sýslunni norðanfjalls fyrir árin 1887 og 1888: 74 kr + 118 kr, samt. 192 krónur, sjá síðan um innheimtu þar á fyrir apríllok þ.á, en standa amtsráðinu skil á þessu fyrir 11. júní næstk. Eptir að ég þann 31. jan hafði jafnað gjaldi þessu niður á sýsluna, hvareptir Skógarströnd – eins og hjálögð niðurjöfnunarskrá með sér ber – á að greiða 89 kr. 29 eyri, leyfi ég mér hérmeð að mælast til að þér, herra hreppstjóri, vilduð veita gjöldum þessum móttöku hjá gjaldendum og síðan gjöra mér í einu lagi skil fyrir þem svo tímalega, að ég geti komið gjaldinu sem fyrst 11. júní þ.á. |

[159] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. C/6, örk 3. Bréfabók 1889-1894.

*Athugasemdir*: Í vinstri dálki á síðunni má sjá númer bréfsins, viðtakendur þess, dagsetningu og tilvísun í bréfadagbókarnúmer. Þetta bréf hefur verið sent tveimur hreppstjórum og Árna Ó. Thorlacius verslunarmanni í Stykkishólmi og fær því þetta sama bréf þrjú númer í bréfabókinni. Ekki finnast heimildir um að Árni hafi verið hreppstjóri en hann hafði sinnt embætti sýslumannsins í Snæfellsnessýslu í nokkur ár og verið lengi umboðsmaður Arnarstapaumboðs.[160] Það þarf því ekki að vera óeðlilegt að sýslumaður hafi falið honum að innheimta gjöld fyrir hönd embættisins.

Eins og fram kemur í bréfinu hefur amtmaður Vesturamts skorað á sýslumann að innheimta gjald frá ábúendum á varpjörðum í sýslunni og standa skil á því eigi síðar en 11. júní. Skv. lögum, um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufélögum til æðarvarpsræktunar, frá 8. janúar 1886 var sýslunefndum í Snæfellsnes-, Dala-, Barðastrandar- og Strandasýslu veitt lán úr viðlagasjóði til að efla æðavarpsræktun á svæðinu. Gert var ráð fyrir að lánið yrði endurgreitt á 28 árum og átti sýslumaður að jafna árlega greiðslu lánsins niður á ábúendur varpjarða út frá því hversu mörg pund af hreinsuðum æðardún höfðu fengist af jörðinni hvert sumar. Átti sýslumaður að tilkynna ábúendum upphæð greiðslunnar fyrir lok marsmánaðar ár hvert og skyldi ábúandinn greiða skuld sína til sýslumanns fyrir lok apríl. Sýslumaður átti svo að standa í skilum við viðlagasjóð fyrir 11. júní ár hvert.[161] Gerð var breyting á þessum lögum 4. desember sama ár og í stað þess að lánið væri veitt sýslunefndum var lánið veitt amtsráði Vesturamtsins. Skv. breytingunni átti sýslumaður að standa skil á gjaldinu til amtsráðs sem skyldi greiða það í landssjóð.[162] Greinilegt er að sýslumaður Snæfellsnessýslu hefur ekki staðið í skilum við amtsráðið fyrir árin 1887 og 1888 og því fengið áskorun frá amtmanni að gera upp skuldina.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Tilskipun Bjarna Thorsteinssonar amtmanns Vesturamts dagsett 26. ágúst 1822 til sýslumanna um að þeir skyldu halda bréfabók þar sem innfæra skuli öll útsend bréf embættisins.[163] Sjá nánar á bls. 40. Lagagrundvöllur þessa tiltekna dæmis eru Lög um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufélögum til æðarvarpsræktunar frá 8. janúar 1886.[164]

*Notkunarmöguleikar*: Eins og önnur bréf er þetta heimild um fjölbreytt verkefni sýslumanna. Þetta tiltekna bréf gæti nýst til rannsókna á þróun æðavarps á Íslandi.

---

160 Páll Eggert Ólason. *Íslenskar æviskrár*. I. bindi. Bls. 71.

161 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland. 1886*. (Lög um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar. 8. jan. 1886.) Bls. 12.

162 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland. 1886*. (Lög um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar. 4. des. 1886.) Bls. 92.

163 *ÞÍ*. Vesturamt. III, 11. Bréfabók 15.8.1822-10.9.1824.

164 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland. 1886*. (Lög um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar. 4. des. 1886.) Bls. 92.

**D - Afsals- og veðmálabækur**

Skjalaflokkurinn D nær yfir þau skjöl er tengjast eignarrétti einstaklinga. Helst er þar að nefna afsals- og veðmálabækurnar, sem hafa undirskjalaflokksauðkennið DB í geymsluskrám, en þeim fylgir veðmálaregistur, sem liggja í undirskjalaflokki auðkenndum með DA. Registrin eru skrár yfir eignatilfærslur á jörðum í sýslunni og eru skrárnar lykill að afsals- og veðmálabókum. Þá hafa verið haldnar sérstakar landamerkjabækur, sem hafa undirskjalaflokksauðkennið DC, þar sem þinglýst landamerki voru færð inn. Að lokum er undirskjalaflokkurinn DD, sem inniheldur þinglýst skjöl en það eru fylgiskjöl með afsals- og veðmálabókunum.

**DA – Veðbókaskrár – dagbækur**

Veðbókaskrár eru registur yfir afsals- og veðmálabækur embættisins. Þar er að finna lista yfir jarðir og þau þinglýstu skjöl sem tengjast veðböndum á þeim eigum og er að finna í afsals- og veðmálabókum. Þannig eru veðbókaskrár lykill að afsals- og veðmálabókum líkt og bréfadagbækur eru lykill að bréfasafni embætta.

***Sýslumaður Ísafjarðarsýslu***

Í skjalasafni sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu hafa varðveist þrjú veðmálaregistur eða afsals- og veðmálaskrár frá 19. öld. Fremst í elstu bókinni er athugasemd sem gefur til kynna það tímabil sem hún spannar: „Eignaskjala- og veðmálaregistur þetta er byrjað snemma á árinu 1897, og nær yfir allar þær veðmálabækur Ísafjarðarsýslu, er þá voru til eða frá 1834 – 1844 og frá 1857 til dato. Veðmálaskrá yfir tímabilið 1844 – 57 vantar. Veðbanda eða eignarhapta, sem aflýst hafði verið og útstrikuð voru fyrir manntalsþing 1897, er ekki getið í registrinu. Skrifstofa Ísafjarðarsýslu, 4. desbr. 1897.“ Undir þessa athugasemd skrifar Hannes Hafstein þáverandi sýslumaður Ísafjarðarsýslu.[165]

Ekki er vitað af hverju veðmálaregistur fyrir tímabilið 1844 til 1857 vantar en það hefur ekki komið í leitirnar síðan Hannes Hafstein ritaði þessi orð og því líklega hægt að ganga út frá því að það sé með öllu glatað. Innihald bókarinnar hefur varðveist ágætlega þrátt fyrir að bókin sé trosnuð á jöðrum og blaðsíðurnar farnar að losna úr bandinu. Þá má sjá að gert hefur verið við bókina í seinni tíð. Fremst í bókinni má finna efnisyfirlit yfir þær jarðir sem listaðar eru í bókinni. Sjá mynd 1.

---

[165] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DA/1, örk 1. Eignaskjala- og veðmálaskrá.

Mynd 1.


Index

| | Bls | | Bls |
|---|---|---|---|
| Álfadalur . M. | 73 | Botn . Súg. | 12[illegible] |
| Álfstaðir . Gr. | 270 | Breiðaból . H. | 13[illegible] |
| Álptamýri . A. | 18 | Breiðadalur fremri, Mosv. | 10[illegible] |
| Álvidra . M. | 66 | Breiðadalur neðri, Mosv. | 107 |
| Árbær, h. H. | 141 | Brekka á Ingjaldssandi, M. | 7[illegible] |
| Ármúli . N. | 248 | Brekka . N. | 2[illegible] |
| Arnardalshús fremri . E. | 163 | Brekka . Þ. | 40 |
| Arnardalshús ytri . E. | 164 | Búð . E. | 14[illegible] |
| Arnardalur fremri . E. | 161 | Bæir . Sn. | [illegible] |
| Arnardalur neðri . E. | 162 | Bær . Súg. | |
| Arnarnes . M. | 69 | Dalshús . Mosv. | [illegible] |
| Arnarnúpur . Þ. | 27 | Drangar . Þ. | [illegible] |
| Atlastaðir . Sl. | 298 | Dvergasteinn . Súð. | [illegible] |
| Auðkúla . A. | 15 | Dynjandi . A. | |
| Bakkasel . N. | 234 | Dynjandi . Gr. | [illegible] |
| Bakki . E. | 152 | Efstaból . Mosv. | |
| Bakki . Þ. | 38 | Efstidalur . Ö. | [illegible] |
| Barðsvík . Gr. | 276 | Engidalur . E. | [illegible] |
| Brekkuhús . A. | 17 | Eyði . Súð. | [illegible] |
| Bethania . Mosv. | 88 | Eyrardalur . Súð. | |
| Birnustaðir . M. | 70 | Eyri í Ísafirði . R. | |
| Birnustaðir . Ö. | 202 | Eyri í Mjóafirði . R. | |
| Bjarnastaðir . R. | 225 | Eyri í Mosvallahr. Mosv. | |
| Blámýrar . Ö. | 198 | Eyri við Seyðisfjörð . Súð. | |
| Bolungarvík . Gr. | 277 | Eyri við Skutulsfjörð . E. | |
| Bolungarvík . H. | 312 | Eyri í Skötufirði . Ö. | |
| Borg . A. | 8 | Eiríksstaðir . Ö. | |
| Borg . Ö. | 191 | Faxastaðir . Gr. | |
| [illegible] . M. | 45 | Fell . [illegible] | |
| [illegible] | [illegible] | [illegible] | |

166

Jarðirnar eru listaðar upp í stafrófsröð með tilvísun í blaðsíðutal í registrinu. Fyrir aftan hverja jörð má sjá bókstaf eða skammstöfun, sem gefur til kynna í hvaða hreppi jörðin er. Efst á fyrstu blaðsíðu efnisyfirlitsins er listað upp hvað þessi auðkenni standa fyrir. „A. = Auðkúluhreppur, E. = Eyrarhreppur, Gr. = Grunnavíkurhr., H. = Hólshreppur, M. = Mýrahreppur, Mosv. = Mosvallahreppur, N = Nauteyrarhreppur, R. = Reykjarfjarðarhreppur, Sl. = Sljettuhreppur, Sn. = Snæfjallahreppur, Súð. = Súðavíkurhreppur, Súg. = Suðureyrarhreppur, Þ. = Þingeyrarhreppur, Ö. = Ögurhreppur, h. = hjáleiga."[167]

Blaðsíðurnar eru forprentaðar með dálkum fyrir upplýsingar um nöfn eigenda, eignarheimildir og kaupverð eða eignarverð eignarinnar, nöfn veðhafa eða kvaðarhafa og

[166] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DA/1, örk 1. Eignaskjala- og veðmálaskrá.
[167] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DA/1, örk 1. Eignaskjala- og veðmálaskrá.

hvaða veðskuldir eða kvaðir eru á eigninni. Þá er að finna tilvísun í veðmálabók og upplýsingar um aflýsingar. Sjá nánar á mynd 2.

Mynd 2.



[168]

Mynd 2 er af fyrstu blaðsíðu registursins og má sjá blaðsíðutalið efst í hægra horni. Blaðsíðan sýnir veðbönd og þinglýsingar á jörðinni Hokinsdal sem er númer 1 í bókinni eins og sjá má vinstra megin efst á blaðsíðunni. Fyrir aftan heiti jarðarinnar má sjá bókstafinn A sem táknar að jörðin er í Auðkúluhreppi. Við síðustu færsluna hefur verið skrifuð dagsetningin *14/1 ´36* og neðarlega þvert yfir blaðsíðuna stendur einnig með rauðu letri *Fl í nýja bók* og er líklegt að árið 1936 hafi upplýsingar um veðbönd eða kvaðir á eigninni sem ekki hafði verið aflýst á þeim tíma verið færðar í nýtt registur. Röðun jarðanna í bókinni virðist fara eftir staðsetningu þeirra eftir hreppum og er í samræmi við röðun jarðanna í jarðabók frá 1861.[169]

Hinar tvær bækurnar nefnast *Afsals- og veðmálaskrá I* og *II*. Samkvæmt geymsluskrá virðist fyrri bókin ná yfir árin 1856 til 1935 og seinni frá 1889 til 1934. Registur *I* er heillegri en fyrsta bókin, hún er innbundin og inniheldur sömu forprentuðu blaðsíðurnar og virðist röðun jarðanna í þessari bók *I* vera sú sama og í elsta registrinu. Þegar bókin er skoðuð nánar kemur í ljós að inn á milli útfylltra síðna er að finna langa kafla af óútfylltum

[168] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DA/1, örk 1. Eignaskjala- og veðmálaskrá.
[169] *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Sjá jarðir í Ísafjarðarsýslu bls. 76 – 83.

blaðsíðum. Að öðru leyti virðist hún vera eins uppsett þó ekkert efnisyfirlit sé að finna.[170] Bók *II* hefst á bls. 56 og eru einungis örfáar blaðsíður útfylltar í henni. Líklega standa þessar bækur saman og aðeins hefur verið fært í seinni bókina þegar blaðsíðuna hefur þrotið í fyrri bókinni.[171]

### *Sýslumaður Rangárvallasýslu*

Aðeins eitt veðmálaregistur hefur varðveist í skjalasafni sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Bókin er laus úr bandi og fyrstu síðurnar nokkuð trosnaðar á jöðrum og forsíðu vantar. Á fyrstu síðu sést þó greinilega númerið 1 við heiti jarðar og má því telja að bókin sé nokkuð heilleg, þ.e.a.s. að ekki virðast vanta fleiri síður í upphafi hennar en forsíðuna.[172]

Blaðsíður bókarinnar eru ekki forprentaðar eins og þær voru í veðmálaskrám sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu en dregnir hafa verið upp dálkar sem líkjast þeim forprentuðu. Þar er að finna upplýsingar um eignarheimildir annars vegar og veðsetningar hins vegar. Fyrst eru upplýsingar um nöfn eigenda, „eignarskilríki" eða tegund eignarheimildarinnar s.s. afsal, dagsetning þinglýsingar og tilvísun í veðmálabók. Þá eru þar að finna upplýsingar um veðsetninguna og upphæð kvaða eða veðskulda á jörðinni, dagsetning þinglýsingar og tilvísunar í veðmálabók ásamt athugasemdum og upplýsingum um aflýsingar.

Við sumar jarðir hefur ekkert verðið fært inn og gefur það til kynna að allar jarðir innan sýslunnar hafi verið skrifaðar upp í röð þeirra eftir hreppum, sem samræmist jarðabók frá 1861,[173] og síðar fyllt inn í bókina eftir þörfum. Á öftustu síðu bókarinnar má sjá (mynd 3) að stiftamtmaður yfir Íslandi, Hilmar Finsen, hefur skoðað bókina og kvittað fyrir fyrst um sinn en hann var einnig amtmaður Suðuramts. Þá má sjá undirskrift Bergs Thorberg sem þá var amtmaður Vesturamts og síðar Vestur- og Suðuramts á þeim tíma sem hann kvittar fyrir skoðun á árunum 1873 og 1874. Magnús Stephensen kvittar fyrir skoðun 1884 en hann hafði þá tekið við sem amtmaður Vestur- og Suðuramts. Líklega er næst undirskrift Theódórs Jónassens frá 1888 sem tók við af Magnúsi sem amtmaður í Vestur- og Suðuramti. Embætti amtmanna var lagt niður 1904 með tilkomu heimastjórnar og hefur þá skoðunarhlutverkið færst yfir til hennar.[174] Klemens Jónsson kvittar fyrir skoðun 1909 en hann var þá landritari og að lokum er það Eggert Briem sem kvittar fyrir skoðun árið 1915 en hann var þá skrifstofustjóri I. skrifstofu (dóms- og kirkjumála).

---

170 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DA/1, örk 2. Afsals- og veðmálaskrá I.
171 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DA/2, örk 1. Afsals- og veðmálaskrá II.
172 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DA/1, örk 1
173 *Ný jarðabók fyrir Ísland.* Sjá jarðir í Rangárvallasýslu bls. 11 – 21.
174 *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907.* Bls. 6-7.

Mynd 3



[175]

### *Sýslumaður Snæfellsnessýslu*

Ein veðbókaskrá er varðveitt frá 19. öld og nær hún yfir árin 1823 til 1869. Er bókin í A5 broti og var orðin nokkuð illa farin og hefur hún losnað úr bandi og fremst liggja nokkur samanbrotin skjöl í folio stærð. Virðast það vera registur yfir nöfn skuldunauta eða seljanda, þar sem fram koma nöfn veðhafa og hvaða fasteign um ræðir eða hvort um lausafé hafi verið að ræða. Virðist listinn vera þannig uppbyggður að dagsetning þinglýsingar ræður röðun færslnanna. Þá er einnig vísað í blaðsíðutal færslunnar í afsals- og veðmálabók.[176] Þessi listi virðist vera registur yfir afsals- og veðmálabók nr. 7 frá 1891 til 1899 (DB/2, örk 2) og stemma færslurnar í listanum við þá bók. Þegar bókin sjálf er skoðuð má sjá að á forsíðunni hefur upphaflega staðið „Justits politiréttarbók“ en skrifað hefur verið ofan í það „Veðmálaregistur“, líklega seinni tíma verk. Hugsanlega hefur bókin upphaflega átt að notast sem lögregluþingbók en áður en af því varð fékk hún hlutverk veðmálaregisturs. Á fremstu síðu bókarinnar hefur verið ritað í framhaldi af heiti hennar á forsíðunni „að afsals og veðmálabók Snæfellsness og Hnappadalssýslu. Registur frá 1823-1869.“[177]

Fremst í bókinni er yfirlit yfir innihald hennar og koma þar fram upplýsingar um hvar þingháin er, hvaða fasteign um ræðir, efnistök, hvenær þinglesið, hvenær útgefið og blaðsíðutal færslunnar í afsals- og veðmálabók eins og mynd 4 sýnir.

[175] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DA/1, örk 1

[176] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DA/1, örk 1. Veðbókaskrár, jarðir og hús 1823-1869.

[177] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DA/1, örk 1. Veðbókarskrár, jarðir og hús 1823-1869.

Mynd 4.


[178]

Þessi skrá er nokkuð ólík öðrum registrum sem hafa verið skoðuð hér. Á eftir þessu yfirliti er að finna lista yfir jarðir á Skógarströnd númeraðar í stafrófsröð. Er þessi röð ekki í neinu samhengi við jarðabókina 1861 eins og sjá mátti í veðbókaskrám Ísafjarðarsýslu og Rangárvallasýslu. Í framhaldi af þessum lista koma jarðirnar í röð, hver jörð er á sér síðu með upplýsingum um gjörninginn, hvenær hann var útgefinn og þinglýst ásamt tilvísun í blaðsíðutal í afsals- og veðmálabók.

Hver hreppur eða sveit er listuð eins upp, fyrst kemur listi yfir jarðir eða fasteignir á svæðinu og þá sér blaðsíða fyrir hverja jörð eða fasteign í framhaldinu. Athygli vekur að fjórtán jarðir eru listaðar upp í Neshreppi utan Ennis en ekki er að sjá færslur fyrir hverja jörð í framhaldinu líkt og með aðra lista yfir jarðir eftir hreppum. Aðeins er að finna eitt skjal með lista yfir þinglýsingar tengdum eignum í Neshrepp utan Ennis og kemur þar fram að ekki hafi fleiri skjöl fundist viðvíkjandi fasteignum þar þinglesin frá 1823 til 1888.[179] Mætti álykta af þessu að árið 1888 hafi verið farið í þá vinnu að búa til þetta registur yfir afsals- og veðmálabækur sýslunnar sem þá voru til.

Næstu blaðsíður á eftir tengjast fasteignum í Neshreppi utan Ennis en eru það færslur frá byrjun 20. aldar og hefur þeim upplýsingum því verið bætt við síðar. Öll bókin er samsett úr lausum blöðum sem virðast aldrei hafa verið bundin inn og verður því að segjast að þessi veðbókaskrá er mjög ólík þeim sem finna má í hinum sýslunum sem fjallað hefur verið um.

---

[178] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DA/1, örk 1. Veðbókarskrár, jarðir og hús 1823-1869.
[179] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DA/1, örk 1. Veðbókarskrár, jarðir og hús 1823-1869.

**Dæmi: Afsals- og veðmálaskrá I. No 1. Hokinsdalur.**



180

1

***N° 1. Hokinsdalur 19.8 hundruð (24 hundruð) A.***

| Nöfn eigenda | Eignarheimildir | | | | Kaupverð eða eignarverð kr. | Nöfn veðhafa eða kvaðarhafa | Veðskuldir eða kvaðir | | | | | | Aflýst | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | dags. | Móttökudagur og nr. | Þingl. | Veðmálabók Ltr. Nr. | | | Hver veðrjettur | Upphæð kr. | dags. | Móttökudagur og nr. | Þingl. | Veðmálabók Ltr.nr. | Nær aflýst | |
| Guðl. Egilsson öll jörðin 24 hundruð f.m. | 10/3 '13 | | 11/7 '13 | H. 49-50 | 2400,- | Páll Hannesson 12 hundruð f.m. af Guðl. Egilss | 2 | 600,- | 6/11 '27 | | 12/4 '28 | K. 336 | 14/1 1936 | |
| Kaupsamn Guðl. Egilss á 12 hundruð f.m. til Valg. Jónssonar | 29/2 '24 | | 11/4 '24 | K - 197 | 1400,- | Sparisj. Vestur-Ísafj. 12# af Guðl. Egilss. | 2 | 900,- | 1/9 '33 | | | x. 59 | | |
| Afs. Guðl. Egilssonar til Valg. Jónssonar 12 hundruð f.m. | 16/5 '25 | | 10/7 '25 | K. - 357 | 1400,- | Kreppulánasjóður | | | | | | | | |
| Umboð J.J. til G.G. | 7/11. '35 | | | XVII. 44 | | af Guðl. Egilssyni | 1 og 2 | 5080/00 | 18/11. '35 | | | XVII. 42 | | |
| Yfirl. f. J.F. til J.J. | 14/11. '35 | | | XVII. 45 | | 1/2 jörðin 1.veðr. 1/2 - 2. " | | | | | | | | |
| Afsal Jóns Jónssonar hluta Valgeirs Jónssonar til Guðlaugs Egilssonar | 18/11, '35 | | | XVII. 46 | | Umboð. - " - | | | 18/11. '35 | | | XVII. 43 | | |

180 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DA/1, örk 2. Afsals- og veðmálaskrá I.

*Athugasemdir*: Veðbókarskráin er samantekt eigandasögu og veðbanda fyrir hverja jörð innan sýslunnar. Sjá má hver er þinglýstur eigandi, hvaða veðbönd hafa verið lögð og hvenær, upphæð þeirra og veðhafa ásamt hvenær þeim var aflýst. Ennfremur eru tilvísanir í Litra númer veðmálabóka.

Jarðirnar innan Ísafjarðarsýslu eru listaðar upp eftir hreppum og er sá listi í samræmi við þá röð sem þær eru nefndar í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* sem kom út 1861.[181] Hokinsdalur er fyrsta jörðin sem talin er upp í veðbókarskránni og er hún einnig fyrst á lista í jarðabókinni. Jörðin er 19,8 hundruð samkvæmt nýja jarðamatinu 1861 en innan sviga er hið forna jarðamatið, 24 hundruð.

Guðlaugur Egilsson hefur verið þinglýstur eigandi allrar jarðarinnar 11. júlí 1913 og keypt hana á 2.400 ríkisdali. Sjá má skammstöfunina *f.m.* sem stendur fyrir *fornt mat* og vísar í eldra jarðamatið. Árið 1927 hefur hálf jörðin, 12 hundruð skv. fornu mati, verið veðsett Páli Hannessyni fyrir 600 ríkisdala láni á 2. veðrétti. Láninu var þinglýst 12. apríl 1928 og fært í afsals- og veðmálabók Ísafjarðarsýslu með litra númerinu K sem færslu nr. 336. Láninu var þá aflýst í janúar 1936. Ártöl eru öll stytt en líklegra veður að teljast að um 20. aldar upplýsingar sé að ræða vegna tilvísana í afsals- og veðmálabækur. Þær afsals- og veðmálabækur sem varðveittar eru frá Ísafjarðarsýslu á Þjóðskjalasafni ná fram til 1900 og er hæsta litra númerið F.[182] Bók sem hefur litra númer H er að því virðist frá því eftir 1900 og er ekki ósennilegt að 1913 hafi sýslumaður verið kominn upp í litra númerið H.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi 24. apríl 1833. Undir lið 6 er að finna nákvæma útlistun á skyldu sýslumanna til að halda registur „yfir sérhvern eigindóm, sem afhendist eður veðsezt, á þann hátt, að tilvísun til alls, sem lesið er á þingi um slíkan eigindóm, finnist til samans á einum stað.“[183]

*Notkunarmöguleikar*: Veðbókarskrárnar eru lykillinn að afsals- og veðmálabókum. Þar er búið að taka saman upplýsingar um hverja jörð fyrir sig til að auðvelda upplýsingaleit um einstaka jörð innan sýslunnar.

### DB – Afsals- og veðmálabækur

Afsals- og veðmálabækur eru safn undirritaðra afrita af þinglýstum skjölum hvers konar, sem hafa með eignarheimildir að gera. Eru þetta erfðaskrár, erfðasamningar og aðrir samningar um arf sem varða fasteignir, skip o.fl., afsöl af kaupa-, skipta- og gjafagjörningum, kaupmálar, veðskuldabréf og hvers konar skjöl um eignarheimildir, veðbönd, ítök og önnur höft á fasteignir.

---

181 *Ný jarðabók fyrir Ísland.* Sjá jarðir í Ísafjarðarsýslu bls. 76.
182 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. Geymsluskrá.
183 *Lovsamling for Island.* X. Bls. 306.

### *Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu*

Veðmálaregistrin vísa í afsals- og veðmálabækur en alls hafa varðveist níu bækur frá Ísafjarðarsýslu sem spanna tímabilið frá 1829 til 1896. Fyrsta bókin er í litlu broti, A5, og hefst 1829 og nær til 1844. Hún er mjög illa farin þrátt fyrir viðgerð en blöðin eru mjög tætt á jöðrum. Fremst í bókinni eru laus blöð, sum augljóslega bréf en þó án nokkurra sjáanlegra merkinga eða tilvísana, og er elsta dagsetning þeirra 1804. Bókin sjálf hefst 1829 og sjá má að blaðsíðurnar hafa verið númeraðar þó númerin séu sumstaðar mjög illlæsileg eða hreinlega horfin vegna lélegs ástands bókarinnar.

Fremst í bókinni sjálfri má sjá löggildingu undirritaða af Bjarna Thorsteinssyni amtmanni Vesturamts þar sem hann staðfestir bókina sem „Skjöds- og panteprotocol“[184] fyrir Ísafjarðarsýslu. Neðst á sömu síðu er tilvísun í bréfadagbók. Sjá mynd 5.

Mynd 5.


[185]

Tilvísunin, *ad Isl va J 6 N° 1790*, er vísun í bréfabók amtmanns. Fremsta táknið sem líkist helst att-merki (@) stendur fyrir *ad* eða *addenda* og er það dregið úr latínu og merkir

[184] Skjöds- og panteprotocol þýðir afsals- og veðmálabók.
[185] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/1, örk 1. Veðmálabók.

meðfylgjandi.[186] *Isl va* stendur fyrir Íslands vesturamt og *J* vísar þarna í journal nr. 6 og að lokum má sjá að bréfið hefur fengið númerið 1796. Þessi tilvísun táknar því að amtmaður hefur löggilt bókina og sent hana sem fylgigagn með bréfi sem hefur fengið þetta tiltekna númer í bréfabók amtmanns.

Á næstu síðum bókarinnar eru númeraðar færslur frá nr. 1. Helst eru þetta afsals- eða kaupbréf. Á öftustu síðu bókarinnar er innsigli Vesturamts og er síðasta færslan númer 138 frá árinu 1841. Í framhaldi af því kemur kver með yfirskriftinni *Viðbætur*. Hefst fyrsta færslan þar á númerinu 139 og lýkur kverinu á færslu 154 frá árinu 1844. Engar tilvísanir eru að sjá, hvorki í veðmálaregistur eða fylgiskjöl.[187]

Eitthvað misræmi virðist vera í elsta veðmálaregistrinu en eins og fram kom skrifaði Hannes Hafstein fremst í þá bók að registrið ætti við allar þær bækur sem þá væru til eða frá 1834.[188] Það er hins vegar ljóst að þessi afsals- og veðmálabók hefst 1829. Ekki er vitað af hverju Hannes Hafstein skrifar að afsals- og veðmálabækur hafi hafist árið 1834. Hugsanlega hefur fyrri hluti bókarinnar verið mislagður á þessum tíma og bókin ekki bundin inn fyrr en síðar.

Næsta bók nær yfir árin 1856 til 1869 og ekki er vitað um þá bók sem spannar tímabilið á milli tveggja fyrstu bókanna, 1844 til 1856, en hún hefur aldrei ratað í vörslu Þjóðskjalasafns og er líklega glötuð. Þessi önnur bók hefur einnig löggildingu amtmanns á fremstu síðu og er hún þar nefnd „kaup- og veðbrjefa bók fyrir Ísafjarðarsýslu í Íslands Vesturamti“.[189] Eins má sjá tilvísun í bréfadagbók amtmanns líkt og í fyrri bók.

Þessi bók er mun betur farin en sú fyrsta og er hún innbundin og í folio[190] stærð. Bókin hefst á færslu nr. 1. Á næstu síðum má sjá að dómur hefur fallið um málið og er það ritað á spássíuna ásamt dagsetningu dómsins. Sjá mynd 6.

[186] Ludvig Meyer. *Fremmed Ordbog*. Bls. 12.
[187] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/1, örk 1. Veðmálabók.
[188] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DA/1, örk 1. Eignaskjala- og veðmálaskrá.
[189] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/1, örk 2. Veðmálabók.
[190] Folio vísar í stærð brotsins og er það aðeins stærra en A4, vanalega um 38 cm á hæð.

Mynd 6.


[191]

Þessar þrjár færslur sem sjást á mynd 12 eiga það sameiginlegt, fyrir utan að vera yfirstrikaðar með bláum lit, að vísað er í dóm sem fallið hefur 20. apríl 1896 en yfirstrikunin þýðir að málinu hefur verið aflýst.

Bókin er þannig uppsett að númer færslunnar kemur fyrst og þá efni hennar. Í sumum færslum er fyrirsögn sem tiltekur hvers eðlis færslan er, t.d. kaupsamningur, skulda- og veðsetningarbréf, kaupbréf o.s.frv. eins og sjá má á mynd 7. Eftir innihaldi gjörningsins er ritað staður og dagsetning og loks undirskrift þess sem gjörningurinn snýr að. Í ytri dálki eða spássíu blaðsíðanna eru yfirleitt að finna upplýsingar um hvort málið hafi verið lesið upp á þingi, dómur fallið um málið eða kostnaður við þinglýsingu. Í mörgum málum eru nafngreindir vottar að gjörningnum. Færslurnar í bókinni hafa hlaupandi númer út bókina og lýkur henni árið 1869 á færslu nr. 374. Aftast má sjá innsigli Vesturamtsins eins og í fyrri bók.

[191] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/1, örk 2. Veðmálabók.

Mynd 7.


[192]

Þriðja afsals- og veðmálabók Ísafjarðarsýslu er beint framhald af annarri bókinni. Hún hefst árið 1868 á máli nr. 375 og lýkur árið 1882 á máli nr. 723. Hún er eins uppsett og fyrri bók og er auðkennd með C á forsíðu. Nokkuð algengt er að sjá afsals- og veðmálabækur númeraðar með bókstaf í stað tölustafs.[193]

Fjórða afsals- og veðmálabókin er auðkennd á forsíðu með A og nær yfir árin 1868 til 1887 sem er nánast sami tími og þriðja veðmálabókin spannar. Það gefur til kynna að tvær bækur hafi verið haldnar á sama tíma og við lauslega könnun virðist þetta tvöfalda kerfi útskýrast af því að haldnar voru sérstakar bækur aðeins fyrir mál innan Ísafjarðarkaupstaðar. Þessi fjórða bók er því fyrsta bókin sem sérstaklega er haldin fyrir Ísafjarðarkaupstað og fær því auðkennið A. Bókin hefst á færslu nr. 1 og aftast má finna

[192] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/1, örk 2. Veðmálabók.
[193] Sjá má slíka númeringu í t.d. skjalasafni sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu og fleiri sýsluskjalasöfnum.

registur yfir bókina, sjá mynd 8. Registrið er í stafrófsröð eftir aðila máls í flestum tilfellum. Í einu tilfelli var mál undir nafni jarðarinnar (Eyrarland) sem málið snéri að en ekki aðila málsins.

Mynd 8.



[194]

Næsta bók er merkt á forsíðu sem „Afsalsbréfa og verðbréfabók D".[195] Hún nær frá 1882 til 1894 og hefst á máli nr. 724 sem sett hefur verið innan sviga og rituð hefur verið ný númeraröð frá nr. 1 við málin. Aðeins fyrstu þrjár færslurnar í bókinni hafa þetta eldra númerakerfi en eftir það eru málin í hlaupandi nýrri númeraröð. Það að bókin hefjist á máli 724 gefur þó til kynna að hún taki við af þriðju bókinni sem náði til 1882 og endaði á máli nr. 723 en hún var ennfremur auðkennd með C á forsíðu. Þessi fimmta bók er svipað uppsett og fyrri bækur, númer málsins kemur fyrst, þá efnislegt inntak málsins og undirritun í lok máls. Til hliðar á ytri spássíu má sjá upplýsingar um þinglýsingar og aflýsingar.

Sjötta afsals- og veðmálabókin í skjalasafni sýslumanns nær frá 1887 til 1900 og er hún auðkennd með B á forsíðu. Líklega er hún framhald fjórðu bókarinnar sem náði fram til 1887 og var auðkennd með A á forsíðunni og er sérstaklega ætluð málum innan Ísafjarðarkaupstaðar. Þessi sjötta bók hefst á færslu nr. 1 og er hlaupandi númeraröð í gegnum bókina alla. Hún hefst með svipaðri uppsetningu og fyrri bækur en 1895 breytist

[194] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/1, örk 4. Veðmálabók A 1868-1887. (Fyrir Ísafjarðarkaupstað sérstaklega)

[195] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/2, örk 1. Veðmálabók D 1882-1894.

uppsetningin lítillega og detta sérstaklega afmarkaðir ytri dálkar út sem hafa hingað til verið notaðir til að rita upplýsingar um þinglýsingar eða aflýsingar.[196]

Sjötta bókin nær frá 1894 til 1898 og er auðkennd með E á forsíðu sem gefur til kynna að hún sé framhald fimmtu bókarinnar, D, sem náði til ársins 1894. Hún er með sama sniði og fyrri bækur, hver færsla hefur hlaupandi númer frá nr. 1 og sumstaðar má sjá um hvers konar gjörning er að ræða í yfirskrift. Oft eru um skuldaviðurkenningar að ræða þar sem einstaklingar lýsa yfir skuld sinni við aðra.

Áttunda afsals- og veðmálabókin er auðkennd með B á forsíðu og er sérstök fyrir þær sakir að hún nær aðeins yfir tímabilið maí til júní árið 1896. Fyrsta færslan í bókinni er á bls. 127 og er hún númeruð nr. 150. Ýmis mál eru að finna í bókinni, s.s. kaupsamningar, leigusamningar, afsal eignahluta, skuldaviðurkenningar, tilkynningar landshöfðingja og samningar. Bókin endar á bls. 215 í júní 1896 og er því langt frá því að vera fullrituð.[197] Ekki er að sjá neina skýringu á því af hverju þessi bók nær yfir svo stuttan tíma en að öllum líkindum hefur hún verið viðbót við afsals- og veðmálabók sérstaklega fyrir Ísafjarðarsýslu sem einnig var auðkennd með B.

Síðasta bókin sem varðveitt er frá 19. öld í skjalasafninu nær yfir árin 1898 til 1907. Á forsíðu er hún merkt sem veðmálabók D og F og er hún gegnumdregin og vottuð af Júlíusi Havsteen, sem þá var amtmaður Suður- og vesturamts. Bókin er hefðbundin í uppsetningu líkt og fyrri bækur.[198]

### *Sýslumaður Rangárvallasýslu*

Tvær afsals- og veðmálabækur eru varðveittar í skjalasafni sýslumannsins í Rangárvallasýslu sem komið er til varðveislu í Þjóðskjalasafni Íslands. Fyrri bókin nær frá 1829 til 1832 og var orðin ansi illa farin áður en gert var við hana og hún bundin inn. Á forsíðu bókarinnar má sjá löggildingu hennar sem afsals- og veðmálabók (skjöd- og panteprotocol) fyrir Rangárvallasýslu frá 1829 undirritaða af Peter F. Hoppe stiftamtmanni yfir Íslandi og amtmanni Suðuramts.[199] Efst á síðunni má einnig sjá tilvísun í bréfadagbók en þar stendur að öllum líkindum *Isl sa J11 N867 – 29*. Stendur það fyrir Íslands Suðuramt, bréfadagbók nr. 11, færsla nr. 867 árið 1829. Sjá mynd 9.

---

196 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/2, örk 2. Veðmálabók B 1887-1900. (Fyrir Ísafjarðarkaupstað sérstaklega).
197 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/3, örk 1. Veðmálabók B 1896.
198 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DB/3, örk 2. Veðmálabók D og F 1898-1907.
199 *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DB/1, örk 1. Veðmálabók 1829-1832.

Mynd 9.


[200]

Bókin hefst á máli eða færslu nr. 1 og hafa færslurnar hlaupandi númer í gegnum bókina. Blaðsíðurnar eru mjög þéttskrifaðar og ekki er að sjá að margar færslur hafi verið yfirstrikaðar með lituðum blýanti eins og sjá mátti í afsals- og veðmálabókum sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.[201]

Sökum þess hve þéttskrifaðar síðurnar eru er ekki að sjá augljósar athugasemdir um aflýsingar eða aðrar upplýsingar um málið út á ytri spássíur bókarinnar eins og í bókunum úr Ísafjarðarsýslu. Uppsetning færslnanna er þó svipuð að öðru leyti, númer færslunnar kemur efst og þá efnisinntak málsins og síðan staður og dagsetning gjörningsins. Að lokum er nafn þess sem gjörningurinn snýr að og í mörgum málum eru nafngreindir vottar að gjörningnum.

Aftast í bókinni er að finna registur yfir efni bókarinnar. Þar eru málin listuð upp í þeirri röð sem þau eru færð inn í bókina, þ.e. í númeraröð, og vísað er í blaðsíðutal í bókinni.[202]

Önnur bókin nær yfir árabilið 1832 til 1865 og er hún einnig illa farin en gert hefur verið við hana og hún bundin inn. Á forsíðu má sjá skammstöfunina *Ltra. B* og eins má sjá vott af bréfadagbókarauðkenni frá amtmanni og löggildingu með undirskrift fyrir hönd Kriegers þáverandi stiftamtmanns. Sjá mynd 10. Skammstöfunin *Ltra.* stendur fyrir Litra sem dregið er úr latínu og táknar númer.[203] Algengt er að sjá afsals- og veðmálabækur auðkenndar með orðinu *Litra* ásamt bókstaf sem táknar númer þeirra.

---

200 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DB/1, örk 1. Veðmálabók 1829-1832.
201 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DB/1, örk 1. Veðmálabók 1829-1832.
202 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DB/1, örk 1. Veðmálabók 1829-1832.
203 *Salmonsens Konversations Leksikon.* XV. bindi. Bls. 914.

Mynd 10.


[204]

Þessi önnur afsals- og veðmálabók hefst á færslu nr. 1 og svipar uppsetning hennar til fyrri bókar. Það sem er þó ólíkt við fyrri bók er að 1837 er tekið upp nýtt númerakerfi og eftir þann tíma fá færslur innan hvers árs hlaupandi númer frá nr. 1. Virðist skrifarinn hafa haft þá reglu á að rita fyrst númer færslunnar og undir því stað og dagsetningu. Þá kemur inntak málsins og undir því nöfn votta. Í stað þess að gefa næsta máli nýtt númer fær næsta færsla auðkennið b) og í framhaldi af því kemur inntak þeirrar færslu og svo koll af kolli. Það virðist því vera að færð hafi verið inn nokkur mál í einu undir einu og sama númeri, á sama stað og á sömu dagsetningu. Næst þegar sest hefur verið niður við innfærslu í bókina fékk sú færsla næsta hlaupandi númer. Það eru því mörg mál undir sama númerinu og eru þau aðgreind með b), c) o.s.frv.

Árið 1862 er byrjað að rita aðeins innar á blaðsíðuna og skilja ytri spássíu eftir auða fyrir upplýsingar um þinglýsingar og aflýsingar. Eftir því sem líður á bókina má sjá meira um yfirstrikanir og athugasemdir um færslurnar líkt og algengt var í bókum sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu. Að sama skapi virðist númerakerfi bókarinnar hætta og ekki er að sjá að færslur séu númeraðar að ráði eftir 1845.[205]

---

[204] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DB/1, örk 2. Veðmálabók 1832-1865.
[205] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DB/1, örk 2. Veðmálabók 1832-1865.

### *Sýslumaður Snæfellsnessýslu*

Alls eru tíu afsals- og veðmálabækur varðveittar úr Snæfellsnessýslu. Elsta bókin nær frá 1798 til 1826 og er orðin mjög illa farin. Síður voru orðnar mjög skemmdar en gert hefur verið við þær eftir að skjölin bárust Þjóðskjalasafni. Bókin er ekki í bandi en örk er utan um lausu síðurnar sem ber þess merki að hafa á einhverjum tímapunkti verið innbundin. Framan á örkinni er ritað „Afsals- og veðbréfabók 1798-1826“.[206] Innan í örkinni liggur hver síða innan í þynnri örk til að vernda þær og má sjá viðvörunarorð forvarðar framan á fyrstu örkinni. Fyrsta skjalið er að stórum hluta horfið en búið er að forverja og gera við það eins og hægt er. Ekki er hægt að greina skriftina almennilega þar sem hún er mjög máð. Þó er hægt að greina dagsetningu skjalsins þar sem blekið er dekkra og gefur hún til kynna að skjalið hafi verið ritað 28. júlí 1803. Blaðsíðurnar verða heillegri eftir því sem fram líður og eru þær þéttskrifaðar. Greinilegt er þó að neðri hluti bókarinnar hefur lent í raka og skemmdirnar eftir því. Einstaka síður hafa varðveist nokkuð heillegar en rakaskemmdirnar hafa áhrif á hversu læsilegar þær eru.[207]

Í þessari fyrstu bók virðast málin ekki vera númeruð heldur hefjast þau yfirleitt á dagsetningu og staðsetningu. Í framhaldinu eru málavextir raktir og undir því má finna nöfn málsaðila. Á nokkrum stöðum er að sjá tilvísanir í bréfadagbókarnúmer sýslumanns, sjá mynd 11.

Mynd 11.


[208]

Samkvæmt tilvísunni á mynd 22 hefur skjalið verið fylgiskjal með bréfi frá amtmanni Vesturamts, sem fengið hefur númerið 1377 í bréfabók amtmannsins. Undir bréfabókartilvísuninni er vísað í númer í *Cautions Protocol* bók amtmanns.[209] *Cautions Protocol* er veðbréfabók Vesturamts sem nær yfir árin 1784-1871. Hún inniheldur afrit veðbréfa eða tryggingabréfa fyrir sýsluafgjöldum og afgjöldum af umboðsjörðum konungs í amtinu en á 18. öld þurftu sýslumenn að setja veð fyrir embætti sínu og tekjum þess. Amtmaður hefur

---

206 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DB/4, örk 2. Afsals- og veðmálabók 1798-1826.
207 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DB/4, örk 2. Afsals- og veðmálabók 1798-1826.
208 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DB/4, örk 2. Afsals- og veðmálabók 1798-1826.
209 Dæmi um færslu í veðbréfabók amtmanns Vesturamts má til dæmis sjá í riti Þjóðskjalasafns *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907* eftir Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur, bls. 45-46.

því næst sent sýslumanni skjalið til þinglýsingar og innfærslu í afsals- og veðmálabók. Veðbréfabók Vesturamts 1784-1871 virðist vera eina varðveitta veðbréfabók amtmanna en ekki er vitað hvort aðrir amtmenn héldu sambærilegar bækur. Nánar er fjallað um embættisbækur amtmanna í riti Þjóðskjalasafns *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904.*[210]

Í þessari fyrstu afsals- og veðmálabók sýslunnar eru 14 lausar síður sem skrifað hefur verið á báðum megin. Ómögulegt er að finna ummerki um að blaðsíðurnar hafi nokkurn tímann verið bundnar inn sökum þess hversu illa farnar þær eru á jöðrum en líklegt verður að teljast að töluvert vanti inn í bókina.

Önnur bókin er einnig nokkuð illa farin en hún nær frá 1811 til 1822. Hún er eins og fyrri bók, óinnbundin og örk hefur verið slegin utan um viðgerðar síðurnar. Fyrstu síðurnar eru aðeins í brotum en þær verða heillegri eftir því sem líður á bókina. Vegna rakaskemmda hefur aðeins efri helmingur bókarinnar varðveist. Greinilegt er að bókin hefur verið í folio stærð en færslurnar er mjög mis læsilegar sökum gæða bleksins. Greina má þó að færslurnar hafa fengið hlaupandi númer í gegnum bókina og aftast má sjá registur í stafrófsröð.[211]

Þriðja bókin í safni sýslumannsins í Snæfellsnessýslu er merkt Veðmálabók Mýrasýslu og Hnappadals 1806-1870. Á fyrstu örk er ritað að bókin sé „[Ú]tskript af afsals- og veð-mála-bók Mýra- og Hnappadalssýslu“ og neðst á örkinni er tilvísun um að bókin hafi verið fylgiskjal með bréfi til sýslumanns að öllum líkindum frá amtmanni Vesturamts.[212]

Aftast í bókinni er staðfesting skrifstofu Mýrasýslu að uppskriftin sé samhljóða afsals- og veðmálabókum Mýra-og Hnappadalssýslu, dagsett 24. nóvember 1871. Vera bókarinnar í skjalasafni sýslumannsins í Snæfellsnessýslu er líkleg komin til vegna sameiningar Hnappadalssýslu við Snæfellsnessýslu skv. bréfi dómsmálastjórnarinnar til amtmanns Vesturamts 4. mars 1871.[213]

Næstu sjö bækur eru í tímaröð hver á eftir annarri og skarast ekki. Fyrsta bókin í þeirri röð nær frá 1824-1850 og hefur hún verið löggild af Bjarna Thorsteinssyni amtmanni Vesturamts 15. september 1824 sem „Pante – protocol for Snæfellsnessysle“.[214] Hún er bundin inn í A5 broti og er í ágætu ástandi þrátt fyrir að vera farin að losna úr bandinu og trosna lítillega á jöðrum. Bókin er þannig uppsett að fyrst er ritað upp dagsetning og staður manntalsþingsins og í framhaldinu eru skrifuð upp þau skjöl sem lesin voru á þinginu. Fær

---

210 *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907.* Bls. 45. Sjá einnig Einar Laxness. *Íslandssaga III.* Bls. 85.
211 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DB/4, örk 3. Afsals- og veðmálabók 1811-1822.
212 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DB/4, örk 4. Afsals- og veðmálabók 1806-1870.
213 *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands..* III. bindi, 1870-75. Bls. 153.
214 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DB/1, örk 1. Afsals- og veðmálabók 1824-1850.

hver færsla hlaupandi númer innan hvers þings. Í byrjun eru fáar færslur á hverju ári og til dæmis var aðeins eitt þing haldið árið 1826 þar sem þrjú skjöl voru upplesin. Um mitt ár 1839 breytist fyrirkomulagið lítillega og eru þá málin númeruð með hlaupandi númeri innan hvers árs óháð þingstað. Eftir því sem líður á bókina fjölgar færslunum fyrir hvert ár og öðru hverju má sjá undirskrift Bjarna Thorsteinssonar amtmanns fyrir skoðun bókarinnar. Síðasta færslan í bókinni er í maí 1850 og aftast má finna registur í stafrófsröð eftir heiti eignar eða tegundar leyfisbréfs eða heimildar ásamt upplýsingum um málsaðila, dagsetningu skjalsins og þinglesturs ásamt tilvísun í blaðsíðutal.[215]

Næsta bók nær yfir árin 1850-1868 og hefur hún verið auðkennd með númerinu 3 á titilsíðunni og er titluð sem afsals- og veðmálabók fyrir Snæfellsnessýslu. Þar undir er löggilding Páls Melsteð amtmanns og undir því má finna tilvísun í bréfadagbók sýslumanns. Enda hefur bókin líklega verið send til sýslumanns frá amtmanni með bréfi sem hefur verið skráð inn í bréfadagbók sýslumanns. Bókin er í folio stærð og nokkuð vel með farin en þó eru öftustu blaðsíðurnar lausar úr bandinu. Haldið er í fyrri uppsetningu og málin fá hlaupandi númer innan ársins, þá er innihald málsins reifað og undir því er ritaður staður og dagsetning ásamt nöfnum málsaðila. Undir málum eru svo upplýsingar um kostnað við þinglýsingu og hvað var gert, t.d. lesið upp á þingi og fært inn í veðmálabók. Nokkrum árum síðar er tekið upp tvöfalt númerakerfi og fá þá mál bæði hlaupandi númer innan árs ásamt hlaupandi númeri innan bókarinnar. Ekki hefur sýslumaður verið alveg ákveðinn í hvaða númerakerfi skyldi nota og má sjá annað hvort bæði kerfin eða hlaupandi númer óháð ári. Þegar Árni Ólafsson Thorlacius tekur við sýslunni árið 1862 hefur hann nýja númerarunu en undir lok árs virðist hann þó hafa hætt að númera mál sín og þegar Præben Böving tekur við árið eftir hefur hann sína eigin númerarunu.[216]

Margar færslur eru ónúmeraðar í tíð Bövings en skýringin virðist vera sú að hann ritar inn í veðmálabókina í lok árs þau skjöl sem bárust embættinu til þinglýsingar og ekki náðist að þinglýsa sama ár. Á mynd 12 má sjá færslu vinstra megin þar sem Böving hefur ritað inn skjal, dagsett í september 1863, sem barst til þinglýsingar í janúar 1864 og kemur þar fram að það verði lesið upp á næsta þingi. Hægra megin er svo færslan sjálf og sjá má að hún hefur númerið 1. Var þá skjalið lesið upp á Garðaþingi 23. maí 1864 og því tvítekið í bókinni. Aftast í bókinni má finna hefðbundið registur þar sem jarðir eða heiti skjals er listað upp í stafrófsröð.

[215] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DB/1, örk 1. Afsals- og veðmálabók 1824-1850.
[216] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DB/1, örk 2. Afsals- og veðmálabók 1850-1868.

Mynd 12.


[217]

Næsta bók er auðkennd sem fjórða afsals- og veðmálabók fyrir Snæfellsnessýslu og nær frá 1869-1879. Fyrsta færslan hefur númerið 1 og hér er sú nýjung að þingið er auðkennt með bókstaf. Árni Ó. Thorlacius tekur aftur við sýslunni 1869 og virðist hann halda við verklagi Bövings að skrifa upp óþinglýst skjöl í lok árs. Skúli Magnússon tekur við sýslunni tveimur árum síðar og breytir verklaginu á þann hátt að hann ritar skjöl til þinglýsingar fyrirfram inn í bókina og færir inn upplýsingar um hvenær það var lesið og kostnað við lesturinn eftir á.[218]

Bók númer 5 nær frá 1878-1882 og er titluð afsals- og veðmálabók fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, enda var Hnappadalssýsla sameinuð Snæfellsnessýslu árið 1871. Hún er uppsett eins og fyrri bók, þingin eru auðkennd með bókstöfum og færslurnar fá hlaupandi númer.[219] Bókin hefst á framhaldi af færslu nr. 3 úr fyrri bók og hefur Skúli af einhverri ástæðu viljað skilja nokkrar auðar síður eftir í fjórðu bókinni. Sigurður Jónsson tók við sýslunni af Skúla árið 1878 og hefur hann verið mjög nýtinn maður því hann færði fyrirfram innrituð skjöl frá árunum 1878-1879 í fjórðu bókina til að nýta þessar auðu síður. Í fimmtu bókinni má finna tilvísun í þessi fyrirfram innrituðu skjöl. Aftast í bókinni er að finna efnisyfirlit þar sem málin eru listuð upp í tímaröð og vísað er í blaðsíðutal ásamt því að þar eru að finna upplýsingar um númer málsins innan árs eða þingsins.[220]

Sigurður heldur að nokkru leyti í verklag fyrirrennara sinna og á milli ára koma yfirleitt nokkrar færslur yfir þau skjöl sem berast og verða lesin á manntalsþingi næsta árs. Þingin voru haldin á vorin eða sumrin á hverju ári og hefur sýslumaður flakkað milli staða í maí og júní miðað við færslur í veðmálabókum. Almennt voru manntalsþing haldin einu sinni á ári í hverjum hreppi í viðkomandi sýslu.[221]

---

217 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DB/1, örk 2. Afsals- og veðmálabók 1850-1868.
218 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DB/1, örk 3. Afsals- og veðmálabók 1869-1879.
219 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DB/1, örk 4. Afsals- og veðmálabók 1878-1882.
220 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DB/1, örk 4. Afsals- og veðmálabók 1878-1882.
221 *Vef.* Ólafur Arnar Sveinsson. *Leiðarvísir fyrir dóma- og þingbækur í skjalasöfnum sýslumanna í Þjóðskjalasafni Íslands.* Bls. 51

Sjötta bókin er einnig fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og nær frá 1883 til 1890. Uppsetning hennar er orðin formfastari að því leyti að nú er blaðsíðunum skipt upp í dálka þar sem stærri dálkurinn inniheldur upplýsingar um efnistök máls og minni dálkurinn upplýsingar um númer málsins, stikkorð sem lýsir tegund málsins, hverjir aðilar máls eru (sjá nánar í *dæmi um DB – Afsals- og veðmálabók*, bls. 74-75). Milli ára má áfram finna fyrirfram innrituð skjöl til þinglesturs á næsta vori. Aftast í bókinni er registur þar sem færslum er raðað eftir því hvenær skjölin voru upplesin og má því segja að frekar sé um efnisyfirlit að ræða.[222]

Síðustu tvær bækurnar sem hafa varðveist frá 19. öld spanna annars vegar árin 1890-1899 og hins vegar 1898-1905. Báðar eru þær fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og eru nokkuð hefðbundnar í uppsetningu. Fyrri bókin hefur þó einnig upplýsingar um aflýsingar í ytri dálki. Fyrstu árin er hlaupandi númeraröð innan hvers árs en frá 1895 helst númeraröðin út bókina.[223] Seinni bókin er í mjög stóru broti, aðeins stærra en hefðbundið folio brot, og fremst í henni er registur í stafrófsröð þar sem raðað er eftir nafni rétthafa. Bókin hefst á færslu nr. 1 og helst hlaupandi númer færslnanna út bókina. Uppsetning bókarinnar er þannig að nú er aðeins efnislýsing í meginmáli og upplýsingar um hvenær skjalið var þinglesið á ytri spássíu.[224]

[222] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DB/2, örk 1. Afsals- og veðmálabók 1883-1890.
[223] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DB/2, örk 2. Afsals- og veðmálabók 1890-1899.
[224] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. DB/2, örk 3. Afsals- og veðmálabók 1898-1905.

**Dæmi: Afsals- og veðmálabók Snæfellsnessýslu, nr. 6, 1883 – 1890. Færsla nr. 6, 1884.**



41

Hérmeð viðrkenni eg undirskrifuð að hafa fengið til láns hjá herra Pétri Narfasyni á Kóngsbakka vetrinn 1881 til 82 tveggja vætta virði í fatnaði og ymsu bjargræði.

Uppí skuld þessa veðset eg velnefndum lánardrottni mínum, herra Pétri Narfasyni á Kóngsbakka 4 kindur vetrgamlar. Þessu til staðfestu er nafn mitt.

Stödd að Kóngsbakka þann 5. marz 1884

Sigríðr Jónsdóttir
(handsalað)
frá Arnarstöðum Efri

Lesið á manntalsþingi að Stykkishólms þingstað þann 9. júní 1884 og síðan innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Nr. 6, bls 41 vottar

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Stykkishólmi þann 8. júlí 1884

Sigurðr Jónsson

Borgun:
þinglestr: 50 aur.
ritun: 25 –
Samtals 75 (sjötíu og fimm) aur.

Sigurðr Jónsson

1884
Nr. 6.
Sigríður Jónsdóttir veðsetr Pétri Narfasyni 4 kindur fyrir 24 Kr. láni.

[225]

225 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DB/2, örk 1. Afsals- og veðmálabók 1883-1890.

| | |
|---|---|
| Hérmeð viðurkenni eg undirskrifuð að hafa fengið til láns hjá herra Pétri Narfasyni á Kóngsbakka veturinn 1881 til 82 tveggja vætta virði í fatnaði og ýmsu bjargræði.<br>Uppí skuld þessa veðset eg velnefndum lánardrottni mínum, herra Pétri Narfasyni á Kóngsbakka 4 kindur vetrgamlar. Þessu til staðfestu er nafn mitt.<br>Stödd að Kóngsbakka þann 5. marz 1884<br>Sigríður Jónsdóttir<br>(handsalað)<br>frá Arnarstöðum Efri<br><br>Lesið á manntalsþingi að Stykkishólms-þingstað þann 9. júní 1884 og síðan innfært í afsals- og veðmálabók sýslumanns Nr. 6, bls 41 vottar<br>Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu<br>Stykkishólmi þann 8. júlí 1884<br>Borgun:<br>Þinglestur: 50 aur. Sigurður Jónsson<br>ritun: 25 –<br>Samtals 75/ sjötíu og fimm aur.<br>Sigurður Jónsson | 41<br>1884<br>Nr. 6<br>Sigríður Jónsdóttir<br>veðsetur<br>Pétri Narfasyni<br>4 kindur<br>fyrir 24 kr. lán |

*Athugasemdir*: Efst í vinstra horni blaðsíðunnar má sjá blaðsíðutal síðunnar í afsals- og veðmálabók. Þar undir kemur fram að þetta er mál númer 6 árið 1884. Sýslumaður hefur svo skráð megininntak málsins í vinstri dálkinn, að Sigríður Jónsdóttir veðsetur Pétri Narfasyni fjórar kindur vegna 24 krónu láns. Meginmálið er þá útlistað og fram kemur að Sigríður hafi handsalað skuldina við Pétur á Kóngsbakka. Undir meginmáli hefur sýslumaður ritað inn upplýsingar um að skjalið hafi verið upplesið á manntalsþingi í júní það ár og hefur hann fært það inn í afsals- og veðmálabókina um mánuði síðar ásamt upplýsingum um kostnað við þinglesturinn.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi 24. apríl 1833. Undir lið 1 er skýrt kveðið á um skyldu sýslumanna til að þinglýsa hvers kyns afsals- og veðbréfum sem hafa með eignir einstaklinga að gera.[226]

*Notkunarmöguleikar*: Almennt eru afsals- og veðmálabækur, líkt og bréfabækur, vitnisburður um þau fjölbreyttu mál sem sýslumaður kom að.

226 *Lovsamling for Island*. X. Bls. 304.

**DC – Landamerkjabækur**

Landamerkjabækur eru skrár yfir þinglýst landamerki jarða í lögsagnarumdæminu, ásamt registri yfir jarðir í stafrófsröð. Í landamerkjabækurnar voru einnig skráðir dómar landamerkjadóms enda voru þeir ígildi þinglýstra landamerkjaskráa.[227]

***Sýslumaður Ísafjarðarsýslu***

Ein landamerkjabók er í skjalasafni sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og hefst hún árið 1883. Bókin er innbundin en er orðin laus í bandinu. Hún barst Þjóðskjalasafni 2009[228], löngu eftir að önnur skjöl sýslumannsins frá þessum tíma voru afhent en ekki er óalgengt að sýslumenn haldi þessum bókum nokkuð lengi hjá sér sökum efnis þeirra.

Fremst liggja laus blöð sem eru orðin heldur illa farin. Er þetta registur fyrir landamerkjabókina þar sem jarðirnar í sýslunni eru númeraðar og eru þær listaðar upp í sömu röð og sjá mátti í veðmálaregistrinu. Þá er vísað í númerið sem þær hafa í landamerkjabókinni þ.e. númer málsins eða færslunnar sem jörðin kemur fyrir í en ekki blaðsíðutal.[229] Fyrsta blaðsíða bókarinnar sjálfrar er löggilt af amtmanni Vesturamts 1887 sem landamerkjabók fyrir Ísafjarðarsýslu. Neðst á blaðsíðunni má sjá tilvísun í bréfadagbók Vesturamts, *V.J.no.29*. Mynd 13.

Mynd 13.


Bók þessi, sem er 370 – þrjú hundruð og sjötíu – blaðsíður að stærð, gegnumdregin og innsigluð með signeti Vesturamtsins, löggildist hjermeð sem Landamerkjabók fyrir Ísafjarðarsýslu. —
Íslands Vestur-amt, Reykjavík, 18. apr. 1887.
V.J. 29.

[230]

Undir undirskrift amtmanns má sjá kvittun fyrir því að bókin hafi verið sýnd amtmanni 12. júní 1898 en þá var Júlíus Havsteen amtmaður yfir Suður- og Vesturamti.[231]

---

[227] Sbr. lög um landamerki frá 1919. *Stjórnartíðindi. 1919* A. Bls. 141-146.
[228] *ÞÍ.* Afhendingarskrá Þjóðskjalasafns Íslands. Afhending 2009/75.
[229] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DC/1, örk 1. Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958.
[230] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DC/1, örk 1. Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958.

Ofarlega á blaðsíðunni má sjá svipaða staðfestingu, aðra frá árinu 1937 og hina frá 1946, eins og sjá mátti í erindisbréfum sýslumanna bar þeim að sýna amtmanni bækur sínar.[232]

Bókin er þannig uppsett að málin eru númeruð í hlaupandi númeraröð og í framhaldinu er landamerkjalýsing jarðarinnar. Til hliðar á ytri jöðrum bókarinnar eru upplýsingar um hvar og hvenær þinglýsingin fór fram og kostnað við hana. Undir lýsinguna ritar eigandi eða eigendur jarðanna.[233] Flest málin eru frá 19. öld eða fyrstu 227 málin og eru þau öll rituð á tímabilinu 1883-1892. Eftir þann tíma er ekki eins ört skráð í bókina og geta liðið nokkur ár milli færslna. Til dæmis eru næsta mál frá 1904 og þá koma nokkur mál frá 1908 og 1910. Aftur er ekki ritað í bókina fyrr en 1921. Þá taka færslurnar nokkrum breytingum og á tímabili er aðeins skráð nafn jarðarinnar og tilvísun í veðmálabók.[234]

Eins og sjá má eru færslurnar án ártals en síðustu tvær færslurnar í bókinni eru frá árinu 1958, númer 279 og 280. Eru þá aftur ritaðar ítarlegri lýsingar á landamerkjum. Mætti líklega rekja þessa breytingu til þess sem skráði málin og hans verklags. Ekki hefur þótt taka því að rita landamerkjalýsinguna tvisvar upp þar sem hana var að finna í veðmálabókinni. Bókin er ekki fullrituð en þar sem ekki hefur verið skrifað í hana frá 1959 og þar til hún var afhent Þjóðskjalasafni 2009 má telja líklegt að ekki sé mikið um landamerkjabreytingar í seinni tíð sem og að verklag er annað í dag.

### *Sýslumaður Rangárvallasýslu*

Varðveittar eru tvær landamerkjabækur í skjalasafni sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 19. öld. Eldri bókin er staðfest 1884 sem landamerkjabók fyrir Rangárvallasýslu af Magnúsi Stephensen settum amtmanni í Vesturamti og Suðuramti. Bókin er í folio stærð og hefur hún losnað úr bandi og er nokkuð slitin þó að gert hafi verið við hana í seinni tíð. Fremst í bókinni liggur registur yfir bókina eða efnisskrá. Í efnisskránni eru jörðunum raðað í stafrófsröð og á eftir hverri jörð er tilvísun í blaðsíðutal.[235]

Landamerkjabókinni svipar til afsals- og veðmálabóka í uppsetningu, þ.e. málin eru númeruð með hlaupandi númeri frá nr. 1. Hvert mál inniheldur lýsingu á landamerkjum tiltekinnar jarðar og undir það skrifa allir landeigendur aðliggjandi jarða. Að auki eru að finna upplýsingar um afgreiðslu málsins, t.d. að lýsingin hafi verið þinglesin og bókuð á manntalsþingi, dagsetning þinglestursins og staðsetning þingsins og að lokum að lýsingin

---

231 Einar Laxness. *Íslandssaga I*. Bls. 39.
232 Sjá til dæmis erindisbréf sýslumannsins í Barðastrandarsýslu frá 1789, 21. grein. *Lovsamling for Island*. V. Bls. 630.
233 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DC/1, örk 1. Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958.
234 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DC/1, örk 1. Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958.
235 *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DC/1, örk 1. Landamerkjabók 1884 – 1890.

hafi verið færð inn í landamerkjabók. Málin voru færð inn í bókina í þeirri röð sem þau voru lesin upp á manntalsþingi. Yfirleitt fylgir með kostnaður þinglýsingar. Á ytri spássíu er nafn jarðarinnar sem um ræðir skrifað.

Yngri bókin er staðfest sem landamerkjabók Rangárvallasýslu árið 1892 af settum amtmanni Vestur- og Suðuramts, Kristjáni Jónssyni. Hún er merkt efst á titilsíðunni með rómverskum tveimur sem gefur til kynna að þetta sé önnur landamerkjabók sýslunnar. Má draga þá ályktun af því að ekki hafi verið til eldri bækur en þær sem fjallað er um hér. Bókin er betur farin en fyrri bókin og er enn í bandinu. Hún hefst á máli nr. 1 og má sjá sömu uppsetningu á færslunum eins og áður. Eina breytingin er að hér er búið að færa upplýsingar um manntalsþingið sem lýsingin var lesin upp á á ytri spássíu. Á mynd 14 má sjá heiti þingsins, sem var dregið af staðsetningu þess, og dagsetningu. Að auki við þinglesnar lýsingar á landamerkjum má finna eftirrit dóma um landamerki úr dómabókum.

Mynd 14.


Upplesið og bókað á [illegible]manntalsþingi 8. júní 1893
og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 44 bls. 39.
Vottar Páll Briem

Nr. 45.
Landamerkjaskrá
jarðarinnar Lambafells í Austur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu.
Eru merkin sem hér segir:
Hornmark fjögra jarða nl. Lambafells, Þorvaldseyrar, Ystabælis og Leirna er svo nefnd Steinkerling, úr henni liggur markalínan beina stefnu eða sjónhending í austur landnorður framanhallt, við hnúkinn að ofanverðu á hæsta fjallinu, sem er að sjá frá áðurnefndri Steinkerlingu innanhallt, fyrir ofan Selkot, þar til komnir eru fjögur hundruð ([illegible]) þrjátíu og sex faðmar frá nefndri Steinkerlingu moldar 3 álnir danskar í hverjum faðmi og svo þaðan uppavið beina

Lambafell í Austur-Eyjafjallahreppi Steinahellisþing 9. júní 1893.

[236]

Bókin er ekki fullskrifuð og er aðeins búið að skrifa á fyrstu 95 blaðsíðurnar. Síðasta málið frá 19. öld er frá árinu 1896 og þá líða 12 ár þar til næsta mál er skrifað niður. Síðasta færslan í bókinni er ónúmeruð frá árinu 1977. Líklegt er að flest málin hafi orðið til á meðan verið var að skrá niður landamerki og þessar bækur sérstaklega gerðar til að halda utan um þau. Ekki virðist vera mikið um að landamerkjum sé breytt og af þeim sökum eru færslurnar ekki fleiri og fækkar mikið eftir því sem nær dregur nútímanum.

Efnisskráin sem liggur með eldri bókinni á einnig við yngri bókina en að auki liggur önnur efnisskrá með þessari seinni bók. Þessi efnisskrá er nafnalisti jarða eftir hreppum og

236 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DC/2, örk 1. Landamerkjabók 1892 – 1977.

má sjá á mynd 15 hvernig vísað er annað hvort í rómverskan einn eða tvo eftir því í hvorri bókinni færslan er. Að auki við rómversku töluna er númer færslunnar í bókinni svo auðvelt ætti að vera að fletta upp á réttri færslu.

Mynd 15.



Efnisskrá
landamerkjabóka Rangárvallasýslu.

Austur Eyjafjallahreppur.
1. Eystri Skógar I 62, 66
2. Ytri Skógar I 30, 70
3. Drangshlíð I 67, 68
4. Skarðshlíð I 68
5. Hrútafell, Hrútafellskot I 69
(3.–5.) II bls. 47
6. Raudafell I 66
7. Rauðafell I 44
8. Selkot
9. Lambafell II 40
10. Bakkakot efra I 41
11. Eyvindarhólar
a. Hólakot efra
b. Hólakot sydra
c. Krókvöllur
(11.) I 63
12. Stóraborg
a. Minniborg
b. Sitjandi
c. Klömbrur
(12.) I 43
13. Miðbæli, Gíslakot I 42
14. Ystabæli, Ystabæliskot I 68
15. Leirur I 63
16. Berjanes II 54, Berjaneskot I 64
17. Þorvaldseyri I 65 II nr. 93
18. Núpakot I 65 II nr. 93
19. Hlíð I. 69 II nr. 93
20. Steinar I 64
Eystrijörð Norðurskáli
Þrætuland Drangshlíðardalur milli 2. og 3.

Vestur Eyjafjallahreppur
21. Varmahlíð
22. Holt
a. Hellahóll
b. Vallatún
c. Gerðakot
d. Ormskot
e. Brenna
f. Efstakot
g. Efstagrund með ½ Tómaseli
h. Miðgrund
i. Syðstagrund
k. Indriðakot með ½ Tómaseli
(21.–22.) I 74
23. Austasti Skáli (Ásólfsskáli)
a. Skálakot
b. Moldnúpur
c. Björnskot
d. Rimahús
(23.) I 73
24. Miðskáli I 70 og II 58
25. Ysti Skáli, Aurgata
26. Núpur
(25.–26.) I 77 og II 58
27. Hvammur I 29
28. Sauðhúsvöllur II 36
29. Efra Holt
a. Efri Hóll
b. Syðri Hóll
c. Efri Kvíhólmi
d. Syðri Kvíhólmi
(29.) I 27
30. Vestur Holt
a. Lambhúshóll
b. Lambhúshólskot
(30.) I 72
31. Nýibær I 73
32. Fit II 39

[237]

Í örk sem liggur með seinni bókinni er að finna afrit samninga um breytingar á landamerkjum, landskiptasamninga og endurrit úr landamerkjabók Rangárvallasýslu. Skjölin eru frá 1975 til 1984 og hefðu þau líklegast átt að færast inn í bókina.

## *Sýslumaður Snæfellsnessýslu*

Ein bók er varðveitt og er hún löggilt sem landamerkjabók fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu árið 1883. Fyrstu síður bókarinnar er registur þar sem hver bókstafur hefur sér síðu og jarðirnar eru skráðar inn eftir heiti þeirra ásamt tilvísun í blaðsíðutal. Elsti hluti bókarinnar virðist hafa verið skrifaður upp á tímabilinu 1884-1888 og eru færslurnar aðallega samþykki og viðurkenning þeirra sem að jörðunum koma á hvernig landamerki þeirra skulu vera. Í upphafi hefur verið reynt að skrá landamerkjalýsingar allra jarða hvers

[237] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DC/2, örk 1. Landamerkjabók 1892 – 1977.

hrepps innan sýslunnar saman. Færslurnar eru ónúmeraðar og efst er ritað fyrir hvaða jörð lýsingin er. Á sumum stöðum má sjá innfærðar skýrslur frá umboðsmönnum þar sem lýsingar á mörgum jörðum eru að finna og er þá hver jörð númeruð sem liður innan skýrslunnar.[238]

Af þessum skýrslum má til dæmis sjá að Ásmundur Sveinsson umboðsmaður Arnarstapaumboðs og Skógarstrandarumboðs á árunum 1882 til 1885[239] hefur farið um sitt umboðssvæði og skrifað upp landamerki og fengið vottun og samþykki hlutaðeiganda, leiguliða og umráðamanna jarðanna. Þessum skýrslum hefur hann þá skilað inn til sýslumanns til innfærslu í landamerkjabók. Má leiða líkum að því að þetta fyrirkomulag hafi skapast af lögum nr. 1/1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, en þar er kveðið á um skyldu eigenda til að skrá landamerki jarða sinna í byggingabréf ef þeir vildu byggja hana, hvort sem það var til þeirra eigin nota eða leigja hana öðrum til ábúðar.[240]

Þessar elstu færslur ná fram yfir hálfa bókina en þá taka við færslur frá ca. 1915 og fram til 1969. Eru þær ritaðar upp í tímaröð óháð staðsetningu jarðanna. Þó má sjá á nokkrum stöðum í bókinni seinni tíma færslur, flestar frá því um 1920, inn á milli elstu færslna. Hefur ritarinn viljað koma færslunum fyrir á réttum stöðum, innan rétts hrepps, í bókinni og nýtt autt pláss þar sem það var að finna. Margar færslur eru á árunum 1929-1930, aðallega landskiptagjörðir, en eftir þann tíma verða þær mjög óreglulegar.[241]

---

[238] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DC/1, örk 1. Landamerkjabók 1883-1969.
[239] Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár.* I. bindi. Bls. 105.
[240] *Stjórnartíðindi fyrir Ísland. 1884. A* (Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða. 12. janúar 1884.) Bls. 14.
[241] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. DC/1, örk 1. Landamerkjabók 1883-1969.

**Dæmi: Landamerki nr. 22. Selsund, Rangárvallahreppi. 22. apríl 1886.**


13

í landamerkjabók Rangárvallasýslu
№ 21. bl. 14-15.
vottar
H. E. Jóhnsson
Borgun: fyrir þinglestur 75 aur
— bókun 25 -
er 1 - ein - króna.
H. E. Jóhnsson.

№ 22.

Landamerki jarðarinnar Selsundi í Rangárvallahreppi, eru samkvæmt þinglesinni og óátalinni lögfestu frá 3. júní 1789. sem hér greinir: úr Illadíi í Hanastaða botna, þaðan í Þríhyrnda klett, þaðan í Stóraskógsbotna, þaðan í Fálkahamar, þaðan í Geldingaboli, og svo þaðan aptur í Illadí. — Selsund.

Selsundi 25. april 1886.
Ólafur Jónsson

Hvað afréttarlönd Rangárvallahrepps snertir, er liggja að áðurgreindu landi samþykkja:
Br. Stefánsson, Árni Guðmundsson.
Samþykkir Páll Jónsson, Ófeigur Jónsson.
Hannes Jónsson.

Samþykkir fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi, hvað afréttarlönd hreppsins snertir. Sveinn Guðmundsson (oddviti).

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni, hinn 24. mai 1886. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu № 22. bl. 15.
vottar
H. E. Jóhnsson
Borgun:
fyrir þinglestur 75 a
— bókun 25 -
er 1 - ein - króna
H. E. Jóhnsson

[242]

---

242 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DC/1, örk 1. Landamerkjabók 1884 – 1890.

| N° 22<br><br>Landamerki jarðarinnar Selsunds í Rangárvallahreppi, eru samkvæmt þinglesinni og óátalinni lögfestu frá 3. júní 1789 sem hjer greinir: úr Illadíí í Kanastaðabotna, þaðan í Þríhyrndaklett, þaðan í Stóraskógsbotna, þaðan í Fálkahamar, þaðan í Geldingabæli, og svo þaðan aftur í Illadí.<br>Selsundi 25. apríl 1886.<br>Ólafur Jónsson<br>Hvað afrjetta takmörk Rangárvallahrepps snertir, er liggja að áðurgreindu landi samþykkja:<br>Br. Stefánsson, Árni Guðmundsson<br>Samþykkir: Páll Jónsson, Ófeigur Jónsson, Hannes Jónsson.<br>Samþykkir fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi, hvað afrjettarlönd hreppsins snertir:<br>Steinn Guðmundsson (oddviti)<br>---"--- ---"--- ---"---<br>Upplesið og bókað í manntalsþingi að Reyðarvatni, hinn 24. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N° 22 bl. 15.<br>vottar<br>H. E. Jóhnsson.<br>Borgun:<br>fyrir þinglestur 75 a<br>-"- bókun 25 –<br>er 1 – ein króna.<br>H. E. Jóhnsson | Selsund. |
|---|---|

*Athugasemdir*: Þessi innfærsla í landamerkjabók er færsla númer 22 og í vinstra dálk hefur sýslumaður ritað hvaða jörð um ræðir til hægðarauka. Landamerki stendur fyrir hvert það kennileiti sem afmarkar lóðarmörk jarðar[243] og afréttur er landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.[244] Hér hefur sýslumaður Rangárvallasýslu löggilt landamerki jarðarinnar Selsunds frá 1789 ásamt samþykki málsaðila að afréttum jarðarinnar með upplestri þess á manntalsþingi. Fram kemur hvenær og hvar þingið fór fram ásamt því að sýslumaður vottar að málið hafi verið innfært í landamerkjabók. Þá bókar hann einnig kostnað þinglýsingarinnar. Með lögum frá 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða var lögð sú skylda á herðar eigendum að útbúa byggingarbréf fyrir jarðir sínar þar sem meðal annars áttu landamerki jarðanna að koma fram.[245]

243 *Vef. Alþingi*. Lög nr. 41/1919, um landamerki o.fl.
244 *Vef. Alþingi*. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.
245 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland. 1884. A* (Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða. 12. janúar 1884.) Bls. 2.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða. 12. janúar 1884.[246]

*Notkunarmöguleikar*: Landamerkjabækur hafa verið notaðar við rannsóknir á þjóðlendum sbr. rannsóknir óbyggðanefndar. Hlutverk hennar er að kanna og sker úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og annarra eignarlanda. Ennfremur sker hún úr um mörk þeirra hluta þjóðlendna sem nýtt eru sem afréttur.[247]

## DD – Þinglýsingarskjöl

Þinglýsingarskjöl eru fylgiskjöl afsals- og veðmálabóka. Þar er að finna ýmis réttindaskjöl, annað hvort frumrit eða afrit þeirra, ásamt öðrum skjölum sem tengjast þinglýsingum, s.s. fyrirspurnir um skuldabréf o.fl.

### *Sýslumaður Ísafjarðarsýslu*

Mjög lítið af þinglýsingarskjölum frá því fyrir 1900 hefur varðveist í skjalasafni sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu. Í raun er aðeins um einn leigusamning að ræða sem gerður var 1883 og er hann varðveittur í tvíriti. Samningurinn er um leigu á lóð á Flateyri frá 24. september 1883.[248]

Mynd 16. Leigusamningur. Opna.



vanalega þurfa að hafa í för með sér. Húsum má verzlunin fjölga og breyta eptir þörfum sínum, en eigi hefir hún heimild til að leyfa öðrum þar húsabyggingar án samþykkis lóðareiganda. Reka allan, hverju nafni sem nefnist, á lóðareigandi, svo og allan landshlut af veiði.

4. grein.

Eg undirskrifaður Árni Jónsson, umboðsmaður A. Ásgeirssonar, skuldbind verzlun hans á Flateyri til að greiða eiganda verzlunarlóðarinnar, sem hér er um rætt, 100 – hundrað krónur 31. December ár hvert, meðan föst verzlun er rekin á þessari lóð, og að uppfylla þær kvaðir, sem samningur þessi leggur á hana, og þar að auki skal lóðareiganda heimilt án sérstaks endurgjalds að lenda og setja upp skip og báta á hinni lögðu lóð, að svo miklu leyti sem það kemur eigi í bága við rekstur verzlunarinnar eða sjávarútveg hennar.

5. grein.

Leigusamningur þessi skal í fullu gildi, meðan föst verzlun er rekin á hinni lögðu lóð, hvort sem eigandaskipti verða á verzluninni eða kaupstaðarstaðinum, og skal hvorki lóðarné verzlunareiganda heimilt að selja lóðina eða verzlunina, án þess að sá, er af þeim kaupir, skuldbindi sig til að uppfylla fyrirmæli samnings þessa, og skal honum þinglýst á næsta manntalsþingi.

Gjört á Ísafirði og Flateyri, 24. dag Septembermán. 1883.

Torf. Halldórsson    Árni Jónsson.

Vitundarvottar
Gunnl. Oddsson
Matth. Ólafsson

Vitundarvottar
P. Thorarensen
H. J. Ásgeirsson

[illegible]

... og skal verða þinglýst á næsta manntalsþingi.

Skrifstofa Ísafjarðarsýslu 27. sept. 1883
[illegible]

Þingl. 4 kr. 00
bókun – 60
$\frac{1}{2}$ % 12.50
17 kr. –
sautján krónur

3/9 1919
Gunnar Benediktsson
settur.

Som Executor testamenti i Enkefru Sigritur Maren Ásgeirsson f. Sandholt og tidligere afdøde Mand islandsk Købmand Ásgeir Ásgeirssons Fællesbo overdrager jeg hermed til A/S. De Forenede Islandsforretninger alle de Sælgerens Firma ifølge foranstaaende Kontrakt tilkommende Rettigheder med de paa samme hvilende Forpligtelser.

København d. 13. August 1919

H. Steendhal
Executor Testamenti

Til Vitterlighed:
Karl Jepsen  E. Ram

Að afrit þetta sé orði til samhljóða við sýnda frumriti vottast hér með notarialiter eftir nákvæman samanburð.

Gjald 50 – fimmtíu aurar. Greitt
Gladdur

Notarialskrifstofa Ísafjarðar 3/9 1919
Gunnar Benediktsson
– settur –

249

246 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland. 1884. A* (Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða. 12. janúar 1884.) Bls. 2-17.
247 *Vef. Alþingi*. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.
248 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DD/1, örk 3. Þinglýsingar, aflýsingar 1883-1930.
249 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. DD/1, örk 3. Þinglýsingar, aflýsingar 1883-1930.

Eins og sést á mynd 16 er ritað á eftir undirskrift votta að skjalið hafi „[i]nnkomið til innfærslu í veðbréfabók Ísafjarðarsýslu, eptirrit afhent og skal verða þinglýst á næsta manntalsþingi.“[250] Undir þetta ritar Carl Fensmark, sem þá var sýslumaður Ísafjarðarsýslu. Sambærileg færsla ætti því að vera í afsals- og veðmálabók.

Þrátt fyrir að ekki finnast önnur þinglýst skjöl frá því fyrir aldamótin 1900 má finna þó nokkuð af öðrum almennum skjölum líkt og sjá má á mynd 17, en þar er að sjá fyrirspurn sýslumanns til Landsbanka Íslands um stöðu skuldabréfs sem var útgefið árið 1887.

Mynd 17.



58. Skuldabréf að upphæð kr. 200.00 útgefið 26 febrúar 1887 af Jóni Ólafssyni, Stað, til handa Landsbankanum í Reykjavík, með 1. veðr. í 8 hndr. f. m. í Tungu í Mosvallahreppi. 27/10 91

Hér með er spurst fyrir um það hjá yður, hvort veðbréf það, er umgetur á viðfestum miða, muni vera greitt eða ekki. Ef þér getið einhverjar upplýsingar gefið um það, eða hafið einhver gögn í höndum viðvíkjandi því, óskast hvorttveggja sent hingað fyrir 15. mars n.k., því þá verður gefin út opinber stefna til ógildingar bréfinu, skv. lögum nr. 63 frá 1936 um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, og bréfið síðan ógilt dæmt í máli, er þingfest verður á Ísafirði mánudaginn 26. júlí n.k., ef engar upplýsingar koma fram er veiti líkur fyrir því, að bréfið muni vera ógreitt og í gildi að einhverju eða öllu leyti.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar, 14. nóv. 1936.

TORFI HJARTARSON

Lánið greitt að fullu 27/10 91.

LANDSBANKI ÍSLANDS 10/12 36

[251]

Torfi Hjartarson sýslumaður Ísafjarðarsýslu sendi árið 1936 allmargar fyrirspurnir til Landsbanka Íslands í Reykjavík um stöðu skuldabréfa sem meðal annars voru gefin út á seinni hluta 19. aldar. Óskar hann þar eftir upplýsingum um hvort skuldabréfin hafi verið uppgreidd svo unnt sé að „afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum“ og dæma bréfin ógild.[252] Eins og sjá má á svarinu hefur skuldin verið greidd að fullu 27. október 1891 og því ljóst að sýslumaður hefði átt að fá þær upplýsingar á þeim tíma en ekki fengið. Gefur þetta ákveðna hugmynd um vinnubrögð þess tíma.

### *Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu*

Aðeins tvær öskjur af þinglýsingarskjölum er að finna í skjalasafni sýslumannsins í Rangárvallasýslu og í þeim eru tvær arkir sem innihalda skjöl frá 19. öld. Önnur skjöl eru

---

[250] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DD/1, örk 3. Þinglýsingar, aflýsingar 1883-1930..

[251] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DD/3, örk 1. Skuldabréf og verðbréf 1885-1936.

[252] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. DD/3, örk 1. Skuldabréf og verðbréf 1885-1936.

frá fyrri hluta 20. aldar og þá aðallega kaupsamningar og skuldabréf. Í fyrri örkinni eru að finna þinglýst skjöl frá 1850 til 1904[253] en í seinni örkinni er aðallega að finna skuldabréf og kaupsamninga frá 1887 til 1916, þó mest eftir 1900.[254] Í fyrri örkinni liggur stílabók frá ca. 1878 þar sem þinglesin skjöl varðandi jarðir hafa verið skrifuð upp eftir hreppunum sem þær tilheyra. Bókin virðist aðallega hafa verið vinnuskjal sýslumanns en hún er ekki löggild og hefur því ekkert lagalegt gildi.

Almennt er hér að finna ýmis skjöl er varða veðsetningar og skuldaviðurkenningar einstaklinga. Á flestum er tilvísun í bréfadagbækur Rangárvallasýslu og tekið fram ef um afrit eða eftirrit er að ræða. Þá er ritað neðst á sum skjölin hvenær þau voru upplesin á manntalsþingi, greiðslan fyrir þinglesturinn og í hvaða veðmálabók skjalið var fært, sjá mynd 18. Í sumum tilfellum er um landamerki að ræða og eru þau skjöl færð í landamerkjabók. Einhver dæmi eru um að upplýsingar um greiðslur séu færðar inn á frumrit skjalsins.

Mynd 18. Upplýsingar um þinglestur og tilvísun í veðmálabók.


Árið 1866, þ. 16da október, fór fram að Stóru Mörk
svolátandi Kaupgjörningur. (að ég Páll Haldórsson
afsala mér og mínum erfingjum, en sel bóndanum Sgr
Sæmundi Árnasyni á Stóru-Mörk 5 hdr (skrifa
fimm hundruð) í jörðinni Austustu Sámsstöðum, liggj-
andi í Fljótshlíð í Rangárvallasýslu, fyrir 200 rdl —
skrifa tvö hundruð ríkisdali, sem borgað er út í hönd. —
Á jörðinni, sem er 20 hdr að dýrleika, er 120 al. landskuld
og 4 kúgildi, og fylgir þessum nú seldu 5 hdr landskuld
og kúgildi að réttri tiltölu. — Gengur svo kaupandi að
kaupi, en seljandi ábyrgist söluna.
Stóru Mörk, þ. 16da oktbr. 1866.
Páll Haldórsson. — Sæmundur Árnason.
Viðstaddir vottar. Eyjólfur Oddsson. — Einar Olafsson.
Rétt eftirrit vottar

Upplesið fyrir manntalsþinginu að
[illegible] 27 Mai 1871. Innfært að öðru leyti
veðmálabók III. bls. 98. № 103

[255]

---

[253] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DD/2, örk 1.
[254] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DD/2, örk 2.
[255] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DD/2, örk 1.

Neðst á blaðsíðunni má sjá staðfestingu sýslumannsins Hermannius Johnson á því að skjalið var „[u]pplesið fyrir manntalsþingheimi að Kirkjubæ 27. maí 1871. Samhl. að öðru leyti veðmálabók III, bls. 98. N° 103.“[256] Skjalið er vottað afrit og líklega hafa aðilar málsins fengið frumritið.

Greinilegt er að Landsbankinn hóf upp úr 1890 að senda forprentuð bréf til sýslumanna með skuldabréfum til aflýsingar og má finna nokkuð magn af slíkum bréfum í þessum skjalaflokki.[257] Út frá þessum bréfum má sjá hvernig verklag við þinglýsingu skuldabréfa hefur verið á þessum tíma. Landsbankinn sendir sýslumanni samrit og eftirrit af skuldabréfinu þar sem sýslumaður skrifar samritið í veðmálabók og endursendir svo til bankans með staðfestingu um innritunina. Eftirritið sendir sýslumaður bankanum eftir að þinglýsing hefur farið fram á næsta manntalsþingi með staðfestingu á upplestri skjalsins á þinginu.

Ekki er að sjá neina sérstaka röðun á skjölunum sem þarna liggja aðra en að þau eru helst í tímaröð. Þarna eru ýmis bréf og dreifibréf frá stiftamtmanni og hafa sum bréfin tilvísun í bréfadagbók sýslumanns. Eins má finna bréf, t.d. svör við fyrirspurnum sýslumanns varðandi veðskuldir, sem sum hafa einnig slík bréfadagbókarnúmer. Í sumum tilfellum er tekið fram að um eftirrit sé að ræða og gæti frumritið legið í bréfasafni. Á fyrri hluta aldarinnar sjást þessar tilvísanir nokkuð stopult en þegar síga tekur á seinni hluta 19. aldar virðist sýslumaður hafa tekið sig á og skráð tilvísunarnúmer í bréfadagbók nokkuð samviskusamlega og hafa nánast öll erindi eftir 1870 slíka tilvísun. Af þessu má ráða að þeim bréfum sem bárust embættinu er vörðuðu þinglýsingar var haldið sérstaklega til haga sem fylgiskjölum við veðmálabækur og er því haldið sem sérstökum skjalaflokki innan skjalasafnsins en ekki verið lögð upp í bréfasafn eins og önnur innsend erindi. Eins má gera ráð fyrir að frumskjöl þeirra réttindaskjala sem bárust sýslumanni til þinglýsingar hafi ratað aftur til eiganda veðskuldarinnar eða þeirra sem voru aðilar að málinu sem verið var að þinglýsa, hvort sem það var kaupmáli, afsal, erfðaskrá eða annað.

### *Sýslumaður Snæfellsnessýslu*

Í safni sýslumannsins í Snæfellsnessýslu eru að finna níu öskjur með þinglýstum skjölum, þar af inniheldur aðeins ein askja þinglýsingarskjöl frá 19. öld en önnur skjöl eru yngri. Elstu skjölin eru frá 1819 og eru þetta almennt ýmis skjöl er varða veðsetningar og skuldaviðurkenningar einstaklinga. Á sumum skjölum má sjá tilvísun í að þau hafi verið fylgiskjal með bréfi sem hefur verið fært inn í bréfadagbók. Þó verður að teljast að frekar

256 *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DD/2, örk 1.
257 *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DD/2, örk 1.

fá skjöl hafa tilvísanir í bréfadagbók en stundum er ritað á þau hvenær þau voru móttekin af embættinu. Sjá mynd 19.  Á mörg skjöl hefur verið ritaður kostnaður við þinglýsingu og stundum staðfesting á innfærslu þess í afsals- og veðmálabók.[258] Í sumum tilfellum er óskað eftir endursendingu frumskjalsins eftir að þinglýsing hefur farið fram og má þá sjá staðfestingu sýslumanns á því hvenær skjalið var endursent.[259] Sjá mynd 19.

Mynd 19.


mótt 9/3 1885.
Hjer með leyfi jeg mjer að senda herra sýslumanninum veðskuldabrjef Kristínar Eggertsdóttur útgefið 7. d. jan. þ.á. af skrifara Sighvati Bjarnasyni fyrir 200 kr. láni úr viðlagasjóði Íslands. Mælist jeg hjer með til að brjef þetta verði fært inní afsals og veðmálabók sýslunnar og þinglesið og sent mjer aptur með áteikningu um þinglesturinn.
Þinglestrargjaldið 1 kr. 50 au. let jeg fylgja hjer með
Skrifstofu landfógeta 28. febr. 1885
Endursent landf. 1/9 1885 S.J.
Til
Sýslumanns Snæfellsnessýslu

[260]

Svo virðist vera að sýslumaður hafi í mörgum tilfellum skrifað upp skjalið sem þinglýsa átti og endursent frumritið til eiganda. Þá hefur skjalið svo verið skrifað aftur upp í afsals- og veðmálabók þar sem upplýsingar um þinglestur voru bæði færðar þar inn sem og á afrit skjalsins. Skjölin liggja ekki í fullkominni tímaröð og líklegt er að þau hafi farið í gegnum margar hendur áður en þau voru skráð á Þjóðskjalasafni.

258 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi.  DD/1, örk 1-2. Veðmálabókarskjöl 1819-1863.
259 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi.  DD/1, örk 1-11. Veðmálabókarskjöl 1880-1890.
260 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi.  DD/1, örk 1-11. Veðmálabókarskjöl 1880-1890.

**Dæmi: Beiðni um þinglýsingu á kaupmála og gjafabréfi 15. júní 1896.**



SKRIFSTOFA SKAPTAFELLSSÝSLU.

158-96

*Kirkjubæjarklaustri* 15 júní 1896.

Hjálagðan staðfestan kaupmála milli hjónanna Einars Einarssonar og [illegible] Pálsdóttur í Rafabæ, svo og meðfylgjandi gjafabrjef fyrir nokkrum hluta úr jörðinni Miðskála leyfi jeg mjer að mælast til að þjer, herra sýslumaður, vilduð þinglesa á næsta manntalsþingi fyrir Vestur-Eyjafjallahrepp, og verður gjaldið fyrir þinglestur skjalanna greitt yður hjeðan.

Guðl. Guðmundsson

Til

Sýslumannsins í Rangárvallasýslu

212

[261]

---

[261] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DD/2, örk 1.

| | |
|---|---|
| Skrifstofa Skaptafellssýslu. | Rv.N°58-96 |
| Kirkjubæjarklaustri 15 júní 1896. | |
| Hjálagðan staðfestan kaupmála milli hjónanna Einars Einarssonar og Þóru Pálsdóttur í Rofabæ, svo og meðfylgjandi gjafabrjefi fyrir nokkrum hluta úr jörðinni Miðskála. Leyfi jeg mjer að mælast til að þjer, herra sýslumaður, vilduð þinglesa á næsta manntalsþingi fyrir Vestur-Eyjafjallahrepp, og verður gjaldið fyrir þinglestri skjalanna greitt yður hjeðan. | |
| Guðl. Guðmundsson | |
| Til | |
| Sýslumannsins í Rangárvallasýslu | |

*Athugasemdir*: Efst í hægra horninu sést tilvísun í bréfadagbók sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Bréfið hefur fengið númerið 58 árið 1896. Meðfylgjandi þessu bréfi hefur verið staðfestur kaupmáli og gjafabréf sent til sýslumannsins í Rangárvallasýslu til þinglýsingar frá sýslumanninum í Skaftafellssýslu. Miðskáli í Vestur-Eyjafjallahreppi er í Rangárvallasýslu og varð því að þinglýsa gjafabréfinu af sýslumanni Rangárvallasýslu á viðeigandi manntalsþingi skv. tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833. Þar kemur fram í 2. grein að „þegar skjalið hljóðar uppá afhending eður veðsetning einhverrar fasteignar, á það ætíð að lesast á því þíngi, til hvers eigindómurinn heyrir.“[262]

Hvorki kaupmálinn né gjafabréfið liggur með bréfinu í skjalasafninu og líklegt er að sýslumaður hafi endursent það til sýslumannsins í Skaftafellssýslu að þinglýsingu lokinni ásamt staðfestingu á gjörningnum.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi 24. apríl 1833.[263]

*Notkunarmöguleikar*: Þetta dæmi um innsent skjal til þinglýsingar nýtist meðal annars við rannsóknir á stjórnsýslu fyrri tíma.

[262] *Lovsamling for Island*. X. Bls. 305.
[263] *Lovsamling for Island*. X. Bls. 300-307.

**E – Einkamál**

Hér undir falla ýmis skjöl tengd dómsathöfnum í einkamálum. Helst eru þar að nefna uppboðs- og skiptabækur ásamt fylgiskjölum og verður fjallað nánar um þá skjalaflokka hér. Hér liggja þó einnig fógetabækur og innihalda þær gjörðir fógetaréttar en við réttinn fóru fram aðfaragerðir s.s. lögtök og beinar fógetagjörðir t.d. útburðar- og innsetningargjörðir, og bráðabrigðagerðir eins og lögtak, kyrrsetning og lögbann.[264] Ekki verður fjallað sérstaklega um fógetabækur hér en vikið verður lítillega að þeim í umfjöllun um dóma- og þingbækur, sjá bls. 133-134.

**EC1 – Uppboðsbækur uppboðsréttar**

Sérstakar þingbækur, svokallaðar uppboðsbækur, voru haldnar við uppboðsrétt sem sýslumenn héldu. Í þeim eru framlögð skjöl réttarins færð og upplýsingar um þá hluti er upp voru boðnir, söluandvirði og kaupendur. Um tvenns konar uppboð getur verið að ræða, annars vegar uppboð haldin að ósk eigenda eða fjárhaldsmanns og hins vegar nauðungaruppboð sem haldin voru að ósk skuldheimtumanna.[265] Uppboð eru þekkt allt aftur til 1693 skv. tilskipun frá 19. desember 1693 um uppboð í Danmörku og Noregi og kemur fram í tilskipuninni að uppboðshaldari skuli halda sérstakar bækur yfir uppboð og „rigtigen specificere og indföre, först hvem Varene lader selge, dernest Tiden og Steden, hvor samme Auction holdis, for det tredie antegne ved hver Post den Kjöbendis Nafn, saa og Prisen, som Varene selgis for.“[266]

***Sýslumaður Ísafjarðarsýslu***

Aðeins fjórar uppboðsbækur frá 19. öld hafa varðveist í skjalasafni sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu. Elsta bókin hefst 1826 og er löggilt sem *auctions protocol*[267] fyrir Ísafjarðarsýslu árið 1832 af Bjarna Thorsteinssyni amtmanni Vesturamts. Þessi fyrsta bók er mjög illa farin, laus úr bandi og hefur verið gert við hana, líklega af forverði Þjóðskjalasafns eftir að hún barst þangað til varðveislu. Vitað er að bókin er ekki heil þar sem finna má miða í bókinni með skilaboðum frá forverði að hluti af síðunum hafi verið „fjarlægður í viðgerð, þar eð einhver hefur notað bókina til að gera í stykki sín.“[268] Ekki liggja frekari upplýsingar fyrir um þann gjörning en það er óhætt að segja að einhver gerði ekki ráð fyrir að þessar bækur þættu mikilvægar til lengri tíma litið.

---

264 *Vef.* Ólafur Arnar Sveinsson. *Leiðarvísir fyrir dóma- og þingbækur í skjalasöfnum sýslumanna í Þjóðskjalasafni Íslands.* Bls. 35.

265 Pétur G. Kristjánsson. *Inngangur að sýslumönnum.* Bls. 23.

266 *Lovsamling for Island.* I. Bls. 511.

267 Auctions protocol þýðir uppboðsbók.

268 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1826-1844.

Færslurnar í bókinni eru svipað uppsettar og í afsals- og veðmálabókum. Færslan hefst á dag- og staðsetningu uppboðs, hver heldur uppboðið og hverjir eru vottar, hvað skuli upp boðið og í framhaldi af því er listi yfir þá hluti sem tilheyra búinu. Hlutirnir eru yfirleitt númeraðir og við hlið hvers hlutar er nafn kaupanda og upphæð sem hluturinn var sleginn á. Á eftir listanum er yfirleitt tekið fram að ekki hafi fleira verið uppboðið og undir það ritar uppboðshaldari og vottar.

Í þessari fyrstu bók má sjá mörg uppboð vegna skattinnheimtu, uppboðið er smjör og vaðmál af konungsjörðum upp í landsskuld. Á mynd 1 sést uppboð 29. september 1835 á 380 pundum smjörs og 235 pörum eingyrna sokka.

Mynd 1.



| No | Það Selda | Auctionsverd Rbd. | rbß. | Kaupenda Nöfn |
|---|---|---|---|---|
| 1. | 10 ℔ Smiör | 1. | 60 | Brynjólfur Brynjólfsson á Mýrum. |
| 2. | 10 ℔ do | 1. | 77. | Sgr. B: Þorvaldsson á Hvammi. |
| 3. | 10 ℔ do | 1. | 77. | Sami. |
| 4. | 10 ℔ do | 1. | 78. | Administrat. S. Vidalin |
| 5. | 10 ℔ do | 1. | 82. | Sami. |
| 6. | 10 ℔ do | 1. | 82. | Sgr. Biarni Þorvaldsson á Hvammi. |
| 7. | 10 ℔ do | 1. | 83. | Sami. |
| 8. | 10 ℔ do | 1. | 81. | Sami. |
| 9. | 10 ℔ do | 1. | 84. | Sami. |
| 10. | 10 ℔ do | 1. | 83. | Sami. |
| 11. | 10 ℔ do | 1. | 84. | Sgr. Halldór Jónsson á Medaldal. |
| 12. | 10 ℔ do | 1. | 83. | Sami. |
| 13. | 10 ℔ do | 1. | 82 | Administrat: S. Vidalin |
| 14. | 10 ℔ do | 1. | 84. | Sami. |
| 15. | 10 ℔. do | 1. | 83. | Sami. |
| Lat. | 150 ℔. | 27. | 51. | 34 |

269

Vinstri síðan er lýsing á uppboðinu, hvar það er haldið og af hverjum, hvað er boðið upp og hvernig það skuli fara fram. Á hægri síðunni má svo sjá listann yfir það uppboðna, hver hlutur er númeraður og á þessari fyrstu opnu eru 150 pund af smjöri uppboðin af þeim 380 pundum sem bjóða átti upp. Hver hlutur er sleginn kaupanda á hæsta verði og þrátt fyrir að um sama hlutinn sé að ræða í öll skipti í þessu tilfelli er smjörið slegið frá 1,60 rbd. upp í 1,84 rbd. Pundið jafngilti u.þ.b. ½ kíló en í upphafi 19. aldar mátti sjá eininguna *fjórðung* notaða yfir smjöreininguna. Þá voru boðnir upp t.d. tveir fjórðungar af smjöri í hvert skipti en hver fjórðungur jafngildir u.þ.b. fimm kílóum.[270]

---

269 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1826-1844.

270 Mönnum ber ekki alveg saman um nákvæma þyngd fjórðungs en hann virðist vera á bilinu 4,32 kg. til 5 kg. Sjá til dæmis: Már Jónsson. „Hákarlaveiðar í Strandasýslu á öðrum fjórðungi 19. aldar." Bls. 2. Einnig Björn Magnússon Ólsen. „Um kornyrkju á Íslandi að fornu". Bls. 151.

Ekki eru eingöngu uppboð fyrir landskuld af konungsjörðum að finna í bókinni, þar eru einnig söluuppboð á strönduðum skipum, söluuppboð kaupmanna, uppboð á hlutum úr dánarbúum og uppboð á konungsjörðum. Þegar hlutir einstaklinga eru boðnir upp má stundum sjá verðmat þeirra ásamt þeirri upphæð sem þeir voru svo slegnir hæstbjóðanda.[271] Það er þó sjaldgæft og yfirleitt kemur aðeins söluupphæðin fram.

Á uppboði 6. apríl 1840 var haldið uppboð í Súðavík þar sem tvær konungsjarðir voru boðnar upp. Jarðirnar voru 12 jarðhundruð að stærð og landskuldin 80 álnir sem yfirleitt var greidd í sokkapörum eða fiskum. Önnur jörðin var án kúgildis en hinni fylgdu tvö kúgildi sem skylt var að leigja með. Var þarna verið að bjóða upp ábúendarétt á jarðirnar.[272]

Önnur bókin tekur við af þeirri fyrri og nær frá 1844 til 1861. Svipar henni mjög til fyrri bókar hvað uppsetningu varðar. Er þar að finna ýmis söluþing og má nú yfirleitt sjá ítarlega söluskilmála með uppboðslýsingunni. Kemur þar fram að hlutirnir seljist „í því ástandi sem þeir eru í við hamarshöggið og eru uppfrá því í kaupandans ábyrgð.“ Í öðru lagi kemur fram sá tímafrestur sem gefinn er fyrir greiðslunni og hvernig henni skuli hagað. Að lokum er kveðið á um vanefndir greiðslu, en komi til þess að lögsækja þurfi „nokkurn til borgunar, þá skulu kaupendur án tillits til varnarþings þeirra skildir að mæta við Skutulsfjarðar sáttanefnd og á Skutulsfjarðarþingi.“[273] Ásamt söluskilmálum er algengt að tekið sé fram hvernig uppboðið var auglýst og er þá yfirleitt um plakat að ræða sem hengt var upp á ákveðnum stöðum. Stundum kemur fram að uppboðið hafi verið auglýst í blaði, t.d. Þjóðólfi.

Þriðja bókin sem varðveist hefur nær frá 1861 til 1873 og er hún keimlík fyrri bókum hvað uppsetningu varðar. Stundum má finna uppboðsauglýsingar á milli blaðsíðanna sem ættu frekar heima í skjalaflokkinum *EC2 – Fylgiskjöl uppboðsréttar*.[274] Síðasta bókin nær frá 1894 til 1904 og er nokkuð ljóst að a.m.k. vantar eina bók hér á milli þriðju og fjórðu bókarinnar fyrir tímabilið 1873 til 1894. Ekki er vitað um afdrif bókarinnar. Þessi fjórða bók er löggilt á fremstu síðu af Júlíusi Havsteen þáverandi amtmanni Suður- og Vesturamts sem uppboðsbók sýslunnar. Ennfremur sést að bókin hafi verið sýnd honum árið eftir líkt og sjá mátti við afsals- og veðmálabækur.

Uppsetning bókanna er alltaf mjög svipuð, hefst á dagsetningu uppboðs og staðsetningu, lýsingu á hvað er uppboðið og skilmálum uppboðsins. Þá er yfirleitt

---

271 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1826-1844. Sjá t.d. uppboð á dánarbúi Bjarna Bjarnasonar 31. júlí 1830.
272 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1826-1844.
273 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC1/1, örk 2. Uppboðsbók 1844-1861.
274 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC1/1, örk 3. Uppboðsbók 1861-1873.

númeraður listi yfir hlutina sem boðnir eru upp ásamt upphæð og nafn kaupanda. Stundum má sjá uppboð taka marga daga, t.d. var uppboð haldið 1898 á verslunarvörum í eigu kaupmanns sem taldi 1095 vörur og var uppboðið haldið í ellefu hlutum á 7 daga tímabili.[275] Engin bókanna hefur registur yfir innihald þeirra og engar tilvísanir er að sjá í bókunum sem tengir einstaka mál við bækur úr öðrum skjalaflokkum s.s. skiptabækur eða bréfadagbækur.

*Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu*

Alls eru varðveittar átta uppboðsbækur í skjalasafni sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Elsta bókin er uppboðsbók Skálholtsstóls og konungsjarða í Rangárþingi og Vestmannaeyjum og nær yfir árin 1788 til 1820. Bókin hefur verið viðgerð og innbundin í seinni tíð en á forsíðu má sjá löggildingu bókarinnar ásamt sjö undirskriftum því til staðfestingar, sjá mynd 2.

Mynd 2.


[276]

Í löggildingu á bókinni sem *auctions protocol* kemur fram að bókin sé 188 folio blaðsíður og er því vitað að mikið vantar í bókina þar sem hún telur aðeins 43 síður. Gert hefur verið við þær síður sem varðveist hafa og hún bundin inn en annað er að öllum líkindum glatað. Uppsetning bókarinnar er þannig að hver færsla hefst á dagsetningu og

275 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC1/1, örk 4. Uppboðsbók 1897-1904.
276 *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1788-1820.

lýsingu á uppboði, í þessu tilfelli hvaða jörð er uppboðin, og undirskrift uppboðshaldara og votta.[277]

Önnur bókin er, líkt og fyrri bók, löggilt á forsíðu og nær yfir árin 1828 til 1843. Uppboðin eru númeruð með hlaupandi númeri til ársins 1835 en eftir það eru þau ónúmeruð. Hvert uppboð hefst á dagsetningu og staðsetningu uppboðsins ásamt lýsingu þess. Í framhaldi af því er númeraður listi yfir uppboðna hluti og kaupendur þeirra ásamt þeirri upphæð sem hluturinn var sleginn á. Við lok upptalningarinnar kvittar uppboðshaldarinn og vottar fyrir uppboðið. Aðallega virðast þetta vera uppboð á hlutum úr dánarbúum. Aftast í bókinni má finna efnisyfirlit yfir innihald bókarinnar, eru þetta nöfn látinna hverra dánarbú hefur verið boðið upp í tímaröð með tilvísun í blaðsíðutal uppboðsins.[278]

Í þriðju bókinni eru uppboðin áfram ónúmeruð og nær hún yfir árin 1843 til 1854. Aðallega virðast vera um uppboð á dánarbúum að ræða en ekki er neitt registur að finna í bókinni líkt og í fyrri bók.[279] Næsta bók er framhald af fyrri og nær frá 1854 til 1863. Hún er löggilt af Trampe amtmanni Suðuramts sem uppboðsbók sýslunnar og er eins uppsett og fyrri bækur. Hér er þó að finna registur þar sem nöfn eigenda búanna sem upp eru boðin eru listuð upp í stafrófsröð ásamt tilvísun í blaðsíðutal. Þrátt fyrir að registur vísi aðallega í dánarbú eru einnig haldin uppboð á öðrum eignum s.s. jörðum.[280]

Á fremstu síðu fimmtu bókarinnar, sem nær frá 1864 til 1870, er löggilding bókarinnar sem uppboðsbók af Þórði Jónassen stiftamtmanni. Efst í hægra horni síðunnar má sjá tilvísun sem sést á mynd 3.

Mynd 3.


[281]

Tilvísunin er *A4 N 28-62* og vísar líklega í bréfabók stiftamtmanns A4 númer 28 árið 1862. Svipaða tilvísun má sjá í manntalsbók Rangárvallasýslu frá 1865. Bæði stiftamtmaður

[277] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1788-1820.
[278] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EC1/1, örk 2. Uppboðsbók 1828-1843.
[279] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EC1/1, örk 3. Uppboðsbók 1843-1854.
[280] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EC1/2, örk 1. Uppboðsbók 1854-1863. Sjá til dæmis uppboð 29. október 1855.
[281] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EC1/2, örk 2. Uppboðsbók 1864-1870.

og landfógeti notuðu ákveðna flokkaskiptingu eftir málefnum og stóð A fyrir málefni tengd konunglegum tilskipunum, lögum og öðrum tilskipunum varðandi stjórnsýslu.[282]

Þær þrjár bækur sem fylgja á eftir eru allar eins uppsettar og fyrri bækur, þ.e. löggildar af amtmanni þess tíma og færslur fyrir hvert uppboð. Ekkert registur er þó að finna fyrir síðustu tvær bækurnar.[283]

### *Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu*

Alls hafa ellefu uppboðsbækur varðveist í skjalasafni sýslumannsins í Snæfellsnessýslu frá 19. öld. Elsta bókin hefst reyndar 1797 og nær fram til 1818. Er hún öll laus úr bandi og gert hefur verið við hana nýlega á viðgerðarstofu Þjóðskjalasafns. Eru þetta mikið til uppskriftir dánarbúa og er uppsetning þeirra þannig að hver færsla hefst á dagsetningu uppboðs ásamt lýsingu á hvað er boðið upp. Þá kemur númeraður lista yfir hlutina sem boðnir eru upp ásamt virði þeirra í peningum. Á næstu síðu er skráð nafn kaupanda og kaupverð. Aftast má finna innsigli sem táknar að bókin hafi verið gegnumdregin við löggildingu en þar sem fyrri hluta bókarinnar virðist vanta er engin skrifleg löggilding fremst eins og tíðkast.[284]

Mynd 4.


[285]

Mynd 4 sýnir opnu úr bókinni og sjá má heildarvirði hlutanna neðst hægra megin á vinstri síðunni, alls 125 ríkisbankadali og 38 og hálfur skildingur. Neðst á hægri síðu má svo sjá heildarupphæðina sem fékkst fyrir hlutina á uppboðinu, alls 131 ríkisbankadal og 76

[282] *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla landshöfðingja á Íslandi 1873 til 1904*. Bls. 14.
[283] *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EC1/2, örk 3 og EC1/3, arkir 1 og 2. Uppboðsbækur 1870-1884, 1884-1892 og 1893-1905.
[284] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1797-1818.
[285] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1797-1818.

skildingar. Uppboðið hefur því skilað hagnaði miðað við virðið sem hlutirnir voru metnir á.[286]

Uppboðsbækur fyrir árin 1819 til 1834 og 1835 til 1844 eru báðar nokkuð skemmdar líklega vegna vatnsskaða og gert hefur verið við þær. Einhverjar upplýsingar hafa glatast þar sem hluta síðanna vantar. [287] Þær eru eins uppsettar og fyrsta bókin en þó má sjá í seinni bókinni, sem nær frá 1835 til 1844, að sýslumaður hefur orðið nýtnari á síðurnar og í stað þess að færa uppboðin á heila opnu er farið að rita allar upplýsingar um selda hluti, kaupendur og verð á eina síðu.[288]

Næstu þrjár bækur ná yfir árin 1844 til 1873 og eru allar löggiltar sem uppboðsbækur fyrir Snæfellsnessýslu af amtmanni.[289] Þær eru allar eins uppsettar og fyrri bækur en engin þessara bóka hefur registur yfir innihald eða tilvísanir í aðrar bækur fyrir utan bók fyrir árin 1863 til 1873 en þar má sjá tilvísun á fremstu síðu í bréfabók amtmanns sem löggilti bókina.[290] Eftir sameiningu Snæfellsnessýslu og Hnappadalssýslu 1873 eru bækurnar auðkenndar á forsíður sem uppboðsbækur beggja sýslna en að öðru leyti eru þær eins uppsettar.[291]

Hinar hefðbundnu uppboðsbækur hafa hver tekið við af annarri án skörunar en í safninu liggja að auki þrjár bækur sem flækja aðeins þá röðun. Þessar þrjár bækur taka hver við af annarri og ná yfir árin 1866 til 1891 og eiga það sameiginlegt að vera í litlu broti og minna helst á vinnubækur sýslumanns. Fyrstu tvær bækurnar eru þó löggiltar af amtmanni sem uppboðsbækur sem gefur til kynna að þetta eru ekki bara vinnubækur sýslumanns og hefur hann haldið tvær uppboðsbækur á þessu 25 ára tímabili.[292] Bækurnar virðast einnig hafa það sameiginlegt að innihalda aðallega færslur um uppboð á fuglatekju ásamt einstaka uppboði á vogreki o.fl. Ekki er alveg ljóst hvað það er sem skilur þessar tvær raðir uppboðsbóka að en líklega orsakast þær af vinnubrögðum hvers sýslumanns.

[286] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/1, örk 1. Uppboðsbók 1797-1818.
[287] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/1, örk 2 og 3. Uppboðsbækur 1819-1834 og 1835-1844.
[288] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/2, örk 3. Uppboðsbók 1835-1844.
[289] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/2, arkir 1, 2 og 3. Uppboðsbækur 1844-1854, 1852-1863 og 1863-1873.
[290] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/2, örk 3. Uppboðsbók 1863-1873.
[291] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/3, örk 1 og 5. Uppboðsbækur 1874-1892 og 1893-1912.
[292] *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/3, örk 2, 3 og 4. Uppboðsbækur 1866-1873, 1874-1881 og 1881-1891.

**Dæmi: Uppboðsbók Snæfellsnessýslu 1844-1854. Uppboð á konungsjörðinni Búðum**


[293]

Ár 1845 þann 26ta May var Auctionsréttur settur að Garðaþingstað og haldin af sýslunnar votta Auctionshaldara í nærveru Auctionsvottanna Jons Jonssonar og Jóns Vigfússonar – hvar þá – var fyrirtekið samkvæmt Vesturamtsbréfi af 14 December þ.á. að burtselia kóngseignina Búðir í Garðaþingsókn með undirliggjandi hjábýlum. – Auction þetta hefur auglýst verið nægum tíma áður með auglýsingar bréfum til allra hreppstjóra í sýslunni og uppfestum auglýsingum á öllum sýslunnar höndlunarstöðum, sem og kunngjört um alla sýsluna í þingboðseðlum frammi þýnhár – Afskrift af téðum auglýsingum viðleggist Lttr.

[293] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. EC1/2, örk 1. Uppboðsbók 1844-1854.

A.B.C. - Skilmálar þeir eptir hvörjum uppboð jarðarinnar Búðum voru á auctionstaðnum auglýstir og öllum til skoðunar uppfestir samkv. viðlagðri protocolinu undir Ltr. D. Þareptir auctioninu framfór sem fylgir.-
Jörðin Búðir með undirliggjandi hjábýlum 42 jarðhundruð að dýrleika eptir boð og yfirboð var jörðin tilslegin Madame Steinunni Sveinsdóttir ábúanda jarðarinnar fyrir 965 rbd sýlfurmyntar.
Auctionsrétturinn hafin ut supra Á. Thorsteinsson.
Jón Vigfússon
Jón Jónsson.

*Athugasemdir:* Færslan er um uppboð á konungsjörðinni Búðum ásamt hjáleigum sem var virt á 42 jarðhundruð sem telst stór jörð. Fram kemur að sýslumaður hefur fengið skipun frá amtmanni um að bjóða jörðina upp. Uppboðið var auglýst samkvæmt venju og þar sem um konungsjörð var að ræða hefur tilkynning verið send til allra hreppstjóra ásamt því að auglýsing var hengd upp á öllum verslunarstöðum sýslunnar. Það var misjafnt hversu mikið uppboð voru auglýst eftir því hvað var boðið upp. Stundum voru aðeins auglýsingar settar upp í næsta nágrenni en önnur uppboð voru auglýst um alla sýsluna. Þar sem verið er að bjóða upp konungsjörð hefur þótt eðlilegast að auglýsa uppboðið sem víðast.

*Lagagrundvöllur heimildar:* Forordning om Auctions-Værket i Danmark og Norge. Tilskipun um uppboð í Danmörku og Noregi, 19. desember 1693.[294] Þessi tilskipun var ekki auglýst upphaflega á Íslandi, en var þó tekin til notkunar síðar. Í 5. til 7. grein kemur fram að uppboðshaldari skuli halda uppboðsbók, sem er löggilt og gegnumdregin og skyldu bækurnar skoðaðar af yfirvaldi. Í bækurnar átti að færa nákvæmlega alla selda muni og verð þeirra, ásamt dagsetningu og staðsetningu uppboðsins.

*Notkunarmöguleikar:* Hægt er að nýta uppboðsbækur fyrir ýmsar rannsóknir. Þær veita heimildir um hvaða varning var verslað með, hvernig staðið var að sölu skipa sem rak á land ásamt því að oft er þar að finna upplýsingar um farm slíkra skipa. Þá veita þær heimildir um uppboð á konungsjörðum og veita mikilvægar upplýsingar um verðlag hvers tíma. Einkar áhugaverðar heimildir eru listar sem finna má í bókunum yfir eigur fólks, hvort sem það eru þrotabú eða dánarbú. Listar þessir veita ítarlega innsýn í hvað fólk átti á hverjum tíma ásamt verðmæti hlutanna sem gefa upplýsingar um hvað var eftirsóknarvert að eiga.

[294] *Lovsamling for Island.* I. Bls. 510-515.

**EC2 – Fylgiskjöl**

Fylgiskjöl eru málsskjöl sem lögð voru fram fyrir uppboðsrétti og gátu verið t.d. uppboðsskilmálar, uppboðsauglýsingar, uppskriftir búa, veðbókarvottorð, ýmsar tilkynningar um uppboð o.fl. Í sumum tilfellum hefur sýslumaður vottað hvenær skjölin voru framlögð við uppboðsréttinn og númerað skjölin. Ennfremur má í sumum tilfellum sjá tilvísun á skjölunum í bréfadagbók sýslumanns sem gefur til kynna að skjalið hafi verið sent honum til að leggja fram við uppboðsrétt.

*Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu*

Eitthvað er varðveitt af fylgiskjölum uppboðsréttar og eru til skjöl frá 1835 til 1880 en þá er óútskýrð eyða til 1924. Ekki er vitað hvað varð um skjölin frá þeim árum sem vantar en þau eru að öllum líkindum glötuð. Líklegt er að þetta sé ekki heilstæður skjalaflokkur, bæði sökum þess að stundum má finna fylgiskjöl inn á milli blaðsíðna í skiptabókunum sjálfum og sökum þess að ekki er skipulega haldið utan um fylgiskjöl með hverju uppboði.

Fylgiskjölin eru aðallega uppboðslýsingar ásamt skilmálum uppboða en eins og fram kom framar voru uppboð yfirleitt auglýst með plakötum sem hengd voru upp á ákveðnum stöðum. Á sumum má jafnvel sjá far eftir nagla á hornum skjalsins, sjá t.d. fremsta skjalið á mynd 5.

Mynd 5.


[295]

Á mynd 5 má einnig sjá tilvísanir, Littera A og Littera B, á tveimur aftari skjölunum. Í bókum og skjölum sýslumanna má sjá ýmsar útgáfur af þessu orði t.d. *LIttera, Litt, Littr,*

[295] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC2/1, örk 2. Ýmis uppboðsskjöl 1851-1855.

*Litr* eða *Lit.* Littera þýðir bókstafur og mætti kalla þetta tilvísun í bókstafsnúmer skjalanna.[296]

Auk uppboðsauglýsinga má einnig finna hér uppskriftir dánarbúa sem farið hafa fyrir uppboðsrétt (sjá nánar í umfjöllun um skiptarétt). Ekki eru fylgiskjöl með hverju uppboði þrátt fyrir að í skiptabókunum komi fram að þau hafi verið auglýst eins og venja var. Ennfremur eru engar tilvísanir milli uppboðanna í skiptabók og fylgiskjalanna sem gefur það til kynna að ekki var skipulega haldið utan um fylgiskjölin.[297] Fylgiskjölin sem varðveitt eru í Ísafjarðarsýslu eru lítil að umfangi, aðeins um hálf skjalaaskja og vantar stundum heilu árin inn á milli á þessu tímabili sem skjölin ná yfir, 1835 – 1880.[298]

Einstaka sinnum má finna tilvísun í bréfadagbók sýslumanns sem gefur til kynna að skjalið hafi verið sent til sýslumanns til innfærslu í uppboðsbók eða til upplýsingar fyrir uppboðsrétt. Eru það til dæmis sneplar í ýmsum stærðum sem sendir hafa verið sýslumanni með auglýsingu á uppboði ásamt lista yfir þær vörur sem bjóða skuli upp.[299] Sjálfar uppboðsauglýsingarnar og skilmálarnir hafa mjög líkt orðalag. Í auglýsingunni kemur fram hvað er uppboðið, hvenær og oft skilmálar greiðslu. Yfirleitt er tekið fram að greiða eigi með peningum við hamarshögg en stundum er tekið fram að áreiðanlegir eða valinkunnir menn geti átt möguleika á fresti til greiðslu.[300] Upp úr miðri 19. öldinni má sjá ákvæði um sölulaun bætast við söluskilmála en þá er kveðið á um að ákveðin upphæð, sem er hlutfall af heildarsölu, sem kaupandi greiðir strax til uppboðshaldara. Sem dæmi er tekið fram í skilmálum fyrir uppboð árið 1859 að kaupandi skuli greiða 4 skildinga af hverjum ríkisdal í sölulaun eða 4%.[301]

### *Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu*

Þau fylgiskjöl uppboðsréttar Rangárvallasýslu sem varðveist hafa fylla eina öskju í safninu og ná frá 1820 til 1892. Fylgiskjölin eru skráð nokkuð ítarlega í geymsluskrá sem fylgir safninu og hefur, að því er virðist, verið skráð niður á skjal. Það þýðir að mjög greinagóðar upplýsingar er í skránni yfir hvaða skjöl er þarna að finna og má þar nefna uppboðsauglýsingar og skilmálar ýmissa uppboða, s.s. dánarbúa, vegna fjárnáms, vegna vegabótavinnu o.fl. Ennfremur eru nöfn málsaðila skráð til að auðvelda leit.[302]

Á mörgum skjölum má sjá staðfestingu sýslumanns á því að skjalið hafi verið lagt fram í uppboðsrétti og hvenær ásamt því að oft má sjá tilvísanir í bréfadagbók sýslumanns

---

296 Ludvig Meyer. *Fremmed Ordbog.* Bls. 599.
297 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC2/1, arkir 1-9.
298 Sjá geymsluskrá yfir Sýslumanninn á Ísafirði, skjalaflokk EC2 – Fylgiskjöl.
299 Sjá til dæmis: *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC2/1, örk 7. Ýmis uppboðsskjöl 1866-1870.
300 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC2/1, örk 1. Ýmis uppboðsskjöl 1835-1849.
301 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. EC2/1, örk 3. Ýmis uppboðsskjöl 1856-1859.
302 *ÞÍ.* Geymsluskrá fyrir skjalasafn sýslumannsins í Rangárvallasýslu yfir öskju EC2/1.

eins og mynd 6 sýnir. Á fremsta skjalinu sést tilvísun í bréfadagbókarnúmer skjalsins, *Rv. 2296 – ´92.*

Mynd 6.



[303]

### *Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu*

Lítið hefur varðveist af fylgiskjölum uppboðsréttar Snæfellsnessýslu, umfangið fyllir tæplega eina öskju, og nær frá 1842 til 1898.[304] Eru þetta mikið til hefðbundnar uppboðsauglýsingar ásamt skilmálum og ekki mikið við að bæta það sem áður hefur komið fram.

---

[303] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EC2/1, örk 1. Fylgiskjöl 1892-1893.

[304] Sjá geymsluskrá fyrir skjalasafn sýslumannsins í Snæfellsnessýslu yfir EC2/1, arkir 1-4 og EC2/9, arkir 2-7.

**Dæmi: Uppboðsskilmálar fyrir uppboð á konungsjörðinni Búðum, 20. maí 1845.**



Skilmálar

eptir hvörjum Kóngsjördin Búdir verdur bodin upp til sölu, samkvæmt Vesturamtsbrefi frá 14 December fyrra árs

1°

Jördin sjálfa er med undirliggjandi býlum, sem nú sem stendur er álitin ad vera 42 ℔ ad dýrleika, og sem nú er leigd med 9 vætta og 30 fiska Land-skuld, einnig einu mannsláni, móttekur kaupandi í því standi sem hún fyrirfinnst í vid hennar væntanlegu afhendíngu, án þess ad seljandi svari nockru álagi, hvaramóti kaupanda í því tilliti gefinst adgángur ad festubónda, sem skyldur er til ad vidhalda jördunni og svara áfanálagi á hana, eptir því byggingarbrefi, sem honum er gefid

2°

Kaupandi borgar af jördu þessari Kóngs- og adrar tíundir, einnig hvör önnur útgiöld, sem annadhvört hvíla nú á, edur hereptir kunna ad verda lögd á bóndaeignir í landi voru. —

3°

Jördunni fylgja framvegis, einsog hingadtil 4 kúgildi, sem Kirkjan á Stadastad á, og nýtur Presturinn í Stadastadar Prestakalli af þeim árlegrar leigu, samkvæmt allrahæsta Rescript frá 2um October 1816.

4°

Skyldi einhvör beidast þess hjá Yfirvöldonum, ad fá leyfi til ad setja fasta verslun á Búdaleit, er kaupandi skyldur

[305]

---

[305] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. EC2/1, örk 1. Fylgiskjöl 1842-1852.

**Skilmálar**

eftir hvörjum konungsjörðin Búðir verður boðin upp til sölu, samkvæmt Vesturamtsbréfi frá 14 Desember fyrra árs.

1°

Jörð þessi er með undirliggjandi býlum, nú sem stendur eru álitin að vera 42 jarðhundruð að dýrleika, og sem nú eru leigð með 9 vætta og 30 fiska landskuld, einnig einu mannsláni, móttekur kaupandi í því standi sem hún fyrirfinnst í við hennar væntanlegu afhendingu, án þess að seljandi svari nokkru álagi, hvarámóti kaupandi í því tilliti geimist aðgangur að setubónda, sem skyldur er til að viðhalda jörðinni og svara ofanálagi á hana eptir því byggingarbréfi sem honum er gefið.

2°

Kaupandi borgar af jörðu þessari konungs og aðrar tíundir eins og hvör önnur útgjöld, þess annaðhvort hvíla nú á eður héreptir kunna að verða lögð á bændaeignir í landi voru.

3°

Jörðinni fylgja framvegis, eins og hingaðtil 4 kúgildi, sem kirkjan á Staðastað á, og nýtur rétturinn í Staðastaðarprestakalli af þeim árlegrar leigu, samkvæmt allrahæsta Rescript frá 2um October 1816.

4°

Skyldi einhver beiðast þess hjá yfirvöldunum, að fá leyfi til að setja fasta verslun á Búða lóð, er kaupandi skyldur til að aflanda þeirri þartil nauðsynlegu lóð og annari tilhliðrun eptir þeirri af yfirvaldinu gjörandi mælingar og álitsgjörð, hvarvið þó, komi viðkomendur sér ei saman verður að ákveða árlegt eptirgjald, er sá borgar jarðeigandanum, er þar tekur sér bólfestu til verslunar, eins nýtur jarðareigandin afgjald þess, er gelst af þeim tveimur verslunarstöðum, er nú standa á jarðarinnar Búða lóð.

5°

Af kaupverðinu greiðist strax sem Auctionsboðið er samþykkt í hið minnsta 1/3 partur annaðhvort til Amtmannsins yfir Vesturamtinu eða þá til Umboðshaldarans yfir Arnarstapaumboði, öldungis kostnaðarsk konunglega sjóði, hvar á móti hinir 2/3 partar kaupverðsins meiga standa í eigninni mót löglegri veðsetningar skuldbindingu og fyrsta fyrirgangsveði (forste Prioritets Panterets) samt innaf árlegri borgun og 4 pcte rentu, af því er óborgað eptir stendur, hvoru tveggja að greiða áðurlagðann hátt þann 11ta Júní árlega, hvarhjá veðsetningarskuldbindingin á að þinglesast og bókast á útgefandans kostnað.

6°

Hæstbjóðandi er skyldur að standa við boð sitt þangað til svar er komið frá hinu konunglega Rentukammeri um það hvort boðið er samþykt eður ei, fyrir hvörju Amtmaðurinn mun umhyggjur bera að skrá undireins og kringumstæður leyfa.

7°

Ábúanda er greindur forkaupsréttur til jarðarinnar með því að ganga að hæsta boði, komi á annað borð enginn meðan á Auctioninni stendur og áður hamarsslag skéður, sem hærra vill bjóða, enn það boð er, sem ábúandi segist vilja ganga að.

8°

Kaupandi er skyldur að borga það í Aukatekjur reglugjörð frá 10da September 1830 ákvarðasta Auctionsalrium.

Króksnefi þann 20ta Maji 1845.
Á. Thorsteinsson

*Athugasemdir*: Hér eru skilmálar fyrir uppboði á konungsjörðinni Búðum. Uppskrift á uppboðinu sjálfu má sjá í *Dæmi: Uppboðsbók Snæfellsnessýslu 1844-1854. Uppboð á*

*konungsjörðinni Búðum.* Hér koma fram þeir skilmálar sem jörðin er seld eftir en sérstakir skilmálar voru yfir sölu konungsjarða. Fram kemur að kaupandi jarðarinnar er skyldugur til að greiða tíund og önnur gjöld eins og af öðrum jörðum og fylgja henni fjögur kúgildi.

Greinilegt er að tilboð hæstbjóðanda þurfti að senda út til Danmerkur til að fá samþykki Rentukammers fyrir sölunni og taldist hún ekki gild fyrr. Í þessu ferli má sjá ákveðna verkaskiptingu milli stjórnsýslustiga en af því um konungsjörð var að ræða þurfti samþykkti æðsta stigsins, Rentukammers, fyrir sölunni. Amtmaður fær þá skipun um samþykktina og ber að skrá hana en sýslumaður sér um framkvæmd uppboðsins.

Pcte = prósenta.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Ekki hefur fundist beinn lagagrundvöllur fyrir skyldu sýslumanna til að auglýsa uppboð og skilmála þess en sýslumönnum bar skylda til að halda skjölum til haga við uppboð skv. tilskipun um uppboð, *Forordning om Auctions-Værket i Danmark og Norge.* Tilskipun um uppboð í Danmörku og Noregi, 19. desember 1693.[306] Þessi tilskipun var ekki auglýst upphaflega á Íslandi, en var þó tekin til notkunar síðar. Í 5. til 7. grein kemur fram að uppboðshaldari skuli halda uppboðsbók, sem er löggilt og gegnumdregin og skyldu bækurnar skoðaðar af yfirvaldi. Í bækurnar átti að færa nákvæmlega alla seldu munina og verð þeirra, ásamt dagsetningu og staðsetningu uppboðsins.

*Notkunarmöguleikar*: Uppboðsskilmálar gefa mynd af því hvernig kaup og sala fóru fram á hverjum tíma og geta nýst við rannsóknir á verslun og viðskiptum fyrr á öldum.

### ED1 – Skiptabækur skiptaréttar

Við skiptarétt var gengið frá skiptum á eignum, yfirleitt dánarbúum en fyrir kom að skipti fóru fram vegna gjaldþrots. Skiptabækur eru gjörðabækur skiptaréttar þar sem framlögð skjöl eru bókfærð og gert grein fyrir eignum og skuldum búsins ásamt kröfuhöfum í tilfelli þrotabúa eða erfingja í tilfelli dánarbúa. Í bókunum koma skiptin sjálf einnig fram þar sem því er lýst hvernig skiptin fóru fram og hvað kom í hlut erfingja eða annarra kröfuhafa. Fylgiskjöl skiptabóka eru varðveitt í *ED2 – Fylgiskjöl skiptaréttar.*

Nokkrar skiptabækur klerkdóms liggja einnig í skjalasöfnum sýslumanna með öðrum skipabókum en sérstakur skiptadómur var starfandi innan prestséttarinnar þar sem klerkar voru skiptastjórar og sáu því alfarið um skipti dánarbúa presta, prófasta og prestekkna. Skiptadómurinn var afnuminn með tilskipun árið 1816 og eftir það átti að meðhöndla

[306] *Lovsamling for Island.* I. Bls. 510-515.

skipti á dánarbúum einstaklinga innan preststéttarinnar eins og önnur skipti hjá sýslumanni.[307]

### *Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu*

Alls eru tólf skiptabækur varðveittar í skjalasafni sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu frá 19. öld en elsta bókin er frá 1811 og nær til 1825. Á fremstu síðu má sjá löggildingu hennar sem *skipte protocol* fyrir Ísafjarðarsýslu frá árinu 1795. Bókin hefur verið bundin inn í seinni tíð og hugsanlega vantar fyrstu síðurnar þar sem fyrsta færslan er færð inn 16 árum eftir að hún er löggilt en það er þó ekki vitað. Í bókinni eru eingöngu lýsingar á skiptum dánarbúa og svipar henni til uppboðsbóka í uppsetningu þ.e. fyrst kemur lýsing á dánarbúi þess sem skipta á, hvar og hvenær skiptin eru tekin fyrir ásamt upplýsingum um hver er skiptastjóri og vottar. Þá eru eigur dánarbúsins listaðar upp og verðmat hvers hlutar samkvæmt virðingarmönnum. Hver hluti er númeraður og við lok listans er heildarverðmæti búsins dregið saman og í framhaldi af því er lýsing á skiptingu búsins. Hver erfingi er listaður upp og þeir hlutir sem falla í hans skaut ásamt verðmæti þeirra. Þegar skiptum er lokið ritar sýslumaður og vottar nöfn sín til staðfestingar.[308]

Önnur bókin er framhald fyrstu bókarinnar og nær yfir árin 1825 til 1836. Hún hefur líkt og fyrri bók verið bundin inn í seinni tíð ásamt því að gert hefur verið við hana. Fremst í bókinni liggur samanbrotinn miði þar sem listaðir eru upp þeir einstaklingar sem dánarbú eru fyrirtekin í bókinni ásamt blaðsíðutali og líklegt er að hann hafi verið gerður í seinni tíð. Blaðsíðurnar eru númeraðar og er hægt að sjá að fyrstu fjórar síðurnar vantar enda hefst bókin í miðjum skiptum.[309] Hún er eins uppsett og fyrri bók og í raun breytist uppsetningin lítið sem ekkert í gegnum allar bækurnar. Í sjöttu bókinni, 1848 til 1855, má þó sjá registur aftast yfir nöfn þeirra einstaklinga hverra dánarbú eru tekin til skipta í stafrófsröð ásamt vísun í blaðsíðutal hvar skiptin eru að finna í bókinni eins og sjá má á mynd 7.

[307] *Lovsamling for Islands*. VII. Bls. 640-642. Björn K. Þórólfsson. *Biskupsskjalasafn*. Bls. 57.
[308] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/1, örk 2. Skiptabók 1811-1825.
[309] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/1, örk 3. Skiptabók 1825-1836.

Mynd 7.


Registur

[310]

Í næstu tveimur bókum, sem ná yfir tímabilið 1855 til 1864, er registrið í tímaröð í stað stafrófsraðar en að öðru leyti er uppsetning bókanna eins og fyrri bóka.[311] Fyrir miðja 19. öldina má sjá orðið *lodsedill* eða *lóðseðill* þegar vísað er til arfahluta erfingjanna.[312] Orðið er líklega dregið af danska orðinu *lodseddel* sem þýðir listi til erfingja eða kröfuhafa yfir eignir og skuldir.[313] Um miðja 19. öldina virðist vera hætt að tala um lóðseðil erfingja og orðið arfahluti tekið upp í staðinn.[314]

Í níundi bókinni, fyrir árin 1866 til 1896, má sjá númerun á dánarbúunum. Í fyrstu er aðeins um hlaupandi númeraröð að ræða en síðar bætist við númerið ártal skiptanna svo auðkenni skiptanna verður hlaupandi númer innan ársins ásamt ártalinu. Eitthvað virðist þetta númerakerfi vera endasleppt og hefur það ekki verið mjög fast í sessi. Afskaplega fáar færslur er að sjá eftir 1866, t.d. eru 6 skipti árið 1866 og næstu skipti eru ekki fyrr en 1870. Aðeins ein skipti eru færð inn árið eftir þrátt fyrir að það hafi númerið 2/1871. Tvær færslur eru fyrir árið 1872 og næstu tvær færslur eru frá 1879 ásamt þremur frá árinu 1880. Eftir það fer færslunum að fjölga aftur. Í bókinni má sjá skilagrein yfir þær tekjur sem fengust fyrir muni hins látna við uppboð 29. júlí 1886. Gefur þetta til kynna að uppboðsbók hafi verið til fyrir tímabilið sem vantar, 1873 til 1897, en er nú glötuð.[315] (Sjá umfjöllun um uppboðsbækur Ísafjarðarsýslu).[316]

Tíunda bókin nær yfir árin 1887 til 1896 og skarast hún því við níundu bókina. Bókin er löggilt sem skiptabók Ísafjarðarsýslu af amtmanni Vesturamts en ekki var neina löggildingu að sjá í fyrri bók né innsigli amtmanns aftast eins og tíðkast. Vekur það upp

310 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/2, örk 3. Skiptabók 1848-1855.
311 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/3, örk 1 og 2. Skiptabók 1855-1860 og 1860-1864.
312 Sjá til dæmis: *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/2, örk 1. Skiptabók 1841-1844.
313 *Vef. Ordnet.dk. Ordbog over det danske sprog.* Leitarorð: lodseddel.
314 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/2, örk 3. Skiptabók 1848-1855.
315 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/3, örk 3. Skiptabók 1866-1896.
316 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/3, örk 3. Skiptabók 1866-1896.

spurningar um hvert samspil þessara tveggja bóka sem skarast er. Þessi tíunda bók er nokkuð ólík fyrri bókum en hún hefst á innfærðri tilkynningu frá hreppstjóra Reykjafjarðarhrepps um hverjir höfðu látist í hreppnum síðastliðið ár og ekkert látið eftir sig til skiptanna. Með tilkynningunni er listi yfir nöfn hinna látnu. Á eftir þessari tilkynningu fylgja fleiri slíkar frá öðrum hreppstjórum. Þarna er einnig að finna uppskrift af tilkynningu hreppstjóra um skipti á dánarbúum. Hafði hreppstjóri m.a. tekið til meðferðar bú „Kristjáns Gíslasonar í Múla, er dó 23. apríl f.á, og voru munirnir virtir á 102 kr. 35 a., en höfðu selzt við uppboð 30. okt. 1886 fyrir 110 kr. 35 a. Skuldir á búinu voru 70 kr. Bú þetta var selt í hendur ekkju hins látna Þorgerði Gísladóttur samkvæmt ósk hennar."[317] Tilkynningar frá hreppstjórum um látna í hreppnum hvert ár má finna á milli hefðbundna skiptafærslna, yfirleitt í upphafi hvers árs.

Næst má sjá færslu um að skiptaréttur hafi komið saman en ekki er um hefðbundna skiptagjörð að ræða heldur minnir færslan á fundargerð, enda var ákveðið að skiptaráðandi skyldi gera lista yfir eignir og skuldir dánarbús sem leggja átti fyrir næsta skiptafund.[318] Eins má sjá færslu frá skiptafundi þar sem „fyrir skiptaréttinum mætti Sigurður Hafliðason, húsmaður á Kleifum í Skötufirði, og lýsti því yfir, að hann seldi fram bú sitt til meðferðar sem þrotabú."[319] Ekki er að finna færslu um skiptin á búinu sem þrotabú eða tilvísun í framhald málsins. Þrátt fyrir að bókin hafi verið notuð á köflum sem fundargerðabók skiptaréttar eru einnig að finna hefðbundnar skiptafærslur og eru dánarbú sem tekin voru til skipta númeruð með hlaupandi númeri innan hvers árs. Ekki er að finna registur aftast í bókinni yfir dánarbú sem tekin voru til skipta en laust blað liggur aftast með lista yfir þau bú sem tekin voru til skipta á árunum 1894 til 1896 með upplýsingum um nafn hins látna, dagsetningu skiptanna og tilvísun í blaðsíðutal í bókinni.[320] Ellefta bókin er eins og tíunda bókin í uppsetningu og hefur, líkt og fyrri bókin, andlátstilkynningar hreppstjóra inn á milli hefðbundinna skiptafærslna.[321]

Síðasta bókin sem hefur varðveist frá 19. öldinni er skiptabók klerkadóms en aðeins er um eina slíka bók að ræða og inniheldur eingöngu færslur fyrir árin 1839 til 1840. Á fyrstu síðu bókarinnar sést númerið 36. Hugsanlega er þetta tilvísun í númer bókarinnar í röð. Færslurnar eru mjög svipaðar hefðbundnum færslum í skiptabókum fyrir miðja 19. öld, fyrst kemur dagsetning skiptanna og hver er skiptastjóri ásamt upplýsingum um hvaða dánarbú um ræðir. Munir búsins eru taldir upp og verðmæti þeirra, þá eru erfingjar

---

317 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/4, örk 1. Skiptabók 1887-1896.
318 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/4, örk 1. Skiptabók 1887-1896. Skiptafundur 30. mars 1887.
319 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/4, örk 1. Skiptabók 1887-1896. Skiptafundur 4. apríl 1887.
320 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/4, örk 1. Skiptabók 1887-1896.
321 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/4, örk 2. Skiptabók 1896-1907.

upptaldir og hvernig skiptin fóru fram.[322] Eins og heiti bókarinnar vísar í er um að ræða skipti innan prestséttarinnar þar sem prófastar voru skiptastjórar. Fyrir 19. öld mun hafa verið starfandi sérstakur skiptaréttur sem tók til dánarbúa presta, prófasta og prestekkna, sem dóu í ekkjudómi, en var afnuminn með tilskipun 27. nóvember 1816. Með tilskipuninni var kveðið á um að skipti prestséttarinnar skyldu fara fram eins og önnur skipti, þ.e. hjá sýslumanni.[323] Það virðist vera að margir prófastar hafi afhent sýslumönnum skiptabækur sínar þegar skiptaréttarvaldið færðist milli embætta og útskýrir það veru bókanna í skjalasöfnum sýslumanna. Aðrar slíkar bækur eru að finna í skjalasöfnum prófasta á Þjóðskjalasafni Íslands.

### *Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu*

Í safni sýslumannsins í Rangárvallasýslu er eina skiptabók klerkadóms að finna og nær hún yfir tímabilið 1807 til 1824. Hún er löggilt af Geir Vídalín, þáverandi biskupi Íslands, til að vera „skiftaprótokoll við Prófastdæmið í Rangárþingi“. Bókinni svipar mjög til þeirra í safni sýslumannsins á Ísafirði og inniheldur skiptagjörninga prófasta yfir dánarbú presta.[324]

Alls er 21 skiptabók frá 19. öld að finna í skjalasafni sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Elsta skiptabókin nær frá 1777 til 1787 og hefur hún verið orðin nokkuð illa farin þegar gert var við hana á sínum tíma. Bókin virðist hafa verið bundin inn úr mörgum brotum og tímabilið 1778 til 1779 vantar í hana sem gefur til kynna að hún sé ekki alveg heildstæð.[325] Næsta bók hefst árið 1794 og er því nokkurra ára eyða á milli bókanna. Fremst í bókinni má sjá orðsendingu um hvenær bókin hefst og henni lýkur ásamt upplýsingum um að „aðgætandi er að nokkur skipti um árin 1806 til 1810 eru í litlum folio protocol“. Efst á síðunni hefur auðkennið *B2* verið skrifað og vísar það líklega í að bókin sé nr. 2 í röðinni. Aftast í bókinni er registur yfir nafn hins látna og heimili, dagsetning skiptanna og blaðsíðutal.[326] Litli „folio protocolinn“ sem vísað var í er næsta bók, auðkennd sem *B3*. Hefur bókin verið viðgerð og innbundin í seinni tíð og hefur einnig registur aftast líkt og fyrri bók.[327]

Næstu bækur eru svipað uppsettar, eru löggiltar á fyrstu síðu og auðkennið B ásamt hlaupandi númeri og registri aftast yfir innihald bókarinnar. Færslurnar eru ónúmeraðar en líkjast mjög þeim sem sjá mátti í skiptabókum sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, þ.e. fyrst kemur dagsetning skiptanna ásamt staðsetningu, þá nafn á búi þess sem verið er að skipta

---

322 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/1, örk 1. Skiptabók 1839-1840.
323 *Lovsamling for Islands.* VII, bls. 640-642. Björn K. Þórólfsson. *Biskupsskjalasafn.* Bls. 57.
324 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/1, örk 1. Skiptabók klerkdóms 1807-1824.
325 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/1, örk 2. Skiptabók 1777-1787.
326 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/2, örk 1. Skiptabók 1794-1810.
327 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/2, örk 2. Skiptabók 1806-1811.

ásamt upplýsingum um hverjir eru erfingjar og hvernig skiptin fóru fram.[328] Í sjöundu skiptabókinni, sem nær frá 1825 til 1830, er fyrst að sjá tilvísun í bréfadagbækur amtmanns og sýslumanns á fremstu síðu, sjá mynd 8.

Mynd 8.


[329]

Tilvísunin hægra megin á síðunni er *ad S.a. J. 10 N° 251 – 25* og vísar í dagbók suðuramts númer 10, færslu 251 árið 1825. Vinstri tilvísunin er *ad. Rvs J.N° 682. a. 11/3 25* sem er tilvísun í bréfadagbók sýslumannsins í Rangárvallasýslu, færsla nr. 682 þann 11. mars 1825 og gefur *ad* til kynna að bókin hafi borist til sýslumanns sem fylgigagn með bréfi frá amtmanni. Bókin er ólík fyrri bókum að því leyti að færslur hennar eru númeraðar í hlaupandi númeraröð í gegnum alla bókina.[330] Næstu bækur á eftir eru eins en um 1835 virðist númerun skiptanna hætt og hefur ekki verið tekið upp aftur.

Í þrettándu skiptabókinni, sem nær fyrir árin 1848 til 1852, má sjá auðkennið B22 á fremstu síðu sem er ekki í samræmi við fyrri númeraauðkenni bókanna. Ekki er vitað af hverju þessi bók fær númerið 22 en eftir þessa bók er þessa auðkenningu ekki lengur að finna í skiptabókunum.[331] Þær eru þó áfram löggiltar og að öðru leyti óbreyttar. Í lok fimmtándu bókarinnar, sem spannar tímabilið 1856 til 1862 má sjá innfærðar tilkynningar um andlát sem hreppstjórar hafa sent inn um látna íbúa í sínum hreppi sýslumanni til upplýsingar án þess að neinar frekari upplýsingar um skipti búsins komi þar fram.[332] Hingað til hefur orðið *dánarbú* verið notað til að lýsa tegund bús sem verið að skipta en eftir 1860 má sjá orðið *félagsbú* notað um þau bú sem tekin eru til skiptana þar sem maki er eftirlifandi.[333] Í registrum bókanna er yfirleitt notað það orðalag að þar sé að finna „nöfn þeirra hvörra búum að er skipt í þessari bók“[334] og í sumum registrum kemur jafnvel dánardagur fram.[335] Gefur það til kynna að í flestum, ef ekki öllum, tilfellum er um að ræða skipti á eigum látins einstaklings.

[328] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/1, örk 3. Skiptabók 1811-1817. ED1/3, örk 1, Skiptabók 1817-1821. ED1/3, örk 2. Skiptabók 1821-1825.
[329] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/4, örk 1. Skiptabók 1825-1830.
[330] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/4, örk 1. Skiptabók 1825-1830.
[331] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/7, örk 1. Skiptabók 1848-1852.
[332] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/7, örk 3. Skiptabók 1856-1862.
[333] Sjá til dæmis í ED1/8, örk 1. Skiptabók 1862-1866.
[334] Sjá til dæmis ED1/6, örk 1. Skiptabók 1840-1843.
[335] Sjá til dæmis ED1/1, örk 3. Skiptabók 1811-1817.

Nokkrar viðbótarupplýsingar eru í sautjándu bókinni, sem nær frá 1866 til 1873, en þar er að finna skrásetningu yfir látna einstaklinga í sýslunni fyrir árið 1872. Færslurnar í listanum eru númeraðar og eru þar upplýsingar um heiti bæjarins, nafn hins látna og dánardag, hvenær tilkynning barst og hvað skiptarétturinn gerði.[336] Í sumum tilfellum lét hinn látni ekkert eftir sig til skiptanna og kemur það þá fram undir liðnum „Skiptaréttar aðgjörðin". Í öðrum tilfellum situr eftirlifandi maki í óskiptu búi eða búinu var skipt af myndugum erfingjum. Slíkar skráningar var ekki að finna í skiptabókum hinna sýslanna en hins vegar eru skýrslur yfir látna í fylgiskjölum með skiptabókunum t.d. í skjalasafni sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.[337] Í framhaldi af skrásetningunni koma færslur yfir tilkynningar um andlát fyrir árið 1873.

Í þessari sömu bók eru að finna tvö registur auðkennd sem registur *A* annarsvegar og *B* hinsvegar. Registrin eru í stafrófsröð yfir nöfn þeirra einstaklinga sem skipti á búi er að finna í bókinni sem og þeirra sem koma fyrir í andlátstilkynningum ásamt tilvísun í blaðsíðutal. Registur B virðist vera framhald af registri A þar sem plássið sem gefið var fyrir hvern staf hefur þorrið.[338] Þetta fyrirkomulag, þar sem bæði eru að finna færslur yfir skiptagjörninga og lista yfir látna einstaklinga milli ára, helst út 19. öldina og eru því ítarlegri upplýsingar um látna einstaklinga í sýslunni að finna á seinni hluta aldarinnar en fyrri hluta. Þegar ártöl síðustu þriggja bókanna eru skoðuð virðist vera skörun á milli bókanna. Svo er þó ekki og skýrast ártölin sem bækurnar spanna út frá því að tímabil sjálfum skiptafærslunum er styttra en skráningin í geymsluskrá gefur til kynna en þar sem listar yfir látna einstaklinga næstu ára koma aftan við þær færslur verður tímabilið sem bókin nær yfir lengra en annars hefði orðið.[339]

Í framhaldi af skiptabókum koma þrjár uppskriftabækur sem ná frá 1843 til 1889. Fyrsta bókin hefur verið löggilt sem „skiftaprotocol" fyrir Rangárvallasýslu en hinar tvær sem uppskriftabækur. Eru þetta uppskriftabækur virðingamanna sem fóru og skrifuðu upp þau bú sem taka átti til skipta. Hver færsla hefst á dagsetningu og stað uppskriftar ásamt upplýsingum um hvaða bú er uppskrifað og hverjir erfingjar eru. Í framhaldi af því er númeraður listi yfir eigur búsins ásamt virði hvers hlutar. Bækurnar eru að öðru leyti svipaðar skiptabókum í uppsetningu og aftast í þeim öllum er að finna registur yfir nöfn þeirra „hvörra bú að finnast innfærð hér að framan í þessa bók"[340] ásamt vísun í blaðsíðutal

---

336 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/8, örk 2. Skiptabók 1866-1873.
337 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. ED2/1, arkir 1-9. Skipta- og dánarskýrslur.
338 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/8, örk 2. Skiptabók 1866-1873.
339 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/9, örk 1. Skiptabók 1866-1873. ED1/9, örk 2. Skiptabók 1881-1890. ED1/9, örk 3. Skiptabók 1887-1891. ED1/10, örk 1. Skiptabók 1892-1906.
340 *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/11, örk 1. Uppskriftabók 1852-1863.

færslunnar.[341] Slíkar uppskriftabækur eru ekki að finna t.d. í safni sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu en uppskriftir virðingarmanna eru í skjalaflokkinum *ED2 – Fylgiskjöl skiptaréttar*.

### *Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu*

Í safninu eru varðveittar tíu skiptabækur frá 19. öld en engin skiptabók klerkadóms eins og í hinum sýslunum. Elsta bókin hefst 1807 og hefur hún verið orðin nokkuð skemmd þegar gert var við hana á sínum tíma og hún innbundin. Líklega vantar einhverjar blaðsíður í byrjun bókarinnar og hugsanlega einnig aftan við hana þar sem hvorki er að finna löggildingu eins og tíðkaðist eða registur yfir innihald bókarinnar. Að öðru leyti eru færslur bókarinnar svipaðar og eldri bækur annarra sýslna. Dagsetning og staðsetning skiptaréttarins kemur fram í upphafi ásamt upplýsingum um hvaða bú er tekið til skipta.[342] Fyrstu bækurnar eru nokkuð illa farnar og hafa þær verið viðgerðar og bundnar inn í seinni tíð. Þær hafa ekki registur en í annarri bók, sem nær frá 1815 til 1822, er að finna nafnalista fremst í bókinni yfir bú þeirra einstaklinga sem eru í bókinni. Listinn hefur verið búinn til seinna og bundinn inn sem hluti af bókinni.[343]

Í þriðju bókinni hefur verið tekið upp númerakerfi fyrir færslurnar en það er ekki heilstætt og hættir í lok árs 1824.[344] Númerun færslnanna hefst ekki aftur fyrr en árið 1854 í sjöttu bókinni og þá hefur hver færsla hlaupandi númer innan hvers árs. Á svipuðum tíma byrjar sýslumaður að skrifa inn tilkynningar hreppstjóra um andlát fólks í sýslunni líkt og sýslumaður Rangárvallasýslu hóf að gera um 1860. Tilkynningarnar eru yfirleitt listaðar upp í upphafi árs og virðast hreppstjórar í sýslunni hafa sent sýslumanni samantekt fyrir árið í byrjun hvers árs. Í lok bókarinnar koma fjölmargar færslur fyrir látna einstaklinga á árunum 1856 til 1858 og við hverja færslu er tekið fram hvort erfingjar voru myndugir eða ekki og hvort eitthvað hafi verið að erfa.[345]

Næstu bækur eru svipaðar, þær eru allar löggiltar af amtmanni á forsíðu og í sumum bókum má finna tilvísun í bréfabók amtmanns líkt og sjá má á mörgum bókum sem sýslumenn nota til embættisverka. Færslurnar halda númerakerfinu fram til 1868 en þá er eyða í bókunum fram til 1896. Nokkuð ljóst er að einhverjar bækur vantar þarna inn á milli en þær hafa ekki skilað sér í vörslu Þjóðskjalasafns. Fyrstu níu bækurnar sem ná heilstætt yfir tímabilið 1807 til 1868, komu með eldri afhendingum til Þjóðskjalasafns. Síðasta bókin

---

[341] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED1/10, örk 2. Uppskriftabók 1843-1852. ED1/11, örk 1. Uppskriftabók 1852-1863. ED1/11/2, örk 2. Uppskriftabók 1863-1889.
[342] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Stykkishólmi. ED1/1, örk 1. Skiptabók 1807-1814.
[343] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Stykkishólmi. ED1/1, örk 2. Skiptabók 1815-1822.
[344] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Stykkishólmi. ED1/2, örk 1. Skiptabók 1822-1834.
[345] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Stykkishólmi. ED1/3, örk 1. Skiptabók 1851-1873.

frá 19. öld, sem nær frá 1896 til 1930 var afhent til Þjóðskjalasafns árið 1992 af sýslumannsembættinu og er því gat í skiptabókunum frá 1868 til 1896. Líklega eru þessar bækur glataðar þar sem þær skiluðu sér ekki á sínum tíma.[346] Að öðru leyti eru þær bækur sem varðveist hafa svipað uppsettar yfir allt tímabilið, við skiptin eru erfingjar listaðir upp og ef um eru að ræða ung börn kemur aldur þeirra fram. Algengt var að sýslumenn sáu um skipti á dánarbúum þar sem ómyndug börn voru erfingjar til að gæta hagsmuna þeirra, þar sem þau gátu ekki séð um skiptin sjálf. Sýslumenn sáu ekki alltaf um skipti dánarbúa og ef erfingjar voru allir myndugir og nærstaddir gátu þeir séð um skiptin sjálfir.[347]

[346] Sjá geymsluskrá fyrir safn Sýslumannsins í Stykkishólmi sem og afhendingarskrá Þjóðskjalasafns Íslands.
[347] Már Jónsson. „Skiptabækur og dánarbú 1740-1900“. Bls. 87

**Dæmi: Skiptabók Ísafjarðarsýslu 1855-1860. Skipti á dánarbúi Ólafs Guðmundssonar 3. maí 1856.**


[348]

[348] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED1/3, örk 1. Skiptabók 1855-1860.

Ár 1856 þann 3d. maímánaðar, setti sýslumaður Ísfirðinga skiptaþing að Rafnseyri í Arnarfirði í 2 undirskrifaðra votta viðurvist hvar þá var fyrirtekið að skipta dánarbúi Ólafs sál. Guðmundssonar frá Hokinsdal er dó 12. Nóv. 1855.
Erfingjar bús þessa eru: ekkjan Sigríður Jónsdóttir og börn þeirra hjóna Guðmundur Ólafsson 18 ára og Guðrún Ólafsdóttir 14 ára. Skiptaráðandi framlagði þá uppskriftina dánarbús þessa frá 12. Janúar 1856 og mf. Ltr A samkvæmt uppskrift þessari er búið virt á 503 r 20 s.

Skuldir á búinu eru:

| | | |
|---|---|---|
| 1 Til skiptaráðanda | | |
| a. Skiptalaun | 6 | 64 |
| b. Vitnalaun og útnefning | " | 64 |
| 2 Til virðingarmanna | | |
| Virðingar og úttektarlaun samk. Sjer gr. 68 | 5 | 48 |
| 3 Fátækra útsvar fyrir sl. ár | 3 | 14 |
| 4 Þinggjald fyrir árið 1856 | 2 | 21 |
| 5 Morgungjöf ekkjunnar | 60 | " |
| Til skiptis er þá | 78 | 19 |
| | 425 | 1 |

Þess skal geta að ekkjan gaf eptir sitt bróðurlóð til jafnaðar skipta millum erfingjanna verður þá hennar helmingur af búinu 212,48

| | | |
|---|---|---|
| Hálfprósentu | 1,3 | |
| Guðmundur Ólafsson fær | 105,70 | |
| Guðrún Ólafsdóttir | 105,70 | |

Í skuldirnar var þannig útlagt:

| | Rd | sk | Rd sk |
|---|---|---|---|
| Í skuldina N°1 og 4 og ½ % gjaldið | | | |
| N°49, Trippi tvæveturs | 9 | " | |
| N°32, 2 lagartunnur | 1 | 32 | |
| N°5, Grallari gamall og rotinn | " | 24 | 10,56 |
| Í skuldina N°2 og 3 | | | |
| N°56, Heyhlaða með heyi virt 26 r | 8 | 62 | 8,62 |
| Í skuldina N°5 | | | |
| N°55 í peningum | 60 | " | 60,00 |

Búshelft ekkjunnar:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| af | N° | 54 | 6 jarðhundruð úr jörðinni Hokinsdal hvört 1 hundrað á 20r | 120 | " |
| | " | 47 | kýr 11 vetra gömul (rauð) | 20 | " |
| af | " | 50 | 3 ær hvör á 3 rd | 9 | " |
| af | " | 51 | 1 sauður 3 vetur | 4 | " |
| " | " | 53 | 3 gemlingar hvör á 2r | 6 | " |
| " | " | 56 | heyhlaða með heyi v. 26 r | 17 | 34 |
| | | | Flyt | 176 | 34 |

89

| | Rd. | Sk. |
|---|---|---|
| Fluttir | 176 | 34 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | N° | 58 | Efra heyið | 6 | " | |
| | " | 59 | Lambhús | 3 | 48 | |
| | " | 1 | Húspostilla Vídalíns | " | 48 | |
| | " | 9 | Píslarþankar | " | 32 | |
| | " | 10 | Vídalíns miðvikudaga predikanir gamlar | " | 32 | |
| af | " | 19 | Kista lasleg | " | 48 | |
| | " | 21 | Kistill lítilfjörlegur | " | 20 | |
| | " | 22 | Handöxi gömul | " | 48 | |
| | " | 28 | Pottur gamall og sprunginn | " | 48 | |
| af | " | 32 | 2 lagartunnur gamlar | 1 | 32 | |
| | " | 38 | 2 dto gamlar | " | 32 | |
| | " | 41 | 2 hrífur og 2 orf | " | 20 | |
| | " | 26 | 3 reipi | " | 32 | |
| | " | 61 | Naust við sjóinn | 8 | " | |
| | " | 30 | Kaffi milla gömul | " | 12 | |
| | " | 31 | 2 bollar | " | 8 | |
| af | " | 34 | 2 trog | " | 32 | |
| | " | 33 | 3 lagar kvartil gömul | " | 48 | |
| | " | 37 | 15 marka fata | " | 24 | |
| | " | 8 | Passíusálmar og upprejsahugvekja í einuf. | " | 48 | |
| | " | 23 | Smiðjuhamar gamall | " | 20 | |
| | " | 24 | 2 vorrekur gamlar | " | 32 | |
| | " | 42 | hálfsleginn ljár og járnlampi gamall | " | 68 | |
| af | " | 52 | 1 sauður 2 vetur | 3 | " | |
| | " | 43 | Úr skipinu með rá og reiðar v. 18 r | 6 | " | |
| | " | 29 | Kaffi ketill úr járni | " | 44 | |
| | " | 4 | Misseraskipta offur gamalt | " | 24 | |
| af | " | 44 | Lóðir brúðkaðar v. 3 rd | " | 78 | |
| | | | | | | 212, 48 |
| Erfðahluti Guðmundar Ólafssonar | | | | | | |
| af | N° | 54 | 3 hundruð í jörðinni Hokinsdal 1 hundrað á 20 rd | 60 | " | |
| " | " | 11 | 2 einskeptu buxur aðrar nýjar aðrar gamlar | 2 | " | |
| " | " | 12 | 2 treyjur önnur ný önnur gömul | 3 | " | |
| " | " | 13 | 2 lérefts vesti gömul | " | 34 | |
| " | " | 14 | Einskeptu úlpa grá brúkuð | " | 40 | |
| " | " | 15 | Nærpeisa brúkuð | " | 64 | |
| " | " | 16 | Einskeptuskyrta borin | " | 64 | |
| " | " | 17 | Nærbuxur fornar | " | 32 | |
| | | | Flyt | 67 | 42 | 212, 48 |
| | | | | Rd | sk | Rd sk |
| | | | Fluttar | 67 | 42 | 212.48 |
| | N° | 18 | 2 sokkar nýlegir | " | 48 | |
| " | " | 7 | Bænakver nýlegt | " | 20 | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| " | " | 3 | Upprisuhugvekjur vel um gengnar | " | 40 | |
| " | " | 27 | Pottur lítilfjörlegur | " | 56 | |
| " | " | 36 | Strokkur gamall | " | 24 | |
| " | " | 39 | 4 Dallar gamlir | " | 48 | |
| " | " | 40 | 1 fata gömul | " | 12 | |
| " | " | 43 | Skipinu með rá og reiða | 6 | " | |
| " | " | 48 | 13 vetra kýr grá | 16 | " | |
| " | " | 50 | 1 ær | 3 | " | |
| " | " | 51 | 3 vetur sauðar | 4 | " | |
| " | " | 53 | 1 Gemlingi | 2 | " | |
| " | " | 45 | Gömul snæri | 1 | 32 | |
| " | " | 57 | hálft neðra heyið | 3 | " | |
| " | " | 34 | 2 trog gömul | " | 32 | |
| " | " | 40 | 1 fata gömul v. 12 | " | 4 | 105,7 |

Erfðahluti Guðrúnar Ólafsdóttur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| af | N° | 54 | 3 hundruð í jörðinni Hokinsdal 1 hundrað á 20 rd | 60 | " | |
| " | " | 51 | 1 Sauður 3 vetur | 4 | " | |
| " | " | 52 | 1 Dto 2 vetur | 3 | " | |
| " | " | 53 | 2 Gemlingar | 4 | " | |
| " | " | 46 | 1 Kýr svört 11 vetra | 20 | " | |
| " | " | 2 | Fæðingarhugvekjur nýar | " | 32 | |
| " | " | 6 | Fæðingarsálmar nýir | " | 28 | |
| " | " | 20 | Danskur rokkur nýlegur | 1 | 48 | |
| af | " | 19 | kysta gömul | " | 48 | |
| " | " | 27 | Pottur lítilfjörlegur | " | 55 | |
| " | " | 34 | 1 Trog gamalt | " | 16 | |
| " | " | 35 | hálfanker | " | 16 | |
| " | " | 43 | Skipinu með rá og reiða | 6 | " | |
| " | " | 44 | Lóðir brúkaðar | 2 | 18 | |
| " | " | 51 | Neðra heyið | 3 | " | 105,7 |

Þegar hálfprósentan leggst hjerað þá kemur heim bússupphæðin nl. " "
1,3
það sem til skipta kom
425,1

Svaramaður þeirrar ómyndugu Guðrúnar Ólafsdóttur er Factor stúdent G. Ívarsson á Bíldusal, og tekur hann nú við arfi hennar; hinir erfingjarnir sem myndugir taka sjálfir móti sínum arfi.
Var svo skiptum lokið,- sama stað, ár og dag, sem upphaflega greinir.

E. Thórarinsson
Vottar:
Ó. Sveinsson Markússon

*Athugasemdir*: Í dæminu má sjá hefðbundna færslu fyrir skipti á dánarbúi. Margar færslurnar eru mun lengri og lista upp tugi og upp í hundraði muna sem upp eru taldir. Í þessari færslu er um að ræða skipti á dánarbúi Ólafs Guðmundssonar frá Hokinsdal er lést 12. nóvember 1855. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn sem eru erfingjar búsins. Fram kemur í skiptagjörðinni að skiptastjóri leggur fram uppskrift búsins eða virðingagjörð búsins frá 12. janúar 1856, en uppskrift af henni má sjá á bls. 123-125 í *Dæmi: Fylgiskjöl skiptaréttar. Uppskrift á dánarbúi Ólafs Guðmundssonar 7. janúar 1856*. Í færslunni er vísað í hana sem *mf. Ltr. A*, eða að hún sé meðfylgjandi og hafi auðkennið Litra A. Ekki er þessa tilvísun þó að finna á skjalinu sjálfu sem liggur í skjalaflokkinum *ED2 – Fylgiskjöl skiptaréttar*.

Í upphafi eru skuldir búsins taldar upp og má þar sjá gjöld vegna skiptanna sjálfra og vegna virðingargjörðarinnar ásamt ógreiddum þinggjöldum og fátækraútsvari. Í skiptum dánarbús tíðkaðist að ekkjan fengi *morgungjöf* sem dróst frá heildarupphæð búsins sem til skiptana var. Morgungjöf var upphæð sem brúðgumi gaf brúði við giftingu og var það hennar séreign í búinu.[349] Skýrir það af hverju sú upphæð dregst frá heildarskiptum búsins. Þá kemur fram að ekkjan hafi gefið eftir sinn hluta í *bróðurlóð*[350] til jafnra skipta milli barna þeirra. Upphæðin sem eftir stendur til skiptanna skiptist í raun í fernt og fær ekkjan tvo hluta og börnin sinn hvorn hlutann. Með nýjum erfðalögum árið 1850 var innleiddur jafn arfur dætra og sona en áður höfðu dætur aðeins rétt á helmingi arfs á móti arfahlut sona en kveðið var á um slík arfaskipti í Jónsbók frá 1281 sem og Norsku lögum frá 1687.[351]

Í skiptunum sjálfum eru fyrst listaðir upp þeir munir sem ganga upp í skuldir búsins en þá eru upptaldir þeir hlutir sem koma í hlut hvers erfingja og sjá má tilvísun í númer munanna í virðingargjörðinni ásamt samtölu í lok hverrar upptalningar. Undir lok skiptagjörðarinnar kemur fram að þar sem dóttir hjónanna er ómyndug er svaramaður fyrir hennar hönd sem tekur við arfi hennar.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Norsku lög frá 1687. Bók 5, kafli 2, um arf og skipti.[352] Forordning for Island, ang. Forandringer i Lovgivingen om Arv. 25. september 1850. Helsta breyting þar er innleiðing á jöfnum arfi dætra og sona.[353] Forordning om Skifteforvaltningens bedre Indretning i Danmark. Tilskipun um betri tilhögun skiptastjórnar í Danmörku, 12. febrúar 1790.[354] Í fyrstu grein tilskipunarinnar kemur fram

---

349 Árni Björnsson. *Merkisdagar á mannsævi*. Bls. 195-196.
350 Bróðurlóð þýðir bróðurpartur eða bróðurarfur og er gamalt lagamál, komið úr dönsku. Helga Kristjánsdóttir. „Lilja Sigurðardóttir í Ásgarði". Bls. 22. Sjá einnig: *Vef. Ordnet.dk*. Leitarorð: broderlod.
351 Már Jónsson. „Skiptabækur og dánarbú 1740-1900". Bls. 95.
352 *Kongs Christians Þess Fimta Norsku Løg: a Islensku Utløgd*. Bls. 502 – 563.
353 *Lovsamling for Island*. XIV. Bls. 595-617.
354 *Lovsamling for Island*. V. Bls. 663-668.

að allir skiptastjórar séu skyldugir til að halda skiptabók sem skal vera löggilt og gegnumdregin fyrir notkun. Í annarri grein segir að skiptastjórar skuli ávalt hafa bókina við skipti og innfæra í hana allt sem boðið er upp.

*Notkunarmöguleikar*: Skiptabækur sýslumanna veita gríðarlega mikla innsýn inn í eignar og skuldastöðu einstaklinga hvers tíma við andlát og veita ítarlegar upplýsingar um eigur þeirra og virði munanna. Bækurnar geta nýst við ýmsar rannsóknir á högum Íslendinga fyrr á öldum sem og verðlag og þróun þess.

**ED2 – Fylgiskjöl**

Fylgiskjöl eru öll þau málsskjöl sem lögð eru fram fyrir skiptarétt ásamt öðrum skjölum sem tengjast skiptum sem fyrir eru tekin. Á skjölin er oft ritað hvenær þau voru framlögð og merkt í hlaupandi töluröð, til að byrja með var notast við bókstafi til að númera þau en um miðja öldina fara sýslumenn að notast við tölustafi. Með fylgiskjölum liggja stundum skiptaskýrslur, dánarskýrslur og dánartilkynningar sem sendar voru til sýslumanna frá hreppstjórum eða sýslumönnum bar að senda til amtmanna til upplýsingar.

***Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu***

Þó nokkuð er varðveitt af fylgiskjölum skiptaréttar frá 19. öld í safni sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og er umfangið um fjórar öskjur. Fylgiskjölin hafa verið skráð niður á nöfn hinna látnu sem skjölin varða og auðveldar það leit í safninu. Fylgiskjölin eru í flestum tilfellum uppskriftir dánarbúa gerðar af hreppstjórum eða skipuðum virðingarmönnum. Þá fylgja oft uppskriftinni ýmsir blaðasneplar frá fólki sem taldi sig eiga óuppgerða skuld inni hjá hinum látna. Til dæmis má finna bréf sent sýslumanni til að gera kröfu í dánarbú um einn ríkisdal fyrir smíði á koparlampa.[355]

Enga tilvísun í bréfadagbók sýslumanns er að sjá á skjalinu og hefur það líklega ekki verið skráð inn þrátt fyrir að eðlilegt hefði verið að öll innkomin bréf hefðu verið skráð. Það má því gera ráð fyrir að sýslumenn hafi ekki skráð öll erindi sem bárust til úrlausnar heldur lagt bréfin með þeim bókum sem efni þeirra gaf tilefni til. Sum skjöl hafa þó tilvísun í bréfadagbækur sýslumanns svo einhver erindi hefur hann skráð inn.[356] Slíkar tilvísanir gefa þó einnig til kynna að bréfasafn sýslumanns sé ekki heildstætt þar sem sum innkomin bréf hafi verið lögð með embættisbókum í samræmi við efni bréfsins og verður að hafa það í huga þegar skjalasöfn sýslumanna eru notuð. Aðrar tilvísanir eru helst

[355] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED2/2, örk 2. Fylgiskjöl 1851-1857.
[356] Sjá til dæmis: *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED2/3, örk 1. Fylgiskjöl 1858-1858.

staðfestingar sýslumanns á því að skjalið hafi verið upplesið fyrir skiptarétti eða verið bókað á annan hátt.

Í þessum skjalaflokki er einnig að finna skiptaskýrslur, sem eru árlegar skýrslur yfir skipti sem fóru fyrir skiptarétt, ásamt skýrslur um dána og grafna í Ísafjarðarsýslu. Slíkar skýrslur mátti einnig sjá í bréfasafni sýslumanns en skýrslurnar voru sendar inn af hreppstjórum sýslumanni til upplýsingar. Sjá nánar um skjalaflokkinn *B – Bréf*.

### *Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu*

Mun meira hefur varðveist af fylgiskjölum skiptaréttar úr Rangárvallasýslu en umfangið er um 20 öskjur og virðist flokkurinn vera nokkuð heillegur. Eins og safn sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu hafa fylgiskjölin verið skráð niður á nafn þess sem skjölin tilheyra og eru þetta að mestum hluta uppskriftir dánarbúa og kröfur í dánarbú. Elstu skjölin í skjalaflokknum ná allt aftur til 1768 en elstu skjölin eru fylgiskjöl með skiptabókum klerkdóms. Ekki er þó um að ræða samfellt safn fylgiskjala klerkdóms en þau ná fram til ársins 1823.

Fylgiskjöl skiptaréttar sýslumanns ná aftur til 1783 og virðast vera í nokkuð heillegri röð fram til 1900. Á skráningunni sést að fylgiskjölin eru nánast öll varðandi skipti á dánarbúum en eftir miðja öldina má finna stöku skiptaskjöl viðvíkjandi fjárnámi eða þrotabúum.[357] Í mörgum tilfellum eru fleiri en eitt fylgiskjal með skiptum og eru þau yfirleitt númeruð samviskusamlega í þeirri röð sem þau eru framlögð fyrir skiptarétt. Til að byrja með eru sjaldnast tilvísanir í bréfadagbók sýslumanns á innkomnum skjölum og þær sem sjást eru tilvísanir í bréfadagbók amtmanns sem gefur til kynna að bréfið hafi upphaflega verið sent amtmanni og hann þá áframsent skjalið til sýslumanns. Tilvísanir í bréfabók sýslumanns aukast eftir því sem líður á öldina og líklega hafa sýslumenn verið misduglegir við að skrá inn þau bréf er bárust varðandi skipti á búum. Hugsanlega hefur sumum sýslumönnum þótt það óþarfi þar sem sökum efnis bréfanna var þeim haldið aðskildum frá bréfasafni og frekar lögð með skiptabókum embættisins.

Lítið er um skýrslur um látna eða andlátstilkynningar í skjalaflokkinum og finnast slík skjöl aðeins eftir 1890 og hafa ekki varðveist heildstætt.[358] Skýrslurnar gefa ákveðna hugmynd um hvernig ferlið var við skipti á dánarbúum en þar koma fram upplýsingar um ólokin skipti í sýslunni við áramót.

---

[357] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). Sjá til dæmis: ED2/17, örk 23 og 24. ED2/13, örk 26.
[358] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). Sjá til dæmis: ED2/14, örk 27. ED2/18, arkir 4-8.

Mynd 9.


Skýrsla um ólokin skipti í Rangárvallasýslu 31. des. 1891.

[359]

Á mynd 9 má sjá dæmi um slíka skýrslu. Alls var 31 skiptum ólokið í lok árs 1891 en nöfn hinna látnu eru þá listuð upp ásamt dánardegi þeirra. Þá kemur dagsetning hvenær skiptin hófust og hvenær uppboð var haldið ef það átti við. Uppboð voru haldin á þeim búum þegar erfingjar tóku ekki muni til skiptanna heldur búið selt og arfurinn útgreiddur í peningum. Í skýrslunum má einnig sjá hvaða upphæð er til í sjóði búsins og gert er ráð fyrir upplýsingum um hvort erfingjar óski þess að búið bíði eftir skuldainnheimtunni og ástæðu ef skipti dragast yfir sex mánuði. Í lokin eru upplýsingar um nöfn erfingja og fjárhaldsmanna.[360]

Með þessari skýrslu lá m.a. bréf frá amtmanni Suðuramts þar sem hann óskar eftir svari sýslumanns við athugasemdum þeim sem hann gerir við skiptaskýrsluna og gefur það til kynna að sýslumenn hafi á þessum tíma útbúið skýrslurnar til að senda á amtmenn til upplýsingar.

### *Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu*

Alls eru fjórtán öskjur með fylgiskjölum skiptaréttar í safni sýslumannsins í Snæfellsnessýslu frá 19. öld. Elstu skjölin er varða skipti á búum eru frá 1814 og virðast vera nokkuð heildstæð frá þeim tíma út öldina. Elsta skiptabókin sem varðveitt er í safninu nær þó frá 1807 og er því líklegt að einhver eldri fylgiskjöl hafi glatast. Skiptaskjölin líkjast öðrum fylgiskjölum hinna sýslanna og er þar að finna m.a. uppskriftir dánarbúa ásamt kröfum í búin. Ekki virðist sýslumaður hafa skráð innsend bréf er vörðuðu skipti í bréfadagbækur sínar þar sem slíkar tilvísanir er ekki að sjá.

Í skjalaflokknum liggur einnig nokkuð af skiptaskýrslum og dánarskýrslum. Skiptaskýrslurnar eru til frá 1812 allt fram til 1875 og eru þær listar yfir „Designation over sluttede Skifter i Snæfellsnessyssel“ eða skýrsla um hvernig skipti fóru fram í sýslunni.[361]

---

[359] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). Sjá til dæmis: ED2/14, örk 27. ED2/18, arkir 4-8.
[360] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). ED2/15, örk 4. Skiptaskýrsla 1891.
[361] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Stykkishólmi. ED2/1, örk 1. Skiptaskýrslur 1812-1821.

Sumar skýrslurnar eru nokkuð illa farnar og textinn er nánast horfinn. Upplýsingarnar sem koma fram í þessum skýrslum eru nafn hins látna og hvenær skiptin hófust og hvenær þeim lauk ásamt nöfnum ómyndugra erfingja. Þá kemur fram heildarupphæð arfsins og hvernig hann skiptist á erfingjana. Síðustu tveir dálkarnir sýna nöfn fjárhaldsmanna ómyndugra erfingja og hvað þeir lögðu fram sem tryggingu fyrir arfinum á meðan hann var í þeirra vörslu. Skýrslurnar virðast hafa verið gerðar í lok árs til að fá þetta yfirlit.

Dánarskýrslurnar eru listar yfir „dána og greptraða“[362] innan prestakalla og eru þetta skýrslur sem prestar og prófastar sendu til sýslumanna til upplýsingar fyrir hvert ár. Slíkar skýrslur má einnig finna í bréfasöfnum sýslumanna og er greinilega misjafnt hvort þær hafa verið geymdar með innsendum bréfum eða lagðar upp með fylgiskjölum skiptaréttar. Þar eru upplýsingar um hvaða sókn hinn látni tilheyrir og hvar hann var til heimilis ásamt nafni hans og stöðu. Þá eru upplýsingar um aldur hans við andlát, hvenær hann lést og hvenær hann var grafinn.[363]

362 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Stykkishólmi. ED2/1, örk 3. Dánarskýrslur 1858-1864.
363 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Stykkishólmi. ED2/1, örk 3. Dánarskýrslur 1858-1864.

**Dæmi: Fylgiskjöl skiptaréttar. Uppskrift á dánarbúi Ólafs Guðmundssonar 7. janúar 1856.**



[364]

| Mánudaginn þann 7. Janúar var svolátandi uppskrift gjörð að Hokinsdal á eigum Ólafs |
|---|

364 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. ED2/2, örk 19. Fylgiskjöl 1856.

sáluga Guðmundssonar, uppskriftin hljóðar þannig.

| | | rbd | mr. | sk. |
|---|---|---|---|---|
| N° | Bækur | | | |
| 1 | Hússpostilla Vídalíns gömul | " | 3 | " |
| 2 | Fæðingarhungurvekjur níar | " | 2 | " |
| 3 | Upprisuhugvekjur vel um gengnar | " | 2 | 8 |
| 4 | Misseraskipta offur gamalt | " | " | 24 |
| 5 | Grallari gamall og rotinn | " | " | 24 |
| 6 | Fæðingarsálmar nýlegir | " | " | 28 |
| 7 | Bænakver nýlegt | " | " | 20 |
| 8 | Passíusálmar og upprisusálmar í einulagi innbundir, nýlegir | " | 3 | " |
| 9 | Píslarþankar vel um gengnir | " | 2 | " |
| 10 | Vídalíns miðvikudaga predikanir gamlar og uppúr bandi | " | 2 | " |
| | Fatnaður | | | |
| 11 | Tvennar einskeptu bugsur bláar, aðrar níar en aðrar gamlar | 2 | " | " |
| 12 | 2 Treyur ein ní og önnur gömul | 3 | " | " |
| 13 | 2 lérefts vesti gömul | " | 2 | " |
| 14 | Einskeptu úlpa grá, brúkuð | " | 2 | 8 |
| 15 | Nærgris brúkaður | " | 4 | " |
| 16 | Einskeptu skirta borinn | " | 4 | " |
| 17 | Nærbugsur fornar | " | 2 | " |
| 18 | Tvennir sokkar nílegir | " | 3 | " |
| | Kistur og ímislegt | | | |
| 19 | 2 kistur gamlar og laslegar | 1 | " | " |
| 20 | Danskur rokkur nílegur | 1 | 3 | " |
| 21 | Kistill lítilfjörlegur | " | " | 20 |
| 22 | Handögsi gömul enn brúkanleg | " | 3 | " |
| 23 | Smiðjuhamar gamall | " | " | 16 |
| 24 | 2 Vorrekur gamlar | " | 2 | " |
| 25 | Smiðjublýstra ní | 1 | " | " |
| 26 | 3 Reipi eitt nítt og 2 gömul | " | 2 | " |
| 27 | 2 pottar lítilfjörlegir | 1 | " | 16 |
| 28 | 1 pottur gamall og sprunginn | " | 3 | " |
| 29 | Kaffiketill úr járni | " | 2 | 12 |
| | *Ísafj. J. N° 175-56* | 18 | 3 | |
| N° | | 18 | 3 | |
| 30 | Kaffimilla gömul | " | " | 12 |
| 31 | 2 bollar hvítir | " | " | 8 |
| | Búsgagn | | | |
| 32 | 2 lagartunnur gamlar | 2 | 4 | " |
| 33 | 3 lagar kvartil gömul | " | 3 | " |
| 34 | 5 trog forn | " | 5 | " |
| 35 | Hálfanker | " | " | 16 |
| 36 | Strokkur gamall | " | 1 | 8 |
| 37 | 15 marka fata níleg | " | 1 | 8 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 38 | 2 Dallar gamlir | " | 2 | " |
| 39 | 4 dallar gamlir | " | 3 | " |
| 40 | 2 fötur gamlar | " | 1 | 8 |
| 41 | 2 hrífur og tvö orf | " | 1 | 4 |
| 42 | Hálfsleginn ljár á 20 skildinga, járnlampi gamall á 2 mark | " | 4 | 4 |
| | Skip og færi | | | |
| 43 | Fimmmannafar með 4 árum og siglutrje og reiða Seglislaust gamalt | " | 12 | " |
| 44 | Fjórar lóðir brúkaðar | " | 3 | " |
| 45 | Gömul snæri virt á | " | 1 | 2 |
| | Lifandi peningur | " | " | " |
| 46 | 1 kýr 11 vetra gömul | 20 | " | " |
| 47 | dittó 11 vetra gömul | 20 | " | " |
| 48 | dittó 13 vetra gömul | 16 | " | " |
| 49 | Trippi tvæveturt | 9 | " | " |
| 50 | 4 ær í standi | 7 | 3 | " |
| 51 | 3 sauðir 2 svartir | 7 | " | " |
| 52 | 2 sauðir vetur gamlir | 3 | " | " |
| 53 | 6 lömb | 4 | " | " |
| | Fasteign og peningar | " | " | " |
| 54 | 12 hundruð í jörðinni Hokinsdal virt á | 240 | " | " |
| 55 | Ekkjunnar morgungjöf 30 specíur | 60 | " | " |
| | | 428 | 1 | 4 |
| | Skuldir á stórbúinu eru 1 vætt og 37 fiskar | | | |

*Athugasemdir*: Þessi uppskrift er fylgiskjal við skipti á dánarbúi Ólafs Guðmundssonar sem framfór þann 3. maí 1856 í skiptaþingi Ísafjarðarsýslu. Sjá má uppskrift skiptanna sjálfra í *Dæmi: Skiptabók Ísafjarðarsýslu 1855-1860. Skipti á dánarbúi Ólafs Guðmundssonar 3. maí 1856*, bls. 114-118. Greinilega má sjá tengslin milli skiptabókanna og fylgiskjala hér. Virðingamenn hafa verið sendir á staðinn til að skrifa upp eignir dánarbúsins og virða það, sem sýslumaður leggur svo fram við skiptaréttinn.

Áhugavert er að skiptastjóri ritar í skiptabók að búið sé metið á 503 ríkisdali og 20 skildinga á meðan í virðingagjörð þessari er búið metið á 428 ríkisdali, eina mörk og 4 skildinga. Munurinn stafar líklega af því að sýslumaður hefur bætt við alls sex munum t.d. heyhlöðu og nausti við sjóinn, sem sjá má í skiptagjörðinni sjálfri.

*Lagagrundvöllur heimildar*: Forordning for Island, ang. Forandringer i Lovgivingen om Arv. 25. september 1850.[365]

[365] *Lovsamling for Island*. XIV. Bls. 595-617.

*Notkunarmöguleikar*: Eins og skiptabækurnar eru fylgiskjölin mikilvægar heimildir um eignir einstaklinga á hverjum tíma og geta nýst til hinna ýmsu rannsókna á lífi fólks fyrr á öldum. Í virðingargjörðunum má finna ítarlega lista yfir hvern einasta smáhlut sem hinn látni átti ásamt virði þeirra en miðað við að nærklæði eru listuð upp má gera ráð fyrir að virðingagjörðir séu nokkuð ítarlegar. Algengt er t.d. að bækur séu listaðar upp eins og sjá má í þessari tilteknu virðingagjörð. Slíkir bókalistar gætu nýst við rannsóknir á bókaeign almennings, hvað fólk las og hvaða bækur fólk kaus helst að eiga.

## G - Réttarbækur – opinber- og einkamál

### GA – Dóma- og þingbækur

Réttarbækur er hér notað sem samheiti yfir dómabækur sýslumanna fram til 1952 þegar þeir hófu að færa sérstakar bækur fyrir einkamál annars vegar og opinber mál hins vegar. Í dóma- og þingbækur er færð málsmeðferð, málsskjöl sem lögð voru fyrir réttinn og dómar eða úrskurðir í öllum opinberum- og einkamálum. Ásamt dóma- og þingbókum má hér finna auka- og gestaréttarbækur en í sumum tilfellum var haldin sérstök bók fyrir slíka tegund réttar. Bækurnar voru haldnar fyrir ýmsar gerðir réttar og þinga og hefur þeim verið gerð skil í riti Þjóðskjalasafns Íslands, *Leiðarvísir að dóma- og þingbókum*. Þar eru skilgreindar 31 tegund rétta og þinga sem öll gátu komið fyrir í bókunum. Einu undantekningarnar eru skiptaréttur, uppboðsréttur og fógetaréttur sem mjög sjaldgæft er að finna í bókunum þar sem sýslumönnum bar að halda sérstakar bækur fyrir slíkt, en það kemur þó fyrir. Fjallað er um uppboðs- og skiptabækur í kaflanum *E – Einkamál* hér á undan. Ekki verður fjallað sérstaklega um fógetabækur í þessu verki en vikið er stuttlega að þeim í umfjöllun um dóma- og þingbækur.

#### *Sýslumaður Ísafjarðarsýslu*

Í skjalasafni sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu liggja alls ellefu dóma- og þingbækur frá 19. öld. Þrjár eldri bækur hafa einnig varðveist í safninu en þær ná yfir árin 1711 til 1790. Tvær af þessum elstu bókum eru dóma- og þingbækur Markúsar Bergssonar sýslumanns og eru frá árunum 1711 til 1729. Í eldri bókinni er ritað á forsíðu að hún hafi borist frá Landsbókasafni skv. úrskurði landshöfðingja frá 7. maí 1900 og bréfi stiftsyfirvalda frá 16. maí sama ár.[366]

Fyrsta bókin á 19. öldinni nær frá 1790 til 1805. Á forsíðu hennar má sjá *authorisation* hennar staðfest af Ólafi Stephensen þáverandi stiftamtmanni. Hver færsla hefst á ártali og dagsetningu ásamt upplýsingum um hvaða réttur var settur og af hverjum. Þá eru þingvottar yfirleitt nefndir og í framhaldi af því eru málavextir raktir. Undir hverja færslu ritar svo sá sem réttinn setti, sem er yfirleitt sýslumaður, og vottar.[367] Næstu bækur eru eins uppsettar og eiga það sameiginlegt að vera mjög þéttskrifaðar og fram til 1835 virðast flestar færslurnar vera frá manntalsþingum. Þar koma fram hefðbundin manntalsþingsstörf ásamt hvaða skjöl voru upplesin, s.s. tilskipanir, konungleg bréf, gjafabréf o.fl.[368] Í færslu frá manntalsþingi þann 23. júlí 1828 má sjá að þrír bændur voru fjarverandi á þinginu og sinntu þar með ekki lögboðinni skyldu sinni og voru sektaðir fyrir „þingvíti hvörn fyrir sig

[366] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. GA/24, örk 1. Dóma- og þingbók 1711-1719.
[367] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. GA/24, örk 4. Dóma- og þingbók 1790-1805.
[368] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. GA/1, örk 2. Dóma- og þingbók 1817-1834.

um 78 rbd“ sem hreppstjórar skyldu innheimta með næstu hreppaskilum.[369] Skylda bænda til að sækja manntalsþing var því mjög rík og beittu sýslumenn sektum við sinnuleysi bænda í þeim efnum.

Eftir 1835 fara að sjást fleiri þinggerðir í bókunum, s.s. aukadómsþing, lögregluþing og rannsóknir í dómsmálum, en inn á milli sjást áfram manntalsþing sem eðlilegt er enda voru þau haldin árlega á hverjum þingstað í sýslunni. Í færslu frá manntalsþingi 15. maí 1845 má sjá hversu fjölbreytt mál voru fyrirtekin á slíkum þingum. Þar voru meðal annars konunglegar tilskipanir auglýstar og afsalsbréf upplesið. Þá var spurt um upptæka búshluti, strönduð skip, erfingjalaust góss, bætur fyrir okur eða óleyfilega verslun og vogrek og svöruðu þingmenn „að slíkt hefði eigi tilfallið.“ Þá var áminnt um vegabætur og tófuveiðar og spurt var um lausafólk.[370] Manntalsþing voru þannig eins konar íbúafundir þar sem bændum gafst tækifæri til að spyrja þingmenn út í einstaka mál sem og þar sem upplýsingum var komið á framfæri af hálfu stjórnvalda.

Rétt eftir miðja öldina virðist sýslumaður hafa byrjað að númera færslurnar í bókunum og fá þær færslur auðkenni samsett úr hlaupandi númeri ásamt ártali færslunnar.[371] Ekki eru þó allar færslur númeraðar og þetta kerfi staldrar stutt við, ekki nema í u.þ.b. áratug.

Í elleftu og síðustu bókinni frá 19. öld, sem nær frá 1867 til 1872, er eitt mál sérstaklega áberandi en nær helmingur bókarinnar er undirlagður af þinghöldum málsins. Málið hefur líklega verið nokkuð umtalað á þeim tíma enda um barnsfaðernismál að ræða á hendur sitjandi sýslumanni Stefáni Bjarnasyni. Eins og gefur að skilja var Stefán sjálfur vanhæfur að dæma í eigin sök en amtmaður skipaði setudómara í málinu og varð Gunnlaugur Blöndal sýslumaður Barðastrandasýslu fyrir valinu.[372] Að skipa setudómara eða gestadómara í málum þar sem sýslumenn voru málsaðilar er ekkert einsdæmi og má sjá slíkar færslur annað hvort í dómabókum sýslunnar sjálfrar eða í aðskildum bókum sem sérstaklega eru löggildar fyrir ákveðin mál. Til dæmis liggur sérstök dómsmálabók í skjalasafni sýslumannsins í Rangárvallasýslu sem notuð var við gestarétt í vitnaleiðslumáli milli Páls Briem amtmanns og Magnúsar Torfasonar þáverandi sýslumanns Rangárvallasýslu.[373]

[369] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. GA/1, örk 2. Dóma- og þingbók 1817-1834. Manntalsþing 23. júlí 1828.
[370] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. GA/1, örk 5. Dóma- og þingbók 1841-1847. Manntalsþing 15. maí 1845.
[371] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. GA/2, örk 2. Dóma- og þingbók 1848-1854. Auðkenning færslna hefst árið 1852.
[372] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. GA/3, örk 2. Dóma- og þingbók 1867-1872.
[373] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/8, örk 2. Dómabók 1899.

Ekki eru fleiri bækur varðveittar frá 19. öld en næsta bók hefst árið 1900 og er því gat í safninu frá 1872 fram til aldamóta. Í skrá Jóns Þorkelssonar þjóðskjalavarðar frá 1910 kemur fram að bækurnar sem hér hefur verið fjallað um, frá 1711 til 1872, voru þá einu dómabækur sýslunnar í vörslu safnsins.[374] Líklegt verður að teljast að bækurnar sem vantar á milli séu glataðar. Af þeim sýslum sem skoðaðar eru hér eru langfæstar dómabækur varðveittar í Ísafjarðarsýslu frá tímabilinu sem útskýrist ekki eingöngu af því að hluta þeirra vantar, heldur vekur það einnig spurningar um hvort færri mál hafi komist til kasta sýslumanna og hver orsökin þá er.

### *Sýslumaður Rangárvallasýslu*

Alls eru 22 dóma- og þingbækur varðveittar í safni sýslumannsins í Snæfellsnessýslu frá 19. öld ásamt einni frá 18. öld. Þessi elsta bók inniheldur færslur frá 1771 og 1787 til 1792 og er hún mjög illa farin og mikill texti hefur glatast. Hún hefur verið viðgerð og bundin inn í seinni tíð og hefur þá verið bundin inn, viðbót framan við bókina, uppskrift af dómsmálum frá 1771. Sjálf bókin nær yfir tímabilið 1787 til 1792 og líkjast færslurnar þeim í öðrum réttarbókum, þ.e. hver færsla hefst á ártali og dagsetningu, hvaða réttur er settur og af hverjum. Þá kemur inntak málsins og niðurstaðan er vottuð af sýslumanni og vottum. Stundum má einnig sjá undirskrift málsaðila.[375] Ein eldri bók tilheyrandi sýslumanninum í Rangárvallasýslu er varðveitt í safni Árna Magnússonar.[376] Hún er mun eldri og nær frá 1597 til 1612 og er dómabók Gísla Árnasonar sýslumanns.[377] Ekki er vitað hvað varð um bækurnar frá árunum 1612 til 1771 en að öllum líkindum eru þær löngu glataðar.

Fyrstu bækurnar eru eins uppsettar og elsta varðveitta bókin en þó má sjá löggildingu þeirra á forsíðu af amtmanni sem „Justit Protocol“ eða dómabók. Bækurnar eru mjög þéttskrifaðar og ef frá er talin þessi elsta bók, eru þær nokkuð vel varðveittar og heilar. Við skoðun er ekki að sjá neinar tilvísanir í aðrar bækur sýslumanns en með tímanum sjást tilvísanir í bréfabók amtmanns á fremstu síðu bókanna þar sem löggilding amtmanns er, sem sýnir að þessar bækur voru ekki frábrugðnar öðrum embættisbókum sýslumanna hvað það varðar. Að auki virðast bækurnar hafa verið auðkenndar á forsíðu og fær önnur bókin á 19. öldinni auðkennið *A 2* en hún er fyrsta bókin sem er auðkennd. Þar sem bækurnar taka hver við af annarri má gera ráð fyrir að bókin á undan hafi þá átt að vera *A 1*. Ekki er ljóst af hverju elsta bókin er ekki með í þessari talningu en fyrstu átta bækurnar eru

---

374 Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 172-173.
375 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/1, örk 1. Dómabók 1787-1792.
376 *AM* 249a. 4to, Dómabók Gísla Árnasonar sýslumanns.
377 Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 69.

auðkenndar svona með hlaupandi númeri. Hugsanlega hefur þetta verið seinni tíma verk. Á mynd 1 má sjá eina slíka auðkenningu á forsíðu bókarinnar.

Mynd 1.




[378]

Í þriðju bókinni sem nær frá 1813 til 1819 er að finna mjög ítarlegt registur aftast sem gefur mjög góða mynd af innihaldi bókarinnar. Í raun er þetta efnisyfirlit þar sem færslunum er raðað í tímaröð og kemur þar fram hverjar sakirnar voru og þinghald ásamt dagsetningu réttarins og tilvísun í blaðsíðutal færslunnar í bókinni.[379] Sjá mynd 2.

Mynd 2.




[380]

Í registrinu sést að fjölbreytt mál voru tekin fyrir og að bækurnar voru réttarbækur fyrir mismunandi tegundir þinga, s.s. manntalsþing og „politie réttur“ eða lögregluþing. Alls eru 75 færslur í bókinni skv. registrinu en það þýðir þó ekki að um 75 dóma sé að ræða heldur geta verið fleiri en ein færsla um sama málið. Mörg mál hefjast með prófmáli, þ.e.

[378] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/1, örk 3. Dómabók 1805-1813.
[379] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/2, örk 1. Dómabók 1813-1819.
[380] *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/2, örk 1. Dómabók 1813-1819.

rannsókn og vitnaleiðslum, sem síðar er dæmt í. Á tímabilinu sem bókin nær yfir eru fjórtán manntalsþing haldin. Þess á milli eru tekin fyrir ýmis mál s.s. hórdómsbrot, barnfaðernislýsingar og barnfaðernismál, dulsmál, lausamennska, ill meðferð á barni, eiðstafur hreppstjóra og stefnuvotta, ýmis einkamál og þjófnaðarmál og er það síðast nefnda nokkuð algeng tegund mála.[381]

Næstu bækur eru eins og hafa allar registur aftast til að auðvelda leit í bókunum. Undir lok árs 1837 byrjar sýslumaður að númera færslurnar með hlaupandi númeri innan árs. Ekki eru þó allar færslur númeraðar og er auðkenningin mismunandi eftir því um hvernig mál er að ræða. Annars vegar má sjá dómsmál auðkennd með t.d. *Sök N° 7/1838* (mynd 3) og hins vegar voru prófmál eða rannsóknarmál auðkennd með t.d. *Próf Littra A/1837* (mynd 4) eða *Ransak Littra A 1838* (mynd 5).[382] Þannig virðast dómsmál fá hlaupandi númer innan árs en próf- eða rannsóknarmálin fá bókstaf og ártal sér til auðkenningar.

Mynd 3.


[383]

Mynd 4.


[384]

Mynd 5.


[385]

Í níundu bókinni, sem nær frá 1846 til 1859, virðist númerakerfið fyrir dómsmálin halda sér en hætt er að auðkenna prófmál. Inn á milli hinna ýmsu dóms- og prófmála eru færslur frá manntalsþingum. Á slíku þingi á vormánuðum 1859 var meðal annars birt og auglýst auglýsing lögstjóra frá árinu áður „að portúgísisk skip sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja sjeu undanþegin að greiða 2. rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl 1850." Þá var verðlagsskrá auglýst sem og amtsbréf um endurgjald alþingiskostnaðar það árið. Eftir almennar auglýsingar voru

381 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/2, örk 1. Dómabók 1813-1819.
382 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/3, örk 2. Dómabók 1834-1840.
383 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/3, örk 2. Dómabók 1834-1840.
384 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/3, örk 2. Dómabók 1834-1840.
385 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/3, örk 2. Dómabók 1834-1840.

upplesnar yfirlýsingar einstaklinga, s.s. „skjal með hverju Ívar bóndi Þórðarson í Tungu gefur syni sínum Oddi á sama bæ fjórða part af öllum eigum sínum er eptir hann verði dauðann skuldlausar.“ Eftir upplestur slíkra auglýsinga tóku hefðbundin manntalsþingsstörf við og voru þau m.a. innheimta þegnskyldu og „spurt um eitt og annað, sem venja er til á manntalsþingum.“ Í lokin var áminnt um vegabætur, grenjaleiti og „annað fleira, sem til almennings nota og góðrar reglu þeirra mættu.“ Var þá þinginu slitið með undirskrift sýslumanns og votta.[386]

Manntalsþing voru haldin árlega á vorin af sýslumanni á ákveðnum þingstað til manntals fyrir innheimtu konungsskatts og voru skattskyldir bændur skyldugir til að mæta.[387] Á manntalsþingum voru einnig ýmsar auglýsingar upplesnar, s.s. almennar tilkynningar stjórnvalda og konungsúrskurðir, sem og yfirlýsingar einstaklinga, t.d. varðandi erfðamál.[388] Það sem fram fór á manntalsþingum var ritað í dóms- og þingbækur sýslumanna en samhliða þeim voru haldnar sérstakar bækur fyrir skattinnheimtuna, sem fram fór á manntalsþingum, sem nefndar voru manntalsbækur. Elstu bækurnar frá fyrri hluta 19. aldar eru oft nefndar konungstíundabækur. Konungstíund eða tíund var upphaflega innleidd á Íslandi 1096 eða 1097 en þetta var eignarskattur sem hægt var að greiða með öllum löglegum gjaldmiðlum, s.s. peningi, fiski, kvikfé o.fl. Konungstíund féll niður með nýjum skattalögum árið 1877 en þá voru manntalsbókargjöld afnumin og nýir tekjustofnar teknir upp.[389]

Í manntalsbókum eru að finna lista yfir jarðir og ábúendur ásamt mati jarðarinnar og tegund greiðslu. Jarðirnar eru listaðar upp eftir þingsóknum og jarðirnar númeraðar innan hverrar sóknar.[390] Við hverja jörð er nafn ábúanda, stærð og virði jarðarinnar ásamt upphæð ýmissa skatta sem greiða þarf af jörðinni. Þá er listað upp í dálka í hvaða formi greiðslan er.[391] Bændur höfðu kost á að greiða skatta sína í peningum, í ríkisdölum og skildingum, í ull, tólg, smjöri, eða í kvikfénaði, sauð eða ær. Miðað við upplýsingar úr manntalsbókum hafa flest allir kosið að greiða í fiskum og peningum.[392]

---

386 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/4, örk 2. Dómabók 1846-1859. Manntalsþing 14. maí 1859.
387 Einar Laxness. *Íslandssaga II*. Bls. 150.
388 Sjá til dæmis: *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/4, örk 2. Dómabók 1846-1859. Manntalsþing 14. maí 1859.
389 Einar Laxness. *Íslandssaga III*. Bls. 91-93.
390 Sjá til dæmis: *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EA1/2, örk 1. Manntalsbók 1823-1830.
391 Sjá til dæmis: *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EA1/3, örk 1. Manntalsbók 1843-1848.
392 Sjá til dæmis: *ÞÍ*. Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EA1/4, örk 1. Manntalsbók 1860-1861.

Annað algengt þinghald var lögregluþing en þar voru aðallega tekin fyrir minni háttar brotamál[393] eins og sjá má í færslu frá 29. júlí 1859. Þá var lögregluþing sett að Skúmsstöðum af sýslumanni „og var þar, eptir skipun Amtsins dags. 30. júní 1859 tekið fyrir að innkrefja kostnað fyrir baðmeðöl þau sem brúkuð voru í Vesturlandeyahrepp í fyrra vor, og óborguð eru ennþá.“ Framlögð skjöl fyrir þingið voru stefna, sem var auðkennd A, bréf amtsins, auðkennt B og skýrsla hreppstjóra yfir þá sem áttu eftir að greiða meðalið, auðkennt C. Allir hinir stefndu mættu fyrir þingið og greiddu skuld sína og var málið við það fellt niður og þingi slitið. Sjá mynd 6.

Mynd 6.



Ár 1859 föstudaginn þann 29. júlí um hádegi var lögregluþing
sett að Skúmsstöðum í Vesturlandeyjum og haldið af settum
sýslumanni H. Thordersen, með undirskrifuðum vottum
og var þar, eptir skipun Amtsins dags.
30. júní 1859 tekið fyrir að innkrefja kostnað
fyrir baðmeðöl þau sem brúkuð voru í
Vesturlandeyahrepp í fyrra vor, og óborgað
eru ennþá. –
Fram var lögð stefna, sem merktist A, og bréf Amtsins d. 30. júní 18[illegible]
sem merktist stafnum B. – og skýrsla hreppstjórans yfir þá, sem eiga
óborgaðann baðmeðalakostnaðinn, md. C. Á þinginu mættu allir hinir stefndu
(nema Hannes Pálsson í Brók og Vilhjálmur Sigurðsson í Álfhólum
fyrir hvers hönd (hreppstjórinn) að borgaði [illegible]
og gjörðu full skil fyrir baðmeðalakostnaðinum, og var því mál þetta
svo búið fellt niður
og síðan þingi slitið
ut supra.
S. Magnússon
S. Björnsson
H. Thordersen

[394]

Skjölin sem lögð voru fram ættu að liggja í skjalaflokkinum *GB – Fylgiskjöl dóma- og þingbóka*, hvert með sínum bókstaf ásamt upplýsingum um hvenær þau voru framlögð og upplesin fyrir þingið sem þau gera. Í öskju GB/6, örk 28 má finna fyrrnefnd skjöl. Því miður var skjalavarslan ekki alltaf svo góð að auðvelt sé að ganga í þau en safn sýslumannsins í Rangárvallasýslu er tiltölulega vel skráð og hefur varðveist vel. Nánar verður fjallað um fylgiskjöl og uppbyggingu þeirra hér á eftir.

Einstaka sinnum má sjá færslur frá fógetarétti en það er þó nokkuð fágætt þar sem sýslumenn héldu sérstakar fógetabækur. Þær eru svipað uppsettar og dóma- og þingbækur

---

393 *Vef.* Ólafur Arnar Sveinsson. *Leiðarvísir fyrir dóma- og þingbækur í skjalasöfnum sýslumanna í Þjóðskjalasafni Íslands.* Bls. 49.

394 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/4, örk 2. Dómabók 1846-1859. Lögregluþing 29. júlí 1859.

og er þar aðallega að finna færslur um að úrskurðu dómstóla hafi verið fullnægt og afgreiðsla beiðna um lögtök eða fjárnám.[395] Mörg mál sem fara fyrir fógetarétt snúast um fullnustu dóma yfir- eða undirréttar samkvæmt tilskipun amtsins eða dóma héraðsdóms sýslunnar. Þá eru þar að finna færslur yfir gerð lögtök eða fullnustuaðgerðir fjárnámsbeiðna.[396] Í þessari dóma- og þingbók, sem nær yfir tímabilið 1846 til 1859, hefur registrið tekið dálitlum breytingum frá fyrri bókum og nú er það í stafrófsröð eftir málsaðilum og vísað er til blaðsíðutals og stuttlega gerð grein fyrir efnistökum málsins.[397]

Næstu bækur eru svipaðar í uppsetningu og gerð fyrir utan að þetta númerakerfi virðist deyja út eftir 1859 sem er kannski ekki undarlegt þar sem númerakerfið virðist ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi. Auðkenni færslnanna virðist ekki vera notað til tilvísana líkt og t.d. númerakerfi bréfadagbóka. Dóma- og þingbækurnar eru í tímaröð, taka hver við af annarri og haldast að mestu leyti óbreyttar út öldina.

### *Sýslumaður Snæfellsnessýslu*

Í safni sýslumannsins í Snæfellssýslu eru varðveittar alls 26 dóma- og þingbækur frá 19. öld, sem er nokkur fjöldi miðað við hinar sýslurnar. Að auki eru sjö bækur varðveittar frá 17. og 18. öld en þær ná allt frá 1652 til 1780, þó með nokkrum hléum, og eru í misjöfnu ástandi.[398]

Fyrsta bókin sem nær inn á 19. öldina er í tveimur hlutum og á forsíðuna hefur verið ritað að þetta sé annars vegar þingbók Páls Axelssonar í Hnappadalssýslu fyrir árið 1783 og hins vegar þingbók Péturs Péturssonar lögsagnara fyrir árin 1789 til 1802.[399] Aðeins hefur varðveist brot af báðum hlutum og þeir bundnir inn í seinni tíð. Bæði brotin bárust Landsskjalasafni árið 1902 úr dánarbúi séra Friðriks Eggerz en ekki er vitað hvernig það vildi til að þau voru í hans fórum.[400] Önnur bókin er mun heillegri þrátt fyrir að hún hafi verið viðgerð, en hún nær frá 1788 til 1805.[401] Þessar fyrstu bækur líkjast mjög öðrum dóma- og þingbókum hinna sýslnanna og hver færsla hefst á ártali og dagsetningu ásamt því hvernig þing var sett og af hverjum. Þá er málið rakið og undir rita dómari og vottar. Bókin er löggilt af amtmanni eins og hefð var fyrir en ekki er hér að finna registur yfir innihald bókarinnar eins og sjá mátti í bókum Rangárvallasýslu.

---

395 Sjá til dæmis: *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). EB1/1, örk 1. Fógetabók 1826-1901.
396Sjá til dæmis: *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. EB1/2, örk 3. Fógetabók 1825-1889.
397 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GA/4, örk 2. Dómabók 1846-1859.
398 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GA/1, örk 1. Dóma- og þingbók 1697-1706. GA/1, örk 2. Dóma- og þingbók 1714-1721. GA/1, örk 3. Dóma- og þingbók 1720-1726. GA/1, örk 4. Dóma- og þingbók 1729-1756. GA/2, örk 1. Dóma- og þingbók 1652-1667. GA/2, örk 2. Dóma- og þingbók 1735-1739. GA/2, örk 3. Dóma- og þingbók 1761-1780.
399 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GA/2, örk 4. Dómabók 1783-1802.
400 Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 152.
401 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GA/3, örk 1. Dómabók 1788-1805.

Bækur frá fjórða og fimmta áratuginum eru mikið skemmdar, líklega sökum raka þannig að hluti blaðsíðna er horfinn og upplýsingar því glataðar.[402] Tvær bækur í safninu hefjast árið 1840, önnur er löggilt sem aukadómsmálabók eða „Justits- og Politie-Protocol i Overerdentilige Tilfælde“[403] og inniheldur færslur fyrir árin 1840 til 1842 og 1848. Eins og segir í heiti bókarinnar var hún notuð fyrir mál sem falla utan hefðbundin mál réttarins. Hin er löggilt sem þingbók eða „Justitsprotocol“ og endar 1843.[404] Næsta bók á eftir nær yfir tímabilið 1847 til 1854 og virðist því vanta a.m.k. eina bók fyrir tímabilið 1843 til 1847. Jón Þorkelsson landsskjalavörður staðfestir að eina bók vanti í safnið í skrá sinni yfir skjalasöfn sýslumanna frá 1910 en þar segir hann um meðferð skjalanna að „[S]kjalasafn Snæfellsnessýslu hefir orðið fyrir illri meðferð fram eptir 19. öldinni og er víða stórum skemt af fúa. Orðlögð er meðferð Sigurðar sýslumanns Guðlaugssonar á safni þessu. Hann bjó í Gröf í Eyrarsveit, og er þá sagt, að hann hafi geymt það í hripum í leku hesthúsi.“[405] Sigurður þessi var sýslumaður á árunum 1805 til 1817 og aftur 1818 til 1819 svo ekki er hægt að kenna honum um ástand þessara tilteknu bóka.[406]

Í þessari bók, 1847 til 1854, má fyrst sjá númeraðar færslur líkt og má sjá á þessum tíma í hinum sýslunum.[407] Ekki eru allar færslur númeraðar en þessi númerun mála helst að einhverju leyti fram til 1880. Næstu bækur eru allar mjög svipaðar og fyrri bækur hvað uppsetningu varðar, þær eru allar löggiltar af amtmanni, eru vel með farnar og taka hver við af annarri. Undir lok sjötta áratugarins skarast hins vegar bækurnar aftur og meðfram hefðbundnum dóms- og þingbókum eða „justis- og politirjettar protokol“ má finna tvær aukadómsmálabækur. Fyrri bókin inniheldur mál Th. Thorsteinson gegn Á. Ó. Thorlacius settum sýslumanni Snæfellsnessýslu fyrir gestarétti frá árinu 1869 og nokkur mál frá árinu 1873 sem einnig voru rekin fyrir gestarétti. Inni í bókinni liggja fylgiskjöl með fyrsta málinu, m.a. bréf Vesturamts þar sem Lárus Blöndal sýslumaður Dalasýslu er settur dómari málsins.[408]

Seinni aukadómsmálabókin er frá árinu 1876 og er löggilt sem „þingbók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu í máli því sem sýslumaður Skúli Magnússon eptir skipun vesturamtsins hefur höfðað gegn verzlunarstjóra Vigand Clausen útaf meiðyrðum, og sem sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu E. Th. Jonassen hefur verið skipaður til að meðhöndla sem

---

402 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. GA/6, arkir 1 og 2. Dómabækur 1832-1838 og 1838-1840.
403 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. GA/6, örk 3. Dómabók 1840-1848
404 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. GA/7, örk 1. Dómabók 1840-1843
405 Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 152.
406 Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir.* III. bindi. Bls. 231-232.
407 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. GA/6, örk 4. Dómabók 1847-1854.
408 *ÞÍ*. Sýslumaður Stykkishólmi. GA/9, örk 2. Aukadómsmálabók 1869-1873.

settur dómari.“[409] Bókin inniheldur bara þetta eina mál og liggja fylgiskjöl með málinu í bókinni.

Bækurnar eftir 1877 eru nokkuð ruglingslegar enda virðast hafa verið haldnar tvær löggiltar dóms- og þingbækur á sama tíma út öldina. Raðirnar tvær virðast annars vegar vera tvær bækur, 1873 til 1894 og 1894 til 1898[410], og hins vegar þrjár bækur, 1877 til 1883, 1883 til 1890 og 1890 til 1898.[411] Við skoðun virðist sem númeruðum málum hafi verið dreift milli bókanna, t.d. er mál númer 2/1877 frá 22. febrúar 1877 í einni bókinni en í annarri er að finna mál númer 3/1877 frá 23. febrúar 1877. Sýslumannsskipti urðu í Snæfellsnessýslu 1878 þegar Sigurður Jónsson tekur við af Skúla Magnússyni.[412] Hugsanlega hefur Sigurður fengið nýja bók löggilta þegar hann tekur við sýslunni og notar báðar samhliða.

Skörun bókanna 1894 til 1898 og 1890 til 1898 getur hugsanlega verið tilkomin af því að árið 1893 verða aftur sýslumannsskipti þegar Sigurður Briem tekur við af Sigurði Jónssyni. Sigurður Briem starfar þó aðeins í eitt ár áður en Lárus H. Bjarnason tekur við sýslunni.[413] Fyrsta færslan í bókinni 1894 til 1898 er með undirskrift Lárusar og hugsanlega hefur hann fengið löggilta bók með sér þegar hann tekur við sýslunni. Hann sér þó að fyrri löggilt bók er ekki fullnýtt og virðist hann hafa tekið sig til og notað hana að hluta til sem eins konar dagbók við störf sín, t.d. eru þar að finna færslur um daglegar ferðir hans inn á milli einstakra réttarfærslna. Lítur þá helst út fyrir að hann hafi ekki gripið rétta bók með sér. Á mynd 8 má sjá dæmi um slíka dagbókarfærslu en þar kemur fram að á sunnudeginum 6. október 1895 hafi sýslumaður farið út í Ólafsvík klukkan átta að kvöldi til „en með því er svo framorðið var orðið varð eigi úr vinnu þann dag.“[414]

Síðasta bókin frá 19. öld nær frá 1898 til 1902 og er löggilt sem „rannsóknar- og dómabók“. Það sem skilur hana frá fyrri bókum er að fremst í henni er að finna registur yfir málsaðila eða þing eins og sjá má á mynd 7.

Mynd 7.


[415]

[409] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GA/9, örk 3. Aukadómsmálabók 1876.
[410] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GA/10, örk 1. Dómabók 1873-1894. GA/11, örk 2. Dómabók 1893-1898.
[411] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GA/10, örk 2. Dómabók 1877-1883. GA/10, örk 3. Dómabók 1883-1890. GA/11, örk 1. Dómabók 1890-1898.
[412] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir.* III. bindi. Bls. 248.
[413] Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir.* III. bindi. Bls. 248-249.
[414] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GA/11, örk 1. Dómabók 1890-1898.
[415] *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GA/12, örk 1. Dómabók 1898-1902.

Á myndinni má sjá að manntalsþing voru haldin nokkuð oft á tímabilinu og er þau að finna á a.m.k. 19 stöðum í bókinni. Aðrar færslur eru í registrinu eftir nafni málsaðila. Að öðru leyti er bókin eins upp sett og aðrar hefðbundnar dóma- og þingbækur.

**Dæmi: Dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu. Aukaþing 17. september 1849.**


416 Hún [illegible] Guðríður Eyríksdóttir á Látrum á 20. ári, í góðu lagi að [illegible] í kristindóms þekkingu og ekki óskiðkanleg að [illegible] að [illegible], hefur einnig frjáls og fúslega borið [illegible] sinn Þorstein faðerni að barni því, sem áður er umrædt og hann hefur viðgengið. Þau hin [illegible] skulu því, eptir tilskipun 23 Maí 1800, §1. og DL. 6-13-14. Str. tilskipun 24 Januar 1838, §1., að láta líf sitt, svo og að borga allan þann kostnað, er af máli þessu leiðir löglega. Meðferð málsins hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Þorsteinn Snæbjörnsson og Guðríður Eyríksdóttir eigu líf sitt að láta. Þau eigu og sameiginlega að líka allan þann kostnað er af máli þessu löglega leiðir. Dóminum á að fullnægja undir aðför að lögum.

Með því var þingi slitið, einsog að ofan greinir

M. Gíslason.

Sturla Bárðarson. Finnbiörn Gestsson

Gestur Helgason. Jón Sigurðsson

[416]

---

416 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn á Ísafirði. GA/2, örk 2. Dóma- og þingbók 1848-1854.

Ár 1849, 17. September var aukaþing sett að Sljettu, þingstað rjettum, af þeim setta dómara og skrifara í Ísafjarðarsýslu, með útnefndum meðdómsmönnum og þingvottum, hreppstjóra Sturlu Bárðarsyni í Görðum, og bændum Gesti Helgasyni á Sæbóli, Finnbirni Gestssyni á Sæbóli, og Jóni Sigurðssyni á Sljettu, - hvar þá – var fyrirtekið málið:

Rjettvísin

gegn

Þorsteini Snæbjörnssyni og Guðríði Eyríksdóttur fyrir sifjaspell.

Þá framlagði dómarinn 1. dómstefnu í málinu birta í fyrra dag en dagsetta 14. þ.m. 2. Vitnisburð prests Hálfdáns Einarssonar um aldur Guðríðar. 3. Dto. hins sama prests um kristnidómsþekkingu Þorsteins siðferði og aldur. 4. Dto. Prests Torfa Magnússonar um siðferði og kristnidómsþekkingu þeirra sökuðu með fleiru. 5. Vitnisburðum, að hin sökuðu fyrir hafi ekki orðið fyrir laga ákærum. Þessi skjöl voru í röð upplesin og mörkuð LItr. c, d, e, f, g. Hin sökuðu Þorsteinn og Guðríður voru mætt og könnuðust þau við öll áðurtjéð skjöl og stóðu við hinn fyrri framburð, nema hvað Þorsteinn leiðrétti í sínum fyrri framburði, að hann væri á 34ða ári og hálft fjórða ár væri síðan kona sín hefði dáið, frekara kvaðst hann ekki hafa sjer til afbókunar fram að færa undir dóm, hvarundir hann nú mál sitt lagði. Guðríður stóð við allan sinn fyrri framburð eptir sem hana best gætir mynni til, hvaða frekara þóktist hún með eingu móti geta framfært sér til afbötunar og eiji heldur sannara sagt en hún gjört hafði og skildi því leggja mál sitt fullkomlega undir dóm. Vegna ófærra veðra í viku yfir Jökulfirði gat dómarinn eigi fyrr tekið fyrir málið. Var því mál þetta tekið undir dóm og eptir 2 stundir liðnar af dómaranum og meðdómsmönnunum hans uppkveðinn svolátandi:

Dómur:

Hinn sakaði Þorsteinn Snæbjörnsson á Álftastöðum, eptir prestavitnisburðum sæmilega að sjer og áður óátalinn að lögum og með mannorði góðu, kominn langt yfir lögaldur sakamanna, hefur frjáls og fúslega viðgengist faðernislýsingu að barni þess, er Guðríður stjúpdóttir hans Eyríksdóttir fæddi á vori er var 8 Júní, sem og fullar sannanir framkomnar, með fleiri prestavitnisburðum /: Litr. a, f og g. :/ um teingdir þeirra Þorsteins og Guðríðar, að játning hans sje sönn.

Hin sakaða Guðríður Eyríksdóttir á Látrum á 20ta ári, í góðu lagi að sjer í kristnidómsþekkingu og ekki óskikkanleg að siðferði að undanförnu, hefur einnig frjáls og fúslega borið stjúpa sinn Þorstein faðirinn að barni sínu, sem áður er umrætt og fram hefur viðgengið. Þau hin sökuðu hljóta því, eptir tilskipun 23. Maí 1800, gr. 1 og DL. 6-13-14. Skv. tilskipun 24. Janúar 1838, gr. 1., að láta líf sitt, svo og að borga allan þann kostnað, sem af máli þessu leiðir löglega. Meðferð málsins hefur verið lögmæt.

Því dæmis rjett að vera:

Þorsteinn Snæbjörnsson og Guðríður Eyríksdóttir eigu líf sitt að láta. Þau eigu og sameiginlega að lúka allan þann kostnað er af máli þessu löglega leiðir. Dóminum á að fullnægja undir aðför að lögum.

Með því var þingi slitið, eins og að ofan greinir.
M. Gíslason.
Sturla Bárðarson Finnbjörn Gestsson
Gestur Helgason Jón Sigurðsson

*Athugasemdir*: Hér má líta dóm í opinberu máli þar sem sótt voru til saka Þorsteinn Snæbjörnsson og Guðríður Eiríksdóttir fyrir sifjaspell en Guðríður var stjúpdóttir Þorsteins. Sifjaspell var dauðasök samkvæmt Stóradómi sem staðfestur var af konungi 13.

apríl 1565 og skyldu karlmenn höggvast en konur drekkjast.[417] Hin sökuðu þrættu ekki fyrir ákæruna enda höfðu þau eignast barn sem Þorsteinn gekkst við og var niðurstaða dómara sú að þau skyldu láta lífið. Í niðurstöðu sinni vísar dómari í 1. gr. tilskipunar frá 23. maí 1800[418] um blóðskömm og lagagrein Norsku laga frá 1678 númer 6-13-14 sem fjallar um dauðarefsingu við blóðskömm. Ennfremur vísar hann í 1. gr. tilskipunar frá 24. janúar 1835 en þar staðfestir konungur að Norsku lög og Stóridómur skuli gilda um refsingar.[419]

Síðasta aftaka á Íslandi var 1830 þegar Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson voru tekin af lífi fyrir morð eins og þekkt er. Eftir 1830 voru sakamenn þó ennþá dæmdir til dauða en konungur mildaði refsingu allra svo enginn var tekinn af lífi samkvæmt dómi. Dauðarefsing var afnumin á Íslandi í tveimur áföngum, fyrri áfanginn með nýjum hegningarlögum árið 1869 þar sem dauðarefsing fyrir dulsmál og blóðskömm var tekin út[420] og seinni áfanginn var 1928 þegar dauðarefsing var afnumin með öllu.[421]

*Lagagrundvöllur heimildar:* Norsku lög frá 1687 sem leidd voru í lög hér með erindisbréfi Fuhrmanns amtmanns árið 1718, en þá skyldu sýslumenn dæma einir í málum með tilnefndum vottum að dómum. Stóridómur frá 30. júní 1564[422], staðfestur af konungi 13. apríl 1565.[423] Samkvæmt honum skyldu sýslumenn sjá um framkvæmd rannsókna og innheimtu sekta af hinum brotlegu.

*Notkunarmöguleikar:* Dóma- og þingbækur innihalda gífurlega miklar heimildir um réttarfar fyrri tíma og eru réttarbækur sérstaklega fjölbreyttur heimildaflokkur þar sem þær innihalda upplýsingar frá mismunandi þingum og réttum og geyma dóma í bæði opinberum málum og einkamálum. Að auki nýtast bækurnar til rannsóknar á einstaklingum, málsmeðferð og tíðaranda. Tiltekinn dómur er heimild um réttarfar og refsingu síns tíma og veitir innsýn inn í þann lagagrundvöll sem sýslumaður styðst við í sinni niðurstöðu sem og sögu þeirra einstaklinga sem dómurinn fjallar um.

## GB – Fylgiskjöl dóma- og þingbóka

Fylgiskjöl eru dómsskjöl dóma- og þingbóka og má þar finna málskjöl sem lögð voru fram í dómsmálum. Sýslumaður hefur yfirleitt skrifað á skjölin hvenær þau voru lögð fram og fyrir hvaða rétt ásamt númeri skjalsins, en oft á tíðum tilheyra mörg skjöl sama málinu og eru þau yfirleitt númeruð í þeirri röð sem þau eru lögð fram. Eins og gefur að skilja geta

[417] *Lovsamling for Island.* I. Bls. 85.
[418] *Lovsamling for Island.* VI. Bls. 435.
[419] *Lovsamling for Island.* XI. Bls. 162.
[420] Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Því dæmist rétt að vera.* Bls. 36.
[421] *Stjórnartíðindi fyrir Ísland. A-deild. 1928.* Bls. 125.
[422] *Lovsamling for Island.* I. Bls. 85.
[423] *Lovsamling for Island.* I. Bls. 89-99.

málskjölin verið alls konar sönnunarskjöl, s.s. vitnisburðir, vottorð, yfirlýsingar, virðingagjörðir, eftirrit annarra dóma o.s.frv.

### *Sýslumaður Ísafjarðarsýslu*

Lítið hefur varðveist af fylgiskjölum með dóms- og þingbókum sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og fylla þau ekki nema um eina öskju. Miðað við hinar sýslurnar sem skoðaðar eru hér stingur umfangið í stúf og gefur til kynna að skjalavarslan hafi ekki verið sem skyldi hjá sýslumönnum Ísafjarðarsýslu á tímabilinu.

Fylgiskjölin geta verið ýmis konar sönnunarskjöl sem lögð eru fram í dómsmálum, s.s. uppskrift eldri dóma, vitnisburður, stefnur og ýmis konar yfirlýsingar. Á skjölunum kemur yfirleitt fram hvenær skjalið var upplesið og lagt fyrir réttinn ásamt númeri skjalsins. Til að byrja með er algengt að fylgiskjölin séu auðkennd með bókstaf en eftir miðja öldina er notast við tölustafi.

Það vekur athygli hversu lítið er varðveitt af fylgiskjölum í Ísafjarðarsýslu en í fyrstu örkinni er að finna ýmis dómsskjöl frá 1816 til 1817 og eru þau nokkuð illa farin og hafa verið viðgerð. Á skjölunum kemur fram að þau hafi verið framlögð við extraréttinn á Eyri 22. maí 1817 og á bakhlið skjalanna má sjá númerun skjalanna með auðkenninu *Littr* [424]*C, D* og *E.*[425] Fylgiskjöl fengu bókstafi til að auðkenna skjölin sem voru framlögð í réttinum og voru þau yfirleitt í stafrófsröð eftir þeirri röð sem þau voru lögð fram. Það er því vísbending um að a.m.k. vanti fylgiskjöl A og B í þessu tiltekna máli.

Næstu fylgiskjöl eru frá 1833 og er því um að ræða 16 ára gat í fylgiskjölunum. Á tímabilinu 1833 til 1882 eru einhver fylgiskjöl varðveitt frá hverju ári með örfáum undantekningum. Eftir 1882 er stórt gat fram til 1920. Í skrá Jóns Þorkelssonar landsskjalavarðar frá 1910 má sjá að þessi elstu dómsskjöl frá 1816 til 1881 voru þá komin í vörslu Landsskjalasafns.[426] Í millitíðinni, áður en næsta afhending á skjölum sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu barst Þjóðskjalasafni árið 1988, hafa skjöl frá því um aldamótin 1900 glatast þegar fangahúsið á Ísafirði brann 1924 eins og minnst hefur verið á og á það einnig við um dómabækur sýslunnar (sjá bls. 14).[427]

### *Sýslumaður Rangárvallasýslu*

Þó nokkuð er varðveitt af fylgiskjölum með dóma- og þingbókum og er umfang þeirra ellefu skjalaöskjur. Skjölin ná frá 1821 og eru, að því virðist, varðveitt nokkuð heilstætt. Á

---

[424] Skv. Meyers Fremmed Ordbog þýðir *Littra* fyrir bókstaf. *Litr* er líklega stytting á því.
[425] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. GB/1, örk 1. Dómskjöl ýmis 1816-1817.
[426] Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 173.
[427] *ÞÍ.* Stj. Í. I. Db. 6, nr. 898. Bruni fangahússins á Ísafirði. Sjá einnig Eyjólfur Jónsson. *Vestfirzkir slysadagar.* II.bindi. 1910-1940. Bls. 244.

skjölunum má sjá nokkuð samviskusamlega skráða tilvísun í bréfadagbók, auðkenni skjalsins ásamt upplýsingum hvenær það var framlagt á þingi. Eftir því sem líður á öldina virðast sýslumenn verða aðeins kærulausari við að skrifa tilvísanir á fylgiskjölin og var bókstöfum skipt út fyrir tölustafi til að auðkenna fylgiskjölin sem lögð voru fram við réttinn.

Mynd 8.



[428]

Mynd 8 sýnir auðkenningu fylgiskjala í rekaþrætumáli frá 1842. Hvert fylgiskjal fær *Littra* númer sem eru bókstafir eins og algengt var á fyrri hluta aldarinnar.[429]

Mynd 9.



[430]

Á mynd 9 má sjá fylgiskjöl númer 23 til 27 við landaþrætumál frá árinu 1872. Aftan á hverju skjali má sjá númer þess og hafa þau líklega verið númeruð í þeirri röð sem þau voru lögð fram. Undir númerunum hefur verið skrifað við hvaða rétt og hvenær skjalið var lagt

[428] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GB/5, örk 31. Fylgiskjöl í rekaþrætumáli 1842.
[429] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GB/5, örk 31. Fylgiskjöl í rekaþrætumáli 1842.
[430] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GB/8, örk 6. Fylgiskjöl í landaþrætumáli 1872.

fram en í þessu tilfelli voru skjölin lögð fram við aukarétt Rangárþings þann 6. ágúst 1872.[431]

Fylgiskjöl við réttarbækur sýslumannsins í Rangárvallasýslu hafa verið nokkuð vel skráð og í geymsluskrá fyrir safnið eru upplýsingar um málsaðila og um hvað málið er ásamt frá hvaða tíma skjölin eru. Í flestum tilfellum eru öll varðveitt fylgiskjöl hvers máls sér í örk og hafa skjölin verið viðgerð svo þau eru í góðu ásigkomulagi. Þrátt fyrir að á tímabili voru færslurnar í dóma- og þingbókunum númeraðar eins og fram hefur komið er ekki að sjá að þau númer hafi skilað sér á fylgiskjölin sem auðkenning.

### *Sýslumaður Snæfellsnessýslu*

Fylgiskjöl með dóma- og þingbókum Snæfellsnessýslu er að finna í sjö öskjum í safninu.[432] Þau ná allt frá 1797 út 19. öldina og virðast vera varðveitt nokkuð heillega. Þau eru hins vegar mjög misjafnlega á sig komin og sjá má mjög illa farin skjöl sérstaklega frá fyrri hluta aldarinnar. Þau hafa þó verið viðgerð og reynt hefur verið að hreinsa sérstaklega elstu skjölin og stöðva skemmdir.

Á skjölunum er nánast undantekningarlaust að finna númer sem vísar í dóma- og þingbók ásamt áritun hvenær og fyrir hvaða þing skjölin voru framlögð. Á fyrri hluta aldarinnar er notast við bókstafi og eins og í fyrri sýslum er tilvísunin auðkennd með *Littr.* ásamt bókstafnum. Auðkennið er yfirleitt að finna á bakhlið skjalsins eða ofarlega í hægra horni. Ásamt því að skjölin hafi orðið fyrir skemmdum eru þau einnig nokkuð skítug og trosnuð á jöðrum. Eftir miðja öldina verða skjölin skaplegri, ekki eins skítug og trosnuð. Þá má einnig sjá oftar tilvísun í bréfadagbók á skjölunum sem sýnir að sýslumaður hefur skráð bréfin inn í bréfadagbók en lagt þau upp sem fylgiskjöl dóma- og þingbóka vegna efnis þeirra í stað þess að leggja þau með öðrum bréfum. Önnur breyting sem verður eftir miðja öldina er að hætt er að notast við bókstafi til að auðkenna númer skjalanna og farið er að notast við tölustafi.[433] Seint á 19. öldinni er algengara að sjá númerun skjalsins í áritun sýslumanns um framlagningu þess fyrir rétti í stað þess að númerun þess er að finna á bakhlið skjalsins eða ofarlega í hægra horni þess.[434]

Fylgiskjölin hafa verið ágætlega skráð og í geymsluskrá með safninu má finna ágætan lista yfir innihald skjalanna. Ekki hefur þó verið skráð niður á málsaðila í öllum tilfellum

431 *ÞÍ.* Sýslumaðurinn Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). GB/8, örk 6. Fylgiskjöl í landaþrætumáli 1872.
432 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. Öskjur GB/1 til 7.
433 *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. Sjá t.d. í öskju GB/4, fylgiskjöl 1842-1860.
434 Sjá til dæmis: *ÞÍ.* Sýslumaður Stykkishólmi. GB/7, örk 15. Fylgiskjöl 1898-1899.

líkt og í geymsluskrá fyrir Rangárvallasýslu en reynt hefur verið að skrá helstu efnistök fylgiskjalanna.[435]

**Dæmi: Sýslumaður Ísafjarðarsýslu stefnir Þorsteini Snæbjörnssyni og Guðríði Eiríksdóttur á þingstað, 17. september 1849.**


[436]

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu
Kunngjörir: að eptir frumprófi, teknu að Stað í Aðalvík í fyrra mánuði er það uppvíst orðið að bóndi Þorsteinn Snæbjörnsson á Altastöðum er orðinn faðir að barni hví er Guðríður Eyríksdóttir stjúpdóttir hans nú á Látrum fæddi þann 8. Júní í vor

[435] *ÞÍ.* Geymsluskrá, Sýslumaður Stykkishólmi. GB – Fylgiskjöl.
[436] *ÞÍ.* Sýslumaðurinn á Ísafirði. GB/1, örk 5. Fylgiskjöl 1846-1849.

því stefnast hjermeð:
nefndur Þorsteinn Snæbjörnsson til að mæta hjer á þingstaðinn Sljettu á morgun, sem og líka tjeð Guðríður Eyríksdóttir, með kvöldstefnufresti til þess þar og þá fyrir rjetti til sakar sinnar að svara og endilegan dóm í málinu að þola. Lögdagslegging er aftekin með Tilskipun frá 3. Júní 1796.

Sljettu þingstað 14. Sept 1849.

M. Gíslason.

[bakhlið bréfs]

Þessa stefnu höfum við eiðsvarnir þingvottar í Sljettuhrepp birt þeim stefndu Guðríði Eyríksdóttur á Látrum og Þorsteini Snæbjörnssyni á Atlastöðum nú í dag á heimilum þeirra vitna undirsvarin ....

15. septbr 1849.

Jón Jónsson Finnbjörn Gestsson

Framlagt á aukaþingi að Sljettu 17. September 1849.
Vottar M. Gíslason.

*Athugasemdir*: Skjalið er stefna sýslumannsins á hendur Þorsteini Snæbjörnssyni og Guðríði Eiríksdóttur að mæta fyrir rétt í máli sínu og heyra dóm uppkveðinn. Skjalið er fylgiskjal með dæminu úr dóma- og þingbók þar sem dómur yfir parinu var uppkveðinn. (Sjá *Dæmi: Dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu. Aukaþing 17. september 1849*. Bls. 137).

Í stefnunni kemur fram að búið sé að halda frumpróf og rannsókn í málinu og niðurstaðan hafi sýnt að Þorsteinn sé í raun faðir barns Guðríðar stjúpdóttur sinnar. Sýslumaður vísar í tilskipun frá 3. júní 1796[437] en tilskipunin fjallar um „réttarins tilhlýðilegu og fljótu framkvæmd" þar sem settar eru fram reglur um málsmeðferð og framkvæmd réttarins í dómsmálum. Í fyrsta kafla tilskipunarinnar er fjallað um skyldu hinna stefndu til að mæta fyrir réttinn á þingdag nema þau verði löglega afsökuð.[438]

*Lagagrundvöllur heimildar*: Forordning ang. Rettens vedbörlige og hurtige Pleie, 3. júní 1796.[439]

*Notkunarmöguleikar*: Fylgiskjöl dóma- og þingbóka eru viðbót við þær upplýsingar sem þar er að finna. Í flestum tilfellum er innihald skjalanna ekki ritað upp í dóma- og þingbækur heldur aðeins vísað í þau og er þar því oft um að ræða ítarlegri upplýsingar en fyrirfinnast í bókunum um ákveðinn hluta málaferlanna. Að því leyti bæta þau við dóma- og þingbækur og geta verið nánari heimildir um einstaka mál. Þetta tiltekna skjal er heimild um embættisverkefni sýslumanna og varpar ljósi á verkferil sýslumanna við dómsstörf.

---

[437] *Lovsamling for Island.* VI. Bls. 232.
[438] *Minnisverð tíðindi.* 1. árg. 2. tbl. Bls. 276-277.
[439] *Lovsamling for Island.* VI. Bls. 232-249.

## Niðurstöður

### Um skjalasöfnin

Sýslumannsembættin eru ein elstu embætti landsins og voru sýslumenn mikilvægur hlekkur í stjórnsýslu landsins allt frá 13. öld. Með tímanum styrktust embætti þeirra og verkefnin urðu formfastari m.a. með konungstilskipunum og veitingarbréfum allt fram á 19. öld. Skjalasöfn sýslumanna hafa varðveist nokkuð vel allt frá fyrri hlut 19. aldar en þorri skjalasafnanna er frá 20. öld. Eins og vikið var að hér í upphafi skapaðist ekki hefð hjá sýslumönnum að afhenda eftirmönnum sínum skjöl sín fyrr en með tilskipun um slíkt m.a. í erindisbréfi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu frá 1789.[440] Áhyggjur af varðveislu skjala sýslumanna höfðu þó komið fram nokkru áður og má til dæmis sjá slíkar áhyggjur endurspeglast í bréfi Þormóðs Torfasonar til Árna Magnússonar frá 28. janúar 1691. Í bréfinu stingur hann upp á því að lögþingsskrifari hjá hverjum lögmanni skuli sjálfur færa dómabækur og sjá til þess að þær séu númeraðar og innsiglaðar. Þá leggur hann einnig til að í öllum sýslum sé búsettur sýslumaður þar sem allar dómabækur hvers sýslumanns skulu varðveittar og „leggist a hvors syslumans gard, þar altid at finnast“.[441]

Það mætti því halda því fram að tilskipun sem skyldaði sýslumenn að halda skipulega utan um skjöl sín og varðveita þau fyrir eftirmann sinn hafi markað nokkur tímamót í varðveislu embættisbóka og skjala sýslumanna og bera þau skjalasöfn sem varðveist hafa og eru í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands þess merki. Í nær öllum sýslum má finna þær bækur og skjöl, sem þeim bar að halda skv. veitingarbréfum og tilskipunum, frá því á fyrri hluta 19. aldar. Fyrir þann tíma er minna varðveitt og eru það helst stöku dóma- og þingbækur sem ná allt aftur til 17. aldar. Rétt eftir aldamótin 1900 skrifaði Jón Þorkelsson landsskjalavörður sýslumönnum bréf og óskaði eftir að þeir afhentu Landsskjalasafni skjöl sín og bækur til varðveislu á safnið. Þessi innköllun skjala varð til þess að þorri sýslumanna sendi Jóni elstu skjöl sín sem markaði upphafið að þeim umfangsmiklu skjalasöfnum sýslumanna sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands í dag. Við rannsókn fyrir þetta verkefni varð ljóst hversu mikilvæg innköllun Jóns var fyrir menningararfinn enda kom það í ljós að í sumum tilfellum vantaði þau skjöl og bækur sem urðu til eftir innköllunina í upphafi 20. aldar. Á níunda áratug 20. aldar hóf Ólafur Ásgeirsson þáverandi þjóðskjalavörður aðra innköllun á skjölum sýslumanna og hófu embættin þá að afhenda Þjóðskjalasafni elstu skjöl sín, sem bárust safninu á árunum 1988 til 1992.[442]

---

440 *Lovsamling for Island.* V. Bls. 626.
441 *Arne Magnusson brevveksling med Torfæus.* Bls. 116-117.
442 Sjá Afhendingarskrá Þjóðskjalasafns Íslands.

Þegar skjalasöfn sýslumanna voru endurskráð á árunum 2008 til 2011 var þeim steypt saman í heilstæð söfn fyrir hvert embætti og má þá glögglega sjá í sumum sýslum að bækur hafi glatast frá því að Jón innkallaði skjöl á sínum tíma. Í seinni afhendingum frá sýslumönnum vantaði í sumum tilfellum elstu bækurnar frá því eftir fyrri afhendingu. Í rannsókninni komu nokkur slík dæmi fram og má þar nefna t.d. að skiptabækur Snæfellsnessýslu vantar fyrir tímabilið 1868 til 1896. Engin slík göt voru í skjölum Rangárvallasýslu en í Ísafjarðarsýslu er 50 ára gat í bréfadagbókum sýslunnar frá 1846 til 1905 og bréfabókum frá 1871 til 1921. Einnig er eyða í bréfasafni sömu sýslu frá 1884 til 1904. Í uppboðsbækur sýslunnar vantar tímabilið 1873 til 1894 og fylgiskjöl með bókunum vantar 1880 til 1924. Þá vantar einnig dóma- og þingbækur frá Ísafjarðarsýslu fyrir árin 1872 til 1900 og fylgiskjöl dóma- og þingbóka frá 1882 til 1920. Líklegt er að flest þessara skjala hafi glatast þegar fangahúsið á Ísafirði brann til kaldra kola 1924 en skjalasafn sýslumanns var geymt þar á þeim tíma. Sú staðreynd rennir einnig stoðum undir mikilvægi innköllunar landsskjalavarðar á elstu skjölum embættanna á sínum tíma. Miðað við hvað skilaði sér í seinni afhendingunni árið 1988 af elstu skjölum Ísafjarðarsýslu má draga þá ályktun að ef ekki hefði verið búið að innheimta skjölin áður hefði lítið sem ekkert varðveist frá 19. öld.

Hvað ástand skjalanna varðar er skjalasafn Rangárvallasýslu áberandi best varðveitt og heillegast. Bækurnar eru yfirleitt mjög snyrtilegar og hreinar og skipulega færðar. Skjalasafn Snæfellsnessýslu var á móti áberandi verst farið og hafa bæði skjöl og bækur í safninu þurft mikla hreinsun og viðgerð. Ekki er búið að gera við öll skjölin í safninu og eru þau sum ansi skítug og illa farin. Gert hefur verið við hluta skjala allra safnanna í framhaldi af afhendingu þeirra á sínum tíma. Eftir endurskráningu safnanna 2011 hefur aftur verið hafist handa við að gera við sýsluskjöl og er þeirri vinnu hvergi nærri lokið.

Í verkefninu var leitast við að finna lagagrundvöll fyrir því af hverju sýslumenn héldu tilteknar bækur og af hverju skjölin mynduðust. Í flestum tilfellum reyndist lagagrundvöllur fyrir heimildinni, annað hvort í veitingarbréfum, tilskipunum eða öðrum tilmælum yfirvaldanna. Bréfadagbækur og bréfabækur voru þó annað mál. Ekki fannst lagatilvísun þar sem sýslumönnum er beinlínis skipað að halda bréfadagbækur en í ritröð um danskar stjórnsýsluheimildir segir um lagagrundvöll bréfadagbóka „[d]et har aldrig været direkte påbudt at føre journal i den danske centraladministration.“[443] Þar kemur einnig fram að með tilmælum (cirkulæreordre) frá 22. ágúst 1740 skyldi leggja bréf eftir

[443] *På embeds vegne*. Bls. 46.

bréfadagbókarnúmerum en engin lagaleg tilskipun hafi verið fyrir því að halda bréfadagbækur.

Líkt og með bréfadagbækur hefur ekki fundist lagagrundvöllur fyrir af hverju sýslumenn héldu bréfabækur. Í bókaflokkinum um danskar stjórnsýsluheimildir er fjallað um bréfabækur dönsku miðstjórnarinnar og segir þar að „[i]ndførelse af brevbøger og brevregistre i forvaltningen, den centrale såvel som den lokale, er ikke sket ved lov, men pga. administrationens behov for let tilgængelig viden om det afsendte breves indhold og udstedelsestidspunkt.“[444] Af því má skilja að bein lagatilskipun sé ekki til staðar og að embættismenn hafi byrjað að halda bréfabækur af þörf fyrir að vita innihald bréfanna sem þeir sendu frá sér. Teljast verður ólíklegt að lagatilskipun hafi verið sett á Íslandi um bækurnar ef slíka tilskipun var ekki að finna um miðstjórn danskrar stjórnsýslu. Hins vegar vekur það óneitanlega furðu þar sem sýslumenn í þeim sýslum sem hér voru skoðaðar sérstaklega virðast allir byrja að halda slíkar bækur á svipuðum tíma, á árabilinu 1819 til 1823. Að auki eru bæði bréfadagbækur og bréfabækur mjög svipaðar í uppsetningu milli sýslnanna sem gefur vísbendingar um að þeir hafi fengið einhver fyrirmæli um hvaða upplýsingar eigi að koma fram í bókunum og hvernig.

Við lauslega skoðun á öðrum sýslum en þeim sem voru til rannsóknar hér kemur í ljós að almennt virðast sýslumenn taka bréfadagbækur og bréfabækur í notkun á byrjun 19. aldar. Nokkrar stakar bækur hafa þó varðveist frá fyrri tíð, t.d. er varðveitt brot úr bréfabók Ísleifs Einarssonar sýslumanns frá 1692 til 1714 í Skaftafellssýslu[445] og í safni sýslumanns Eyjafjarðarsýslu er ein stök bréfadagbók varðveitt sem nær yfir tímabilið 1778 til 1794 og ber hún heitið „Journal over Sysselmand Jon Jacobsens Publiqve Breve og Documenter“.[446] Í Barðastrandarsýslu hefur einnig varðveist bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns frá 17. öld.[447] Nokkrar vísbendingar eru um að sýslumenn hafi byrjað að halda bréfabækur fyrr en bréfadagbækur og má þar til dæmis nefna að í Gullbringu- og Kjósarsýslu var byrjað að halda bréfadagbækur 1803 og bréfabækur árið 1791[448] og í Norður-Múlasýslu byrjar sýslumaður að halda bréfadagbók árið 1816 en bréfabók mun fyrr, eða 1779.[449] Sama má sjá í Þingeyjarsýslu en þá hefst bréfadagbók 1824 en bréfabók 1796.[450]

---

444 *På embeds vegne*. Bls. 34.
445 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal. C/11, örk 1.
446 *ÞÍ*. Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri. A/1, örk 1.
447 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Barðastrandasýslu. C/1, örk 1.
448 *ÞÍ*. Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði. A/1, örk 1 og C/1, örk 1.
449 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu. Sjá A/1 og C/1.
450 *ÞÍ*. Sýslumaðurinn Húsavík. A/1, örk 1 og C/1, örk 1.

Miðað við elstu varðveittu bréfadagbækur og bréfabækur er ljóst að hugmyndin um að halda slíkar bækur er gömul og því er nokkuð undarlegt að tilskipun um að halda bækurnar sé ekki að finna í veitingarbréfum sýslumanna líkt og tilskipunin um að halda aðrar bækur. Sérstaklega í ljósi þess að slíkt var tekið fram í erindisbréfum amtmanna. Erindisbréf Stefáns Þórarinssonar frá 1783 þegar hann var skipaður amtmaður Norður- og austuramts er elsta varðveitta erindisbréf amtmanns eftir að landinu var skipt í tvö ömt.[451] Í erindisbréfinu er fjallað um hvernig skjalavörslu amtmanna skuli háttað og meðal annars segir í 6. gr. bréfsins að amtmönnum beri skylda til að halda journala yfir öll erindi sem þeim berast og afrit útsendra bréfa skyldi skrifað í copiubækur eða bréfabækur.[452]

Þrátt fyrir að ekki hafi fundist bein lagatilskipun um að sýslumenn skyldu halda slíkar bækur má finna tilmæli um slíkt frá Bjarna Thorsteinssyni amtmanni Vesturamts. Í bréfi sem hann sendir sýslumönnum 26. ágúst 1822 segir hann að það að halda bréfadagbækur og bréfabækur sé í takt við góðar venjur og nauðsynlegt embættismanninum til tryggingar. Í bréfinu segist hann nauðbeygður til að gefa sýslumönnum fyrirmæli um að halda slíkar bækur þar sem hann hafi orðið var við að ekki öll embætti haldi bækurnar á viðeigandi hátt. Því fyrirskipar hann að frá þeim tíma sem hann tekur við embætti skuli sýslumenn halda bréfadagbækur þar sem helstu efnisatriði bréfsins komi fram ásamt því að halda bréfabók þar sem innfæra skuli öll útsend bréf embættisins, bæði í samræmi við skema sem fylgdi bréfinu. Einkabréf sýslumanna ættu ekki að færast inn í bækurnar. Að auki fyrirskipar hann að halda skuli nafnaregistur með bókunum og tekur hann skýrt fram í bréfinu að bækurnar tilheyri embættinu og sýslumenn skuli afhenda þær eftirmönnum sínum við embættismannaskipti.[453] Leitað var í þremur bréfasöfnum sýslumanna og fannst bréf Bjarna amtmanns í tveimur sýslum en því miður fylgdi skemað sem hann nefnir ekki bréfinu og eitthvað hefur því misfarist að leggja það upp í bréfasafnið.[454]

Af framansögðu verður að teljast nokkuð ljóst að ekki sé til beinn lagagrundvöllur fyrir færslu bréfadagbóka og bréfabóka. Hins vegar, miðað við það sem fram hefur komið, er líklegt að sýslumenn hafi tekið þetta kerfi upp að fyrirmynd amtmanna, einn og einn fyrir 1800, en fleiri taka upp notkun bréfadagbóka og bréfabóka upp úr aldamótum þar til öll embætti eru farin að halda slíkar bækur um 1825 í framhaldi af tilskipun Bjarna Thorsteinssonar amtmanns. Hugsanlega hefur ekki þótt þurfa að setja lagatilskipun um

---

[451] *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907.* Bls. 8.
[452] *Lovsamling for Island.* IV. Bls. 728-740.
[453] *ÞÍ.* Vesturamt. III, 11. Bréfabók 15.8.1822-10.9.1824.
[454] Bréf fannst í bréfasafni sýslumannsins á Hólmavík, B/2, örk 11. Einnig í bréfasafni sýslumannsins á Ísafirði, B/1, örk 6. Bréfið fannst ekki í bréfasafnið sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.

þessar tilteknu bækur þar sem þær innihalda ekki úrskurði eða gjörðir sýslumanns i málum einstaklinga líkt og aðrar bækur sem sýslumönnum bar að halda skv. veitingabréfum og öðrum tilskipunum. Færa má rök fyrir því að ein ástæða þess sé sú að bréfadagbækur og bréfabækur innihalda ekki réttindaskjöl einstaklinga en þau rök er einnig hægt að hrekja með þeirri staðreynd að úrlausn sýslumanna við almennum erindum fólks eru ekki síður mikilvæg en dómsúrskurður eða þinglýsing. Daglega höfðu sýslumenn afskipti af ýmsum málum sem snertu réttindi fólks og því eru þessar bækur mikilvægar til að hægt sé að rekja hvort sýslumaður hafi brugðist við á réttan hátt eins og Bjarni Thorsteinsson nefnir í bréfi sínu til sýslumanna, þetta er þeirra trygging fyrir góðri embættisfærslu. [455]

Veitingarbréf sýslumanna taka breytingum á 19. öld og síðasta veitingarbréfið á 18. öld var fyrir veitingu Barðastrandarsýslu árið 1789 en það er birt í *Lovsamling for Island*. Aðeins fannst eitt veitingarbréf sýslumanns frá 19. öld og er það skipunarbréf Carl Ernst Alexander Fensmarks í embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði frá 1879. Bréfið er varðveitt á Héraðsskjalasafni Ísafjarðar og hljóðar það nokkuð öðruvísi en eldri erindisbréf sýslumanna sem fjallað hefur verið um. Þar kemur einungis fram að hann skuli „være Os som sin rette Konge tro og lydig, holde Rigets For fatingslove og med Troskab og Nid kjærhed opfylde de Pligter, som det han allernaadigst betroede Embeds paalægger ham“.[456] Samkvæmt þessu gerir konungur nú eingöngu þá kröfu að sýslumaður sé trúr og traustur embættismaður konungs. Sýnir þetta að veitingarbréf sýslumanna tóku breytingum á 19. öld og í stað þess að útlista ítarlega skyldur sýslumanna urðu þau almennari og líklega hafa sýslumenn þá unnið beint eftir tilskipunum og almennum leiðbeiningum til sýslumanna, t.d. tilskipun um rétta og hraða málsmeðferð réttarins (Forordning ang. Rettens vedbörlige og hurtige Pleie, 3. júní 1796).[457]

**Um verklag**

Almennt var verklag sýslumanna þannig að þegar erindi bárust voru þau skráð í bréfadagbók eins og lýst hefur verið og á innkomnu bréfin var skrifað tilvísunin í bréfadagbókina. Sýslumenn héldu sérstakt bréfasafn þar sem bréfin voru lögð upp og virðast þau að mestu vera í tímaröð. Ekki er ljóst hvort sú röðun sé upprunaleg röðun bréfanna enda segir Jón Þorkelsson landsskjalavörður að þegar skjölin bárust honum í upphafi 20. aldar höfðu þau riðlast úr skorðum og tekur hann fram að hann raðaði þeim eftir árum en ekki eftir dagbókarnúmerum.[458] Þrátt fyrir að almenna reglan hafi verið að

---

[455] *ÞÍ.* Vesturamt. III, 11. Bréfabók 15.8.1822-10.9.1824.
[456] *Hér.Í.* Kassi 221. Skipunarbréf C.E.A. Fensmark í embætti sýslumanns 1879.
[457] *Lovsamling for Island.* VI. Bls. 232-249.
[458] Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III.* Bls. 42.

leggja innkomin erindi í bréfasafnið má finna mörg bréf með tilvísun í bréfadagbók sýslnanna í öðrum skjalaflokkum. Helst er þau að finna sem fylgiskjöl með dóma- og þingbókum, afsals- og veðmálabókum og skipta- og uppboðsbókum þó þau leynist einnig sem fylgiskjöl með öðrum bókum. Það gefur tilefni til að ætla að sýslumenn hafi látið efni skjalanna ráða því hvar bréfin voru lögð upp. Talin er ástæða til að minnast á þetta hér svo notendur geri sér grein fyrir því að innsend skjöl geti leynst á fleiri stöðum en í bréfasafni embættanna.

Eins og fram kom voru aðrar bækur sem skoðaðar voru hér nánast undantekningalaust löggiltar af æðra yfirvaldi, yfirleitt amtmanni en stundum stiftamtmanni. Enga sérstaka ástæðu er að finna fyrir því af hverju stiftamtmenn löggiltu stundum bækur en verkefnið var almennt í höndum amtmanna eins og fram kemur í veitingarbréfum sýslumanna.[459] Hugsanlega skýring er að frá árinu 1787, þegar Suður- og Vesturamt var klofið í sundur fram til 1872, þegar ömtin voru sameinuð á ný, voru stiftamtmenn einnig amtmenn í Suðuramti.[460] Líklegast hafa þeir þá átt það til að löggilda bækur sýslumanna sem stiftamtmenn enda æðra stjórnvald en amtmenn.

Amtmenn áttu ekki einungis að löggilda bækurnar heldur áttu þeir einnig að skoða þær reglulega. Í erindisbréfi sýslumanns frá 1789 kemur fram að hann átti að sýna amtmanni þær árlega á Alþingi.[461] Í bókunum sem skoðaðar voru mátti á stöku stað sjá kvittun amtmanns eða þess sem skoðaði þær fyrir að bækurnar hafi verið sýndar honum. Til dæmis má sjá slíkar kvittanir í veðbókaskrá sýslumannsins í Rangárvallasýslu en á öftustu síðu bókarinnar hafa skoðunarmenn kvittað fyrir skoðun.[462] Bókin er fyrst skoðuð 1866 og kvittar þá Hilmar Finsen stiftamtmaður fyrir skoðuninni en hann var einnig amtmaður Suðuramts. Amtmenn Suðuramts kvitta næst fyrir skoðun 1873, 1874, 1884 og 1888. Embætti amtmanna var lagt niður 1904 með tilkomu heimastjórnar og hefur þá skoðunarhlutverkið færst yfir til hennar.[463] Klemens Jónsson kvittar fyrir skoðun 1909 en hann var þá landritari og að lokum er það Eggert Briem sem kvittar fyrir skoðun árið 1915 en hann var þá skrifstofustjóri I. skrifstofu (dóms- og kirkjumála).

Af þessu má glögglega sjá að bækurnar voru ekki sýndar amtmanni árlega eins og til var ætlast en þetta tiltekna dæmi er einmitt sérstakt fyrir þær sakir hversu oft bókin virðist

---

[459] Sjá til dæmis 17. grein erindisbréfs sýslumannsins í Barðastrandarsýslu frá 1789. *Lovsamling for Island.* V. Bls. 628-629

[460] *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907.* Bls. 6.

[461] *Lovsamling for Island.* V. Bls. 630. 21. grein.

[462] *ÞÍ.* Sýslumaður Hvolsvelli (Rangárvallasýsla). DA/1, örk 1

[463] *Vef.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. *Embættisskjöl og embættisfærsla amtmanna á Íslandi 1770 til 1904 og amtsráða 1875 til 1907.* Bls. 6-7.

hafa verið sýnd skoðunarmanni. Almennt eru ekki svo margar kvittanir fyrir skoðun að finna í bókum frá 19. öld og virðast þær helst þá vera undir lok aldarinnar og í byrjun þeirra tuttugustu. Af því mætti ráða að eitthvað átak hafi verið gert í þeim málum undir lok 19. aldar.

Landamerkjabækur eru ágætt dæmi um það hvernig lagasetningar höfðu bein áhrif á verkefni sýslumanna en þegar lög um bygging, ábúð og úttekt jarða tóku gildi í janúar 1884 hafa sýslumenn hafist handa við skrásetningu landamerkja í sinni sýslu. Í öllum sýslum verða bækurnar til á árunum 1883-1884 enda kveða lögin á um skylduna til að skrá landamerki jarða í byggingabréf ef byggja átti hana.[464] Í Snæfellsnessýslu má sjá á skýrslum hvernig verklag sýslumannsins hefur verið en hann hefur sent umboðsmenn um sýsluna til að skrifa upp landamerki. Til dæmis hefur Ásmundur Sveinsson, umboðsmaður Arnarstapaumboðs og Skógarstrandarumboðs á árunum 1882 til 1885,[465] farið um sitt umboðssvæði og skrifað upp landamerki og fengið vottun og samþykki hlutaðeiganda, leiguliða og umráðamanna jarðanna. Þessum skýrslum hefur hann svo skilað inn til sýslumanns til innfærslu í landamerkjabók. Sambærilegar skýrslur er ekki að finna í landamerkjabókum hinna sýslnanna en landamerkjabók Snæfellsnessýslu er nokkuð frábrugðin bókum hinna sýslanna að því leyti. Þrátt fyrir að slíkar skýrslur séu ekki í landamerkjabókum Ísafjarðarsýslu og Rangárvallasýslu má þó sjá að átak í skráningu landamerkja fer af stað í kjölfar laganna 1884. Í Ísafjarðarsýslu eru langflest landamerkin skráð á árunum 1883 til 1892 og í Rangárvallasýslu til 1896.

### Embættisfærsla sýslumanna

Þegar embættisfærsla sýslumanna er skoðuð má oft sjá breytingar á verklagi eða skráningu sem rekja má til embættisskipta. Í bréfasafni Ísafjarðarsýslu mátti sjá samviskusemi sýslumanns endurspeglast í safninu. Svo virðist sem í upphafi væru sýslumenn nokkuð samviskusamir í starfi sínu og skráðu tilvísanir í bréfadagbækur á bréfin eins og venja var til. Eftir því sem líður á embættistímann fækkar þessum tilvísunum áberandi. Til dæmis er nokkur óreiða á bréfasafni sýslunnar í tíð Eggerts Ólafs Briem á árunum 1845 til 1848. Þegar Magnús Gíslason tekur við má greina samviskusemi í upphafi embættistíma hans en undir lok hans fer hún þverrandi. Erlendur Þórarinsson tekur við 1854 og virðist vera samviskusamur í upphafi en þó fer tilvísunum í bréfadagbækurnar fækkandi eftir því sem á líður.

---

464 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland. 1884. A* (Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða. 12. janúar 1884.) Bls. 14.
465 Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár.* I. bindi. Bls. 105.

Skjalasafn sýslumannsins var geymt í fangahúsinu á Ísafirði og þegar það brann árið 1924 glötuðust skjöl og bækur hans frá seinni hluta 19. aldar og fram til ca. 1920 en yngri skjöl voru þá geymd á skrifstofu sýslumanns.[466] Sökum þessa vantar nokkuð af bókum og skjölum frá Ísafjarðarsýslu svo ekki er unnt að fá nákvæma mynd af embættisfærslu sýslumanna frá þeim tíma. Þó má nefna að Stefán Bjarnason, sem hélt embættinu frá 1858 til 1878, virðist hafa verið nokkuð óskipulagður í sinni embættisfærslu. Til dæmis sést það í bréfabók sýslunnar 1865 til 1871, en hún hefur m.a. verið notuð fyrir uppköst að bréfum og sjá má krot og pár hingað og þangað í bókinni. Það styðja einnig færslur í skiptabók sýslunnar frá svipuðum tíma en afskaplega fáar færslur er að finna frá 1866 fram til 1872 og þá er eyða fram til 1879 þegar færslum fer aftur fjölgandi. Litlar líkur eru á að engin skipti hafi farið fram á þessum tíma og gefur það til kynna að sýslumaður hafi látið hjá liggja að færa inn skipti í skiptabók.

Þegar skjalaumfang í Ísafjarðarsýslu er skoðað vekur það einnig athygli að mun færri skjöl og bækur virðast hafa varðveist þaðan er úr hinum sýslunum sem skoðaðar voru. Það skýrist ekki eingöngu af því hversu margar bækur og skjöl hafa glatast frá seinni hluta 19. aldar, t.d. í brunanum 1924, og til dæmis hafa aðeins varðveist 11 dóma- og þingbækur frá Ísafjarðarsýslu á tímabilinu 1790 til 1872 á móti 22 í Rangárvallasýslu og 26 úr Snæfellsnessýslu fyrir alla 19. öldina. Fylgiskjöl dóma- og þingbóka eru einnig áberandi fæst í Ísafjarðarsýslu en fylgiskjölin fylla aðeins u.þ.b. eina öskju á móti 11 öskjum í Rangárvallasýslu og sjö öskjum í Snæfellsnessýslu. Annað hvort fóru færri mál fyrir rétt eða þing í Ísafjarðarsýslu eða að embættisfærsla sýslumanna Ísafjarðarsýslu er ekki eins nákvæm og í hinum sýslunum. Eini skjalaflokkurinn sem ekki er áberandi minni að umfangi í Ísafjarðarsýslu en hinum sýslunum eru afsals- og veðmálabækur. Sjá nánar í töflu 1.

Tafla 1. Umfang skjala.

| | *Ísafjarðarsýsla* | *Rangárvallasýsla* | *Snæfellsnessýsla* |
|---|---|---|---|
| *A – Bréfadagbækur* | 2 bækur | 17 bækur | 10 bækur |
| *B – Bréf* | 15 öskjur[467] | 47 öskjur | 45 öskjur |
| *C – Bréfabækur* | 8 bækur | 36 bækur | 15 bækur |
| *DA – Veðbókaskrár* | 3 bækur | 1 bók | 1 bók |
| *DB - Afsals- og veðmálabækur* | 9 bækur | 2 bækur | 10 bækur |
| *DC – Landamerkjabækur* | 1 bók | 2 bækur | 1 bók |
| *DD - Þinglýst skjöl* | ¼ úr öskju | 2 öskjur | 9 öskjur |

466 *ÞÍ.* Stj. Í. I. Db. 6, nr. 898. Bruni fangahússins á Ísafirði. Sjá einnig: Eyjólfur Jónsson. *Vestfirzkir slysadagar.* II.bindi. 1910-1940. Bls. 244.
467 Askja er 8 cm að breidd.

| | | | |
|---|---|---|---|
| *EC1 – Skiptabækur* | 12 bækur | 21 bók | 10 bækur |
| *EC2 - Fylgiskjöl skiptabóka* | 4 öskjur | 20 öskjur | 14 öskjur |
| *ED1 – Uppboðsbækur* | 4 bækur | 8 bækur | 11 bækur |
| *ED2 - Fylgiskjöl uppboðsbóka* | ½ askja | 1 askja | 1 askja |
| *GA - Dóma- og þingbækur* | 11 bækur | 22 bækur | 26 bækur |
| *GB - Fylgiskjöl réttarbóka* | 1 askja | 11 öskjur | 7 öskjur |

